

# AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020 GREINARGERÐ


25. júní 2009

- © Dalvíkurbyggð 2009
  - © Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. 2009
- Ljósmyndir:
- © Árni Ólafsson (ÁÓ)
  - © Kristján Eldjárn Hjartarson (Keld)

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b> .....	<b>5</b>
1.1	Um aðalskipulag .....	5
1.2	Afmörkun .....	5
1.3	Staða skipulagsmála .....	6
1.4	Skipulagsgögn .....	6
1.5	Ágrip .....	6
<b>2</b>	<b>Helstu forsendur</b> .....	<b>9</b>
2.1	Staðhættir .....	9
2.2	Íbúafjöldi og íbúðarhúsnæði .....	12
2.3	Atvinnulíf .....	15
<b>3</b>	<b>Stefna sveitarstjórnar</b> .....	<b>17</b>
3.1	Leiðarljós .....	17
3.2	Meginmarkmið .....	17
<b>4</b>	<b>Landnotkun</b> .....	<b>22</b>
4.1	Almenn atriði .....	22
4.2	Þéttbýli .....	22
4.3	Íbúðarsvæði .....	22
4.4	Svæði fyrir þjónustustofnanir .....	25
4.5	Miðbær .....	26
4.6	Verslunar- og þjónustusvæði .....	27
4.7	Athafnasvæði .....	28
4.8	Iðnaðarsvæði .....	29
4.9	Hafnarsvæði .....	30
4.10	Landbúnaðarsvæði .....	30
4.11	Svæði fyrir frístundabyggð .....	33
4.12	Efnistökusvæði .....	35
4.13	Sorpförgun .....	37
4.14	Opin svæði til sérstakra nota .....	37
4.15	Óbyggð svæði .....	39
4.16	Vötn, ár og sjór .....	39
<b>5</b>	<b>Takmörkun á landnotkun</b> .....	<b>40</b>
5.1	Náttúruverndarsvæði .....	40
5.2	Þjóðminjavernd .....	47
5.3	Vatnsvernd .....	52
5.4	Svæði undir náttúruvá .....	53
<b>6</b>	<b>Samgöngur og veitur</b> .....	<b>55</b>

6.1	Samgöngur.....	55
6.2	Veitur.....	58
<b>7</b>	<b>Umhverfisáhrif.....</b>	<b>60</b>
7.1	Mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlunar.....	60
7.2	Umhverfisskýrsla.....	60
<b>8</b>	<b>Breytingar frá gildandi skipulagsáætlunum .....</b>	<b>71</b>
8.1	Breytingar á framsetningu .....	71
8.2	Breytingar frá aðalskipulagi Dalvíkur 1992-2012 .....	71
8.3	Breytingar frá aðalskipulagi Árskógshrepps 1991-2011.....	73
8.4	Breytingar frá Svæðisskipulagi Eyjafjarðar .....	73
<b>9</b>	<b>Kynning, umfjöllun og samþykkt.....</b>	<b>74</b>
9.1	Kynning og auglýsing.....	74
9.2	Samantekt sbr. j lið 9. gr. laga um umhverfismat áætlana .....	75
9.3	Samþykkt .....	77
<b>10</b>	<b>Skipulagsuppráttur .....</b>	<b>79</b>
<b>11</b>	<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>81</b>
<b>12</b>	<b>Viðauki.....</b>	<b>82</b>
12.1	Reglur um friðland Svarfdæla.....	82
12.2	Reglur um fólkvang í Böggvisstaðafjalli .....	83
12.3	Athugasemdir umsagnaraðila.....	84
12.4	Athugasemdir og afgreiðsla þeirra.....	89
12.5	Sjóvarnargarðar, skýringarupprættir .....	100



# 1 INNGANGUR

## 1.1 UM AÐALSKIPULAG

Aðalskipulag er lögboðin skipulagsáætlun sem nær til eins sveitarfélags og er samþykkt af sveitarstjórn og staðfest af umhverfisráðherra. Hlutverk aðalskipulags samkvæmt skipulags- og byggingarlögum (nr. 73/1997 m.s.b.) er að samræma og móta langtíma stefnu í hinum ýmsu málaflokkum sveitarfélagsins og sýna stefnu sveitarstjórnar um þróun byggðar, landnotkun, landnýtingu, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Aðalskipulagið er því fyrst og fremst stjórnæki sem notað er til þess að ná tilteknum markmiðum um þróun sveitarfélagsins.

Aðalskipulagi er ætlað að tryggja að framkvæmdir í sveitarfélaginu verði samkvæmt fyrirframgerðri áætlun sem allir hagsmunaaðilar hafa samþykkt fyrir sitt leyti. Aðalskipulagið er einnig upplýsinga-brunnur fyrir íbúa sveitarfélagsins, starfsmenn, kjörna fulltrúa, hönnuði og framkvæmdaaðila.

Auk aðalskipulags er í skipulags- og byggingarlögum gert ráð fyrir svæðisskipulagi og deiliskipulagi. Svæðisskipulag nær yfir tvö eða fleiri sveitarfélög og hlutverk þess er að samræma stefnu viðkomandi sveitarfélaga í skipulags- og umhverfismálum. Aðalskipulag er síðan grunnurinn að gerð deiliskipulags fyrir einstök hverfi og byggingarsvæði. Í deiliskipulagi er gerð nákvæm grein fyrir notkun lands, nýtingarhlutfalli reita, húsagerð, tilhögun umferðarkerfis, lóða og byggingarreita.

Í skipulagsgreinargerð er getið um helstu forsendur skipulagsins, sett fram markmið um byggð, umhverfi, atvinnulíf, samgöngur og þjónustukerfi, skilgreindir landnotkunarreitir og sett ákvæði um þá. Aðalskipulagið afmarkar svigrúm til athafna og framkvæmda en setja einnig mörk um nýtingu, t.d. hvernig hagsmunaaðilar geta eða mega nýta sér það svigrúm sem skilgreint er.

Í aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 felst endurskoðun aðalskipulags Dalvíkur 1992-2012 og aðalskipulags Árskógshrepps 1991-2011. Með staðfestingu nýs aðalskipulags falla eldri aðalskipulags-áætlanir úr gildi.

## 1.2 AFMÖRKUN

Sveitarfélagið Dalvíkurbyggð í Eyjafirði varð til árið 1998 við sameiningu Dalvíkurkaupstaðar, Svarfaðardalshrepps og Árskógshrepps.

Nýtt aðalskipulag Dalvíkurbyggðar tekur til alls lands sveitarfélagsins sem er um 600 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Norðurmörk Dalvíkurbyggðar eru í Ófærugjá yst í Ólafsfjarðarmúla. Sveitarfélagsmörkin



*Horft fram Svarfaðardal (Keld)*

fylgja þaðan vatnaskilum í fjallgördunum umhverfis Svarfaðardal, suður og austur fyrir Skíðadal og þaðan þvert yfir Þorvaldsdal í Kötluþjall og til sjávar við Hillur.<sup>1</sup>

Að Dalvíkurbyggð liggur Fjallabyggð að norðan, Sveitarfélagið Skagafjörður að vestan, Hörgárbyggð og Arnarneshreppur að sunnan og Akureyrarkaupstaður að austan en Hríseyjarhreppur var sameinaður Akureyri 2004.

### 1.3 STAÐA SKIPULAGSMÁLA

Fyrir liggja aðalskipulagsáætlanir Dalvíkur 1992-2012 og Árskógshrepps 1991-2011. Ekkert aðalskipulag hefur áður verið gert fyrir Svarfaðardalshrepp og dreifbýlið á Árskógsströnd. Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018 er að nokkru haft til viðmiðunar og ákvæði og afmörkun svæða tekin upp í nýju aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar þar sem það á við en svæðisskipulagið var fellt úr gildi 12. ágúst 2007. Unnið er að gerð nýs svæðisskipulags þar sem fjallað verður um þá skipulagsþætti, sem sveitarfélögin á svæðinu telja ástæðu til að hafa sameiginlega stefnu um.

Aðalskipulag þetta er það fyrsta sem gert er fyrir sveitarfélagið í heild. Tilefni skipulagsgerðarinnar er annars vegar ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 um að allt land sé skipulagsskylt og hins vegar nauðsynleg stefnumótun og áætlanagerð fyrir hið nýja sveitarfélag.

### 1.4 SKIPULAGSGÖGN

Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar er sett fram í greinargerð og á skipulagsupprætti með þéttbýlisupprættum og sveitarfélagsupprætti (á einu blaði).

### 1.5 ÁGRIP

#### 1.5.1 UNDIRBÚNINGUR

Aðalskipulag þetta er fyrsta aðalskipulag Dalvíkurbyggðar og nær það til alls lands sveitarfélagsins. Aðalskipulagið leysir af hólmi eldri aðalskipulagsáætlanir Dalvíkur og Árskógshrepps.

Í aðalskipulaginu kemur fram stefna bæjarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á skipulagstímabilinu, sem er 12 ár.

Vinna við gerð aðalskipulagsins hófst haustið 2004. Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., var ráðin til verksins og hafa Árni Ólafsson arkitekt, Hrund Skarphéðinsdóttir verkfræðingur og Kristján Hjartarson byggingafræðingur unnið að verkinu í samvinnu við umhverfisráð, bæjarstjóra og



Frá íbúðingum í Dalvíkurskóla (ÁÓ)



<sup>1</sup> Svæðisskipulag Eyjafjarðar, bls 29.





Frá íbúðingum í Dalvíkurskóla (ÁÓ)

sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar. Þorsteinn Björnsson bæjartæknifræðingur hafði yfirumsjón með verkinu.

### 1.5.2 STEFNA

Í upphafi verks var unnið að mörkun stefnu fyrir skipulagsvinnuna. Eldri markmið voru yfirfarin og endurskoðuð. Haldnir voru nokkrir undirbúningsfundir með fulltrúum almennings og atvinnulífs svo og sveitarstjórnarmönnum þar sem lögð voru drög að stefnu og markmiðum. Nokkurt hlé varð á vinnunni en eftir íbúðingum sem haldið var á Dalvík 21. október 2006 var hafist handa á ný. Í byrjun árs 2007 lágu fyrir drög að stefnu nýs aðalskipulags þar sem fjallað var um byggð, umhverfi, menningar-, félags- og fræðslumál, samgöngur og tæknimál. Markmiðin eru þrepaskipt með leiðarljós sem eins konar yfirskrift yfir meginmarkmiðum málaflokka og undirmarkmiðum. Stefna sveitarstjórnar er birt í 3. kafla.

### 1.5.3 MEGINATRIÐI SKIPULAGSTILLÖGU

Hér verða talin upp nokkur meginatriði tillögunnar. Útfærsla einstakra þátta og ákvæði eru ekki tíunduð og vísast í viðkomandi kafla þar um. Helstu forsendur eru teknar saman í 2. kafla.

Nýtt aðalskipulag sýnir allt land innan sveitarfélagsmarka í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga. Framsetningu og litanotkun er breytt til samræmis við ákvæði gildandi skipulagsreglugerðar. Landnotkunarreitir eru merktir með einkennisstaf og númeri og er gerð grein fyrir öllum reitum í töflum eða texta um viðkomandi landnotkunarflokk í 4. kafla.

Í aðalskipulaginu er fyrst og fremst lögð áhersla á fjölbreytta búsetukosti, bæði í sveit og þéttbýli, varðveislu og nýtingu landbúnaðarlands og náttúruvernd.

Sett eru ákvæði um nýtingu landbúnaðarlands sem miðast við að ekki verði skertir möguleikar á því að nýta gott landbúnaðarland til landbúnaðarnota og búvöruframleiðslu og eru þau svæði, sem ákvæðin eiga við, afmörkuð sérstaklega. Skilgreint er ákvæðið svigrúm til byggingar íbúðarhúsa og frístundahúsa á lögbylum í sveitarfélaginu án breytingar á aðalskipulagi. Stakar íbúðarhúsalóðir og frístundahúsalóðir eru ekki sýndar á skipulagsuppdraetti heldur einungis svæði með fjórum húsnum og fleiri. Ákvarðað er svigrúm fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað á landbúnaðarsvæðum, t.d. ferðapjónustu. Er miðað við að allt að 1.000 m<sup>2</sup> sérhæfðra bygginga fyrir aðra atvinnustarfsemi geti verið á lögbylum án þess að gera þurfi grein fyrir því í aðalskipulagi. Markmiðið er að auðvelda bændum að skjóta stóðum undir búrekstur sinn og nýta þann húsakost sem fyrir er og stuðla með því að áframhaldandi nýtingu jarðanna.

Á Dalvík eru gerðar talsverðar breytingar þar sem öll áform um byggingarsvæði norðan Brimnesár eru felld út en áhersla lögð á vöxt bæjarins til suðurs m.a. vegna góðra tengsla við skóla- og íþróttasvæði. Afmörkun íbúðarsvæða í norðurhluta bæjarinnar er breytt nokkuð. Einnig er afmörkun landnotkunarreitanna í suðurhlutanum endurskoðuð. Gert er ráð fyrir svæði fyrir blandaða landnotkun, m.a. íbúðarbyggð, meðfram Skíðabraut. Afmörkun miðbæjarsvæðis er endurskoðuð.

Í Laugahlíð er gert ráð fyrir möguleika á stækkun íbúðarþyrpingarinnar. Fallið er frá eldri áformum um frístundabyggð þar.

Við Hauganes er gert ráð fyrir möguleika á smábýlum eða búgörðum í þyrpingu á rúmlega 50 ha. landbúnaðarsvæði. Enn fremur er gert ráð fyrir tiltölulega stórum íbúðarlóðum meðfram ströndinni beggja vegna þorsins.

Á Árskógssandi eru skilgreindir nánar möguleikar á íbúðarbyggð meðfram Aðalbraut í fallegu umhverfi vestan Þorvaldsdalsár.

Að öðru leyti eru engar grundvallarbreytingar gerðar á byggðinni í þéttbýli Dalvíkurbyggðar. Nokkrar breytingar, leiðréttingar og lagfæringar eru gerðar á afmörkun landnotkunarreita og er sumt gert til einföldunar. Til dæmis verður innra gatnakerfi bæjanna ekki hluti aðalskipulagsins heldur einungis stofn- og tengibrautir.

Gert er ráð fyrir að stór svæði og fjöldi náttúruvænna, sem hafa verndargildi vegna náttúrufars en eru ekki vernduð samkvæmt lögum um náttúruvernd, njóti hverfisverndar í samræmi við grein 4.22 í skipulagsreglugerð, og eru sett ákvæði í greinargerð um hvert svæði.

Niðurstöður úr nýlegri fornleifaskráningu byggðarinnar eru birtar í aðalskipulaginu og valdir minjastaðir sem þar eru tilgreindir merktir inn á skipulagsuppdrátt.

Skipulagsuppdráttur er í mælikvarða 1:50.000 (sveitarfélagsuppdráttur) og 1:10.000 (þéttbýlisuppdrættir) á blaðstærð A0. Aftast í greinargerð er smækkaður skipulagsuppdráttur á blaðstærð A3 einungis til glöggvunar á megindráttum þar sem mælikvarði hans gefur ekki kost á lestri smáatriða og merkinga.





Horft yfir á Árskógsströnd. Grenivík í forgrunni. Hauganes til vinstri, Árskógssandur til hægri (ÁÓ)

## 2 HELSTU FORSENDUR

Forsendur aðalskipulagsins voru teknar saman í tveim áfangaskýrslum, sem báru vinnuheitin *Forsendur*, endanlega frágengin í júlí 2008, og *Takmörkun á landnotkun*, október 2007. Meginatriðin eru tilgreind í þessum kafla auk þess sem gerð er grein fyrir forsendum í 5. kafla jafnhliða ákvæðum um takmörkun á landnotkun. Áfangaskýrslurnar eru ítarefni og ekki hluti formlegra skipulagsgagna.

Vinna við gerð aðalskipulagsins hófst árið 2004 og er tímaviðmiðun því með ýmsu móti. Miðað er við talnagrunn frá 2005 og 2007 auk þess sem vissir framreikningar ná til 2019. Þar sem breytingar eru tiltölulega hægar þótti ekki ástæða til algerrar samræmingar t.d. við tímalengd skipulagsins fram til 2020.

### 2.1 STADHÆTTIR

#### 2.1.1 BYGGÐ

Dalvíkurbyggð er þriðja fjölmennasta sveitarfélagið við Eyjafjörð og bjuggu þar tæplega 2.000 íbúar í árslok 2007. Undirstaða byggðarinnar er sjávarútvegur, fiskvinnsla og landbúnaður.

Þrjú þéttbýlisstaðir eru í sveitarfélaginu, Dalvík, Hauganes og Árskógssandur. Þyrping íbúðarhúsa er auk þess í Laugahlíð í Svarfaðardal.

Pungamiðja verslunar og þjónustu í sveitarfélaginu er á **Dalvík** og búa þar rúmlega 1.400 manns. Dalvík er útgerðarbær sem hefur byggst upp frá höfninni. Á Dalvík er fjölbreytt atvinnustarfsemi og góð aðstaða fyrir íþróttir og útivist. Frá Dalvík eru áætlunarsiglingar til Grímseyjar.

**Árskógssandur og Hauganes** eru sjávarþorp á Árskógsströnd. Árskógssandur er norðan við ósa Þorvaldsdalsár og búa þar rúmlega 130 manns. Hauganes er nokkru sunnar á Ströndinni með tæplega 140 íbúa. Áætlunarsiglingar eru frá Árskógssandi til Hríseyjar. Árskógur er við við þjóðveg 82 skammt sunnan Þorvaldsdalsár. Þar er grunnskóli, leikskóli og félagsheimili.

Sveitin er búsældarleg og þéttbýl. Í **Svarfaðardal** og á **Árskógsströnd** er gott landbúnaðarland og hefur ræktun og búskapur mótað fallega byggð og búsetulandslag. Félagshimili er á Húsabakka í Svarfaðardal.

#### 2.1.2 LANDSLAG

Há, svipmikil og vel gróin fjöll setja mark sitt á umhverfið. Svarfaðardalur opnast til sjávar út Upsa-strönd og inn Árskógsströnd. Dalurinn sveigir til vesturs við fjallið Stólinn en austan hans gengur Skíðadalur til suðurs. Hæsta fjallið í sveitarfélaginu er Dýjafjallshnjúkur, 1.456 m á hæð. Svarfaðardalur er um 25 km langur og um 2 km á breidd.

Árskógsströnd er breiðust 3-4 km þar sem Þorvaldsdalur opnast út í Eyjafjörð á milli Kötlufljalls og Krossafjalls. Eins og nafn þessa svæðis og ýmis önnur örnefni bera með sér hefur skógur vaxið þar á

fyrri tíð. Strandlengjan í sveitarfélaginu öllu er alsett víkum og vogum sem áður sköpuðu góða aðstöðu fyrir útræði og sjósókn.<sup>2</sup>

### 2.1.3 JARÐFRÆÐI

Gerð er grein fyrir jarðfræði svæðisins og jarðsögu í grófum dráttum í áfangaskýrslu um forsendur aðalskipulagsins auk umfjöllunar um skriður, snjóflóð og jarðskjálfta í áfangaskýrslu um takmörkun á landnotkun.

Jarðhiti á skipulagssvæðinu er eingöngu lághiti og er hann bundinn ákveðnum sprungustefnum, oftast N-S sprungum. Hitastig vatnsins er yfirleitt á bilinu 20-90°C. Helstu lághitasvæðin eru Hamar og Laugahlíð í Svarfaðardal, á Brimnesborgum og í landi Ytri-Víkur á Árskógsströnd. Þessi svæði hafa verið rannsökuð ítarlega á síðustu árum með jarðeðlisfræðilegum mælingum.

### 2.1.4 VEÐURFAR

Veðurstofa Íslands er með sjálfvirka veðurstöð á Dalvík og á Tjörn er úrkomustöð. Einnig eru úrkomustöðvar í Hrísey og á Akureyri og nýverið lét Vegagerðin setja upp sjálfvirka veðurstöð á Hámundarstaðahálsi.

Veðurbliða getur verið mikil á sumrin og frá 1995 hefur hiti mælst 26 daga yfir 20°C á Dalvík, yfirleitt einu sinni til tvisvar á sumri. Norðan- og norðvestanáttin er tíðari að sumarlagi en að vetri og að sama skapi dregur þá úr suðaustlægum áttum. Ástæðan er hafgolan en hennar gætir víðast í Eyjafirði á sólríkum dögum.

Veturnir geta aftur á móti verið snjóþungir og er almennt snjóþyngra eftir því sem norðar dregur í Eyjafirði. Snjóþungi fram til dala og á heiðum er einnig meiri en almennt gerist. Þetta veldur iðulega ófærð á vetrum. Frost hefur nokkrum sinnum mælst í kringum -15°C en hefur tvívegis mælst undir -20°C frá 1995. Mesta frost mældist 7. mars 1998, -21,7°C.<sup>3</sup>

Í sveitarfélaginu er skjólsælt. Þó geta komið hvassar hviður út við strendur þar sem staðhættir magna vind í vissum áttum í nágrenni hárra og brattrar fjalla. Vestanáttin getur þannig verið varasöm við Árskógsströnd. Norðanátt er hvassasta áttin á Dalvík.


### 2.1.5 GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF

Fjölbreyttur gróður er á skipulagssvæðinu sem skapast bæði af sumarhlýindum og einnig háum fjöllum. Á snjóþungum strandarsvæðum eru einnig fágætar plöntutegundir.

Dæmi um gamlar skógarleifar eru að finna í Karlsárlandi norðan Dalvíkur og á Kónsstaðahálsi í Skíðadal. Þrátt fyrir þetta ber að hafa í huga að gróðurlendi svæðisins er fremur takmarkað að stærð og er það bundið við tiltölulega lítið flatlendi, dalbotna og brattar hlíðar. Þegar sauðfé var flest í högum á þessu svæði er talið að gengið hafi á gróðurlendið. Víða ber á jarðsigi í bröttum fjallshlíðum og eru skriðuföll nokkuð algeng.

<sup>2</sup> Svæðisskipulag Eyjafjarðar, bls 29.

<sup>3</sup> [www.vedur.is](http://www.vedur.is) – umsögn 12. nóv. 2008



Mynd 2.1.4. Vindrós og meðalvindhraði á Dalvík

	Rauverulegt ástand		Náttúrulegt ástand		Mengunarflokkun	Tillaga að langtímamarkmiðum				Tillaga að vöktun	
	Meðaltal mældra gilda	Umhverfismarkaflokkur	Áætluð náttúruleg gildi	Umhverfismarkaflokkur		Mengunarflokkur	Umhverfismörk	Styrkur	Athugasemdir	Æskileg tíðni (ár)	Næsta vöktun
Saurkóli í 100 ml	24	II	8	I	B	A	I	<14	úr 24	3	2005
t-P (µg/l)	26,1	II	18	I	B	A	I	<20	úr 26,1	3	2005
PO <sub>4</sub> -P (µg/l)	4,93	I	6	I	A	A	I	<10	Uppfyllt	3	2009
t-N (µg/l)	230	I	120	I	A	A	I	<300	Uppfyllt	3	2009
NH <sub>4</sub> -N (µg/l)	12,9	II	5	I	B	A	I	<10	úr 12,9	3	2005
TOC (mg/l)	1,49	I	1,4	I	A	A	I	<1,5	Uppfyllt	6	2009
Cu (µg/l)	1,73	II	1	II	A	A	II	<3	Uppfyllt	18	2021
Zn (µg/l)	3,38	I	1	I	A	A	I	<5	Uppfyllt	18	2021
Cd (µg/l)	0,049	II	0,02	II	A	A	II	<0,1	Uppfyllt	18	2021
Pb (µg/l)	0,091	I	0,03	I	A	A	I	<0,2	Uppfyllt	18	2021
Cr (µg/l)	0,306	II	0,4	II	A	A	II	<5	Uppfyllt	18	2021
Ni (µg/l)	0,408	I	0,3	I	A	A	I	<0,7	Uppfyllt	18	2021
As (µg/l)	0,063	I	0,05	I	A	A	I	<0,4	Uppfyllt	18	2021

Fyrstu tveir dálkarnir í töflunni hér að ofan sýna meðaltöl mældra gilda og umhverfismarkaflokka þeirra (rautt letur).

Næstu tveir dálkarnir sýna áætluð náttúruleg gildi og umhverfismarkaflokka þeirra (blátt letur).

Fimmti dálkurinn (litaður) sýnir flokkun árinna eftir mengunarástandi (frávik frá náttúrulegu ástandi).

Fjórir næstu sýna tillögur að langtímamarkmiðum, fyrsti það markmið sem lagt er til, næsti þau umhverfismörk sem árvatnið þarf þá að falla undir, sá þriðji þann efnastyrk sem árvatnið þarf að uppfylla og sá fjórði hversu langur vegur er frá því að markmiðin séu uppfyllt.

Tveir þeir síðustu eru tillögur um vöktun árinna, sá fyrri sýnir æskilega tíðni, sá síðari hvenær næsta vöktun er lögð til.

Af dýralífi ber helst að nefna fuglalíf við óshólma Svarfaðardalsár en þeir eru mikilvægar vetrarstöðvar fugla.

Eyjafjörður er mikilvægur uppeldisstaður fyrir ungfisk af ýmsum tegunum, einkum þorsk og flatfisk. Af fiski í ám sveitarfélagsins ber helst að nefna bleikju í Svarfaðardalsá og Þorvaldsdalsá.

## 2.1.6 ÁR, VÖTN OG STRENDUR

Helstu vatnsföll í sveitarfélaginu eru Svarfaðardalsá, Skíðadalsá, Þorvaldsdalsá á Árskógsströnd og Brimnesá norðan Dalvíkur. Fjölmargar þverár og lækir falla í þessar ár.

Mest er Svarfaðardalsá með Skíðadalsá, sem í hana rennur, 34 km löng dragá með 450 km<sup>2</sup> vatnasvið og rennur til sjávar um friðland Svarfdæla við Dalvík. Um 20 km<sup>2</sup> af vatnasviði Svarfaðardalsár er jökull.<sup>4</sup> Í ánni veiðist bleikja og urriði og einstaka lax.<sup>5</sup>

Stærstu tjarnir eru Hrisatjörn, Ytritjörn, Saurbæjartjörn og Tjarnartjörn sem allar eru innan marka Friðlands Svarfdæla. Af öðrum tjörnum og vötnum má nefna Nykurtjörn, Skeiðsvatn og Gloppuvatn sem öll eru fjallavötn yfir 300 m. yfir sjávarmáli. Allar þessar tjarnir heyra undir 37. grein náttúruverndarlaga um sérstaka vernd.

Á láglandi er víða votlendi, sem er mikilvægt fyrir fuglalíf. Votlent er nyrst í Svarfaðardalnum og á Hillunum á Árskógsströnd eru Vatnamýrar.

Munur á hæsta flóði og lægstu fjöru við Dalvík er 1,36 m og eru litlar líkur taldar á að sjávarflóð valdi usla en ölduhæð getur orðið talsverð. Landbrot hefur verið vandamál við byggðina á Dalvík og á Árskógssandi og sjóvarnargarðar gerðir þar til varnar, sjá skýringarupprætti í viðauka, kafla 12.5.

## Svarfaðardalsá

Í febrúar 2004 var gerð úttekt á Svarfaðardalsá m.t.t. mengunarflokkunar.<sup>6</sup> Markmiðið með verkefninu var að meta náttúrulegt og núverandi ástand árinna, flokka í samræmi við flokkunarkerfi reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og gera tillögur um langtímamarkmið fyrir ástand hennar svo og um umfang og tíðni áframhaldandi vöktunar.

Áin brýtur víða bakka sína og hafa þurft að koma til allmiklar framkvæmdir til þess að draga úr skemmdum þar. Í mestu vorflóðum hefur vatnsborð á Flæðunum orðið svo hátt að flætt hefur inn í kjallara húsa við Flæðaveg. Algengt er að klakastíflur myndist og valdi vetrarflóðum. Mjög mikið flóð varð í ánni við vorleysingar árið 1995.

## Ástand sjávar við strönd Dalvíkurbyggðar

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur eftirlit með ástandi sjávar við hafnir í Dalvíkurbyggð. Sýni, sem tekin voru 2005 og 2006 í og við hafnirnar sýna flest gildi langt undir viðmiðun, þ.e. að hámarks-

<sup>4</sup> Sigurjón Rist 1990

<sup>5</sup> Guðni Guðbergsson 2003

<sup>6</sup> Samstarfsverkefni Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Háskólasetsins í Hveragerði 2004

fjöldi saurkólígerla 100 í hverjum 100 ml. Á tveim stöðum fengust hærri gildi. Annars vegar norðan Dalvíkurhafnar en hins vegar á Hauganesi. Gerð hefur verið hreinsi- og dælustöð á Dalvík með 400 m langri útrás og eru fráveitumál þar komin í gott horf. Á Árskógssandi eru tvær útrásir, sem þarf að lengja til þess að uppfylla reglugerðarákvæði. Bæta þarf úr fráveitumálum á Hauganesi þar sem nokkrar útrásir eru til sjávar. Mikilvægt er að bæta ástand sjávar þar vegna nálægðar fiskvinnslufyrirtækja á staðnum.

### 2.1.7 NÁTTÚRUVÁ

Skipulagssvæðið er fjarri virkum eldstöðvum og hætta á tjóni af völdum eldgosa er minni en víðast hvar annars staðar.




Mjög harður jarðskjálfti (6,2 stig á Richter) reið yfir Norðurland 2. júní árið 1934. Langharðast kom hann niður á Dalvík og nærsveitum og hefur síðan verið nefndur Dalvíkurskjálftinn. Skjálftinn jafnaði fjölmörg hús við jörðu og olli skemmdum á nær öllum mannvirkjum á svæðinu. Þrátt fyrir gríðarlega eyðileggingu varð ekki manntjón. Dalvíkurbyggð flokkast í hæsta áhættuflokk gagnvart jarðskjálftahættu og ber að miða við hönnunarhröðunina 0,4 g.<sup>7</sup>

Ofanflóð, þ.e.a.s. skriður, grjóthrun og snjóflóð, eru þónokkuð algeng í sveitarfélaginu. Þau falla í bröttum hlíðum fjalla og eru þau sérstaklega algeng í Svarfaðardal. Svæði norðan þéttbýlis á Dalvík er skilgreint sem snjóflóðahættusvæði og ber að taka tillit til þess í skipulagi. Fyrir liggur greinargerð 06017, *Könnun á snjóflóðaaðstæðum í Svarfaðardal*, sem Veðurstofa Íslands vann.

## 2.2 ÍBÚAFJÖLDI OG ÍBÚÐARHÚSNÆÐI


Talsverður munur er á íbúapróun á Norðurlandi eystra og á landsvísu. Síðastliðin 10 ár hefur árleg fjölgun íbúa á landinu öllu verið í kringum 1,31% en á síðustu 3 árum 2,18%. Á Norðurlandi eystra hefur íbúum fjölgað mun hægar og fækkaði á árunum 1992-1999. Meðaltalsfjölgun síðustu 10 árin á Norðurlandi eystra var í kringum 0,15%. Í árslok 2007 voru íbúar á Norðurlandi eystra 28.797 talsins.<sup>8</sup>

Í Dalvíkurbyggð bjuggu í árslok 2007 1.951 íbúar. Á síðustu 5 árum liðinnar aldar fækkaði íbúum á Norðurlandi eystra um að meðaltali 0,43% á ári, en frá aldamótum hefur þeim fjölgað aftur um að meðaltali 0,23% á ári. Í árslok 2007 bjuggu á Dalvík 1.414 íbúar, á Hauganesi 138 íbúar og á Árskógssandi 132 íbúar.



<sup>7</sup> Staðlaráð Íslands, Íslenskur staðall


<sup>8</sup> Hagstofa Íslands



Íbúafjöldi í Dalvíkurbyggð 1990-2007 og spár um íbúafjölda til ársins 2029

— DÆMI A, sbr landsmeðaltali  
— DÆMI B, árleg breyting m.v. árin á undan

Íbúaspá, Dalvíkurbyggð		
ÁR	DÆMI A	DÆMI B
2007	1951	1951
2019	2196	1833
2029	2395	1756



ALDURSDREIFING 2007

Í aðalskipulagi Dalvíkur 1992-2012 voru unnar spár um íbúafjölda út það skipulagstímabil. Í árslok 1990 voru Dalvíkingar 1.481 talsins og var áætlað að árið 2000 yrði fólksfjöldinn á bilinu 1.720-1.800, en reyndin var sú að fólki hafði heldur fækkað, og var fólksfjöldi á Dalvík 1.479 manns árið 2000.

## 2.2.1 SPÁ UM ÍBÚAFJÖLDA

Hagstofan vinnur mannfjöldaspá fyrir landið í heild og er þar gert ráð fyrir að árleg fjölgun landsmanna verði um 1% næstu 10 árin en síðan muni hægja á henni þannig að í árslok 2029 verði hún um 0,90%.<sup>9</sup> Framreikningar til 2029 eru hafðir með hér til þess að sýna þær breytingar sem spáð er að muni verða á aldurssamsetningu íbúanna næstu árin eftir lok skipulagstímabilsins enda verða þær tiltölulega snöggar og gefa tilefni til þess að hafa viðbúnað í tíma.

Til þess að meta íbúafjöldann í sveitarfélaginu næstu áratugina er annars vegar litið á dreifbýlið en hins vegar á Dalvík, Hauganes og Árskógssand. Laugahlíð telst með sveitinni.

Íbúafjöldinn er skoðaður út frá þremur dæmum:

- A: Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands fyrir landið allt.
- B: Sama þróun og árin á undan í sveitarfélaginu öllu. (fækkun verði um 0,5%)
- C: Sama þróun og árin á undan á staðnum.

Á þessum grunni má áætla að íbúafjöldi sveitarfélagsins verði um 1.800 – 2.200 manns í lok skipulagstímabilsins.

ÁR	Dalvík			Árskógssandur			Hauganes			Sveitin		
	Hagst.	-0,5%	-0,6%	Hagst.	-0,5%	1,1%	Hagst.	-0,5%	-1,1%	Hagst.	-0,5%	-0,7%
	A	B	C	A	B	C	A	B	C	A	B	C
2007	1.414			132			138			267		
2019	1.591	1.335	1.318	149	125	150	155	130	121	301	252	245
2029	1.736	1.273	1.243	162	119	166	169	124	109	328	240	228

Í grófum dráttum má áætla að íbúar í sveitinni verði um 230 - 300 í lok skipulagstímabilsins, á Dalvík 1.240-1.740, á Árskógssandi 125-150 og á Hauganesi um 120-155.

<sup>9</sup> Talsverðar sveiflur eru í mannfjöldaspám Hagstofunnar milli ára allt eftir að- og brottflutningi erlendra verkamanna og iðnaðarmanna, sem hefur bein áhrif á spárnar. Líklegt má telja að sveiflur af þessum sökum, svo og hugsanlegar sveiflur vegna efnahagslæðarinnar, hafi minni áhrif á Norðurlandi en fyrir austan og á höfuðborgarsvæðinu.

## 2.2.2 ALDURSDREIFING

Hagstofa Íslands hefur einnig framreiknað og áætlað aldursdreifingu landsmanna fram til ársins 2050. Hagstofan vinnur einungis áætlanir fyrir landið í heild en ekki einstök sveitarfélög. Aldursdreifing íbúa Dalvíkurbyggðar fyrir árið 2007 er þekkt og með því að byggja á þeim breytingum sem Hagstofan reiknar með fyrir landið í heild er aldursdreifing íbúa Dalvíkurbyggðar áætluð árin 2019 og 2029. Bent er hér á að utanaðkomandi aðgerðir geta haft mikil áhrif á brott- og aðflutning íbúa. Óvissan í framreikningum er því talsverð.

Hlutfall yngra fólks er ívið hærra í sveitarfélaginu en á landinu öllu en hlutfall fólks á starfsaldri hins vegar lægra. Hlutfall þeirra sem er á eftirlaunaaldri er örlítið hærra í Dalvíkurbyggð en á landsvísu.


Á næstu tveim áratugum verða veigamiklar breytingar á aldursmáningu þjóðarinnar. Hlutfall barna og ungmenna af heildarmannfjölda lækkar, hlutfall fólks á starfsaldri breytist lítið en hlutfall fólks á eftirlaunaaldri hækkar umtalsvert enda hafa lífslíkur fólks aukist og fæðingatiðni dregist saman. Ef lítið er örlítið lengra fram í tímann fer hlutfallstala fólks á starfsaldri einnig að lækka og hlutfallstala aldraðra hækkar ört. Þessar breytingar koma glöggst í ljós í framreikningum mannfjölda í Dalvíkurbyggð þótt að- og brottflutningsmynstur geti hugsanlega haft minni háttar áhrif á tölurnar. Sveitarfélagið þarf eins og öll önnur sveitarfélög á landinu að hafa viðbúnað gagnvart þeim þar sem þjónusta við aldraða verður mun umfangsmeiri og hærra hlutfall af rekstrarkostnaði eftir örfáa áratugi en nú er.

Hins vegar mun þörf fyrir nýtt skólahúsnæði ekki verða eins mikil og mannfjöldatölur gætu bent til ef miðað yrði við núverandi aldursskiptingu. Lækkandi hlutfall skólabarna vegur á móti fjölgun íbúa þannig að tala barna og ungmenna á skólaaldri verður nánast sú sama eftir 20 ár og í dag en til samanburðar myndi fólki á eftirlaunaaldri fjölga um 40 í dreifbýlinu og 105 í þéttbýlinu eða um rúmlega 67% á næstu 20 árum.<sup>10</sup>


### Tilgáta um aldursdreifingu í Dalvíkurbyggð 2019 og 2029 byggð á breytingum á landsvísu

	DALVÍKURBYGGÐ			LANDIÐ		
	2007	2019	2029	2007	2019	2029
Börn; 0-5 ára	7,5%	7,5%	7,0%	8,3%	8,5%	7,9%
Grunnskóli; 6-15 ára	16,0%	15,5%	15,0%	14,4%	13,8%	13,8%
Framhaldsskóli; 16-20 ára	9,7%	9,0%	9,0%	7,3%	6,6%	7,1%
Sérnám, atv.líf; 21-25 ára	6,3%	6,0%	6,0%	7,2%	7,1%	6,8%
Atvinnulíf; 26-66 ára	48,7%	47,5%	44,0%	52,4%	51,2%	48,0%
Eftirlaunaaldur; 67+	11,7%	14,5%	19,0%	10,3%	12,7%	16,3%

<sup>10</sup> Hagstofa Íslands




ALDURSDREIFING - SPÁ 2019




ALDURSDREIFING - SPÁ 2029





Hlutfallsleg skipting starfa eftir atvinnugreinum árið 2000



Hlutfallsleg skipting starfa eftir atvinnugreinum árið 2005

### 2.2.3 ÍBÚÐARHÚSNÆÐI

Í samhengi við breytta aldurssamsetningu og breytingar á lífsháttum hefur meðalfjölskyldan minnkað jafnt og þétt. Barnlausum fjölskyldum fjölgar svo og einstæðum foreldrum og fleiri einstaklingar halda heimili. Einnig eru barnafjölskyldur fámennari en áður var.

Árið 2007 voru 2,55 íbúar á íbúð á landinu öllu. Hjá Fasteignamati ríkisins voru skráðar 707 íbúðir árið 2007 í Dalvíkurbyggð sem gefur 2,76 íbúa á íbúð.<sup>11</sup>

Ekki hefur verið gerð spá um hvernig þessi tala eigi eftir að breytast næstu áratugi fyrir landið í heild. Á höfuðborgarsvæðinu er spáð að hún fari úr 2,6 íbúa á íbúð 2001 í 2,4 íbúa á íbúð á 23ja ára tímabili. Ef reiknað er með svipaðri þróun í Dalvíkurbyggð, það er að árleg fækkun íbúa á íbúð verði í kringum 0,009, verða um 2,65 íbúar á íbúð að meðaltali árið 2019 og 2,57 íbúar á íbúð árið 2029.<sup>12</sup>

Þær spár sem gerðar voru til að segja fyrir um fólksfjölgunina gefa því mismunandi tölur fyrir íbúðapörf, allt frá kyrrstöðu vegna fólksfækkunar upp í þörf fyrir um og yfir 120 íbúðir á skipulagstímabilinu, þar af um 90 á Dalvík.

Landrýmisþörf fyrir nýjar íbúðir fer eftir þéttleika byggðarinnar. Ef miðað verður við þéttleikann 10 íb/ha sem lágmarksþéttleika nýrrar byggðar verður þörf fyrir um 5-8 hektara undir nýja íbúðarbyggð á Dalvík. Ekki verður reiknað með samfelldu byggingarsvæði vegna hugsanlegrar nýrrar byggðar til sveita og því óþarfi að áætla landrýmisþörf hennar vegna.

### 2.2.4 FRÍSTUNDABYGGÐ

Uppbygging frístundahúsa hefur verið talsverð á svæðinu á síðustu árum og áratugum. Einna mest er ásóknin í Svarfaðardal. Í dag eru frístundahús í flestum tilvikum vandaðar byggingar sem notaðar eru allt árið.

## 2.3 ATVINNULÍF

Í Dalvíkurbyggð er framsækið og blómlegt atvinnulíf, útgerð, fiskvinnsla, iðnaður og landbúnaður, sem er grundvöllur búsetu í sveitarfélaginu. Stór hluti annarra atvinnugreina byggist á útgerð og þjónustu við hana. Ársverk í sveitarfélaginu árið 2000 voru 1.036 og árið 2005 voru þau orðin 1.047 og hafði þeim þá fjölgað um 11. Fjölmennustu atvinnugreinarnar á eftir útgerð og fiskvinnslu eru hvers kyns þjónusta, verslun og landbúnaður.

Talsverðar sveiflur hafa verið á fjölda starfandi í atvinnugreinum frá árinu 2000 til 2005<sup>13</sup>, og voru flestir árið 2003 en þá voru 1.090 starfandi í sveitarfélaginu. Segja má að hlutfallaskiptingin hafi að sama skapi riðlast nokkuð. Þó er vakin athygli á því að um visst vanmat gæti verið ræða á fjölda

<sup>11</sup> Fasteignamat ríkisins og Hagstofa Íslands




<sup>12</sup> Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

<sup>13</sup> Nýjustu upplýsingar Hagstofunnar sumarið 2008 voru frá árinu 2005.

starfandi í landbúnaði þar sem mjög oft er aðeins karlinn skráður starfandi við búskap en konan kemur hvergi fyrir í opinberum skráum þótt hún sé bóndi til jafns við hann.

Á árinu 2005 voru 1.038 íbúar á aldursbilinu 21 árs til 66 ára í Dalvíkurbyggð. Hlutfall ársverka af þeim fjölda er nær 100%. Hagstofa Íslands skilgreinir atvinnualdur frá 16 ára til 74 ára og í Dalvíkurbyggð voru íbúar á þeim aldri 1.210 talsins árið 2005. Hlutfall ársverka var 86% af því aldursbili. Ef miðað yrði við sama hlutfall ársverka og mannfjölda áfram þyrfti að gera ráð fyrir annaðhvort fækkun um 75 ársverk eða 130 nýjum ársverkum í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu, allt eftir því hvaða dæmi um mannfjöldaþróun stuðst yrði við. Hér er um mjög grófa nálgun að ræða og mikil óvissa bæði í forsendum og reikningum, t.d. er fjöldi starfa og ársverk ekki sama talan auk þess sem hluti íbúa getur starfað í öðrum sveitarfélögum og hluti starfa í héraðinu eru unnin af íbúum annarra sveitarfélaga.

Líklegt þykir að ný störf skiptist milli atvinnugreina að mestu á svipaðan hátt og núverandi skipting starfa í sveitarfélaginu en þó með auknu vægi starfa í hvers kyns þjónustu og verslun og e.t.v. einhverri fækkun í landbúnaði og fiskvinnslu. Einnig gæti hugsanleg aukin búseta til sveita (án tengsla við landbúnað) og uppbygging vandaðs bæjarumhverfis á Dalvík haft í för með sér ný störf, jafnvel í greinum sem krefjast sérfræðimenntunar og sérhæfingar, sem yrðu auðvelduð með öflugri gagnaveitu.<sup>14</sup>



<sup>14</sup> Gögn um landbúnað frá Búgarði, ráðgjafþjónustu á Norðausturlandi, 2008.



Stóllinn (Keld)



Vetur í Svarfaðardal (Keld)

### 3 STEFNA SVEITARSTJÓRNAR

Íbúafundur var haldið í Dalvíkurbyggð í október 2006. Samantekt á niðurstöðum þess og sjónarmiðum, sem þar komu fram, var m.a. notuð við mótnu stefnu fyrir gerð nýs aðalskipulags. Nokkrir fundir voru haldnir með hagsmunaaðilum, íbúum, stjórnendum og sveitarstjórnarmönnum auk ótal funda umhverfisráðs við mótnu stefnunnar.

Tillaga að stefnu var lögð fram í áfangaskýrslu í ársbyrjun 2008 og afgreidd í bæjarstjórn 19. febrúar 2008. Stefnan er sett fram sem leiðarljós og meginmarkmið í þeim málaflökkum eða viðfangsefnum, sem aðalskipulagið tekur til.

#### 3.1 LEIÐARLJÓS

Stórbrotin náttúrufergurð, landgæði og sterk tengsl við menningu og sögu samfélagsins eru mikilvægar forsendur búsetu, atvinnulífs og aðdráttarafls Dalvíkurbyggðar.

Í Dalvíkurbyggð skulu vera góð búsetuskilyrði fyrir alla. Þar skal vera öflugt, fjölbreytt og framsækið atvinnulíf sem m.a. byggist á sérstöðu svæðisins, sterkum sjávarútvegi og fullvinnslu sjávarafurða, nýsköpun í landbúnaði og menningar- og náttúrutengdri ferðaþjónustu.

Umhverfismál, náttúruvernd og tengsl við sögu og söguminjar skulu höfð að leiðarljósi við skipulag og uppbyggingu byggðar og atvinnulífs.

Dalvík verði eflað sem mikilvægur þjónustukjarni við utanverðan Eyjafjörð.

#### 3.2 MEGINMARKMIÐ

##### 3.2.1 BYGGÐ

- Bæjarstjórn leggur áherslu á fjölbreytta búsetukosti, og að þróun byggðar í sveitarfélaginu öllu endurspegli bestu eiginleika hvers staðar.
- Ávallt verði nægt framboð byggingarlóða, bæði fyrir íbúðarhús og hvers kyns atvinnuhúsnæði.

##### 3.2.2 DALVÍK

- Bæjarstjórn leggur áherslu á sterkan miðbæ, sem verði miðpunktur samgangna og þungamiðja verslunar, þjónustu og menningarlífs, með tengingu við hafnarsvæðið.

- Unnið verði að endurbótum á bæjarmynd og umhverfi þar sem þess er þörf m.a. með þéttingu byggðar. Með þéttingu byggðar verður leitast við að auka hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri bæjarins.
- Á skipulagstímabilinu verði vöxtur bæjarins fyrst og fremst sunnan núverandi byggðar, auk einstakra annarra svæða.
- Gert verði ráð fyrir blöndun húsagerða og íbúðagerða í nýjum íbúðarhverfum.
- Unnið verði áfram að uppbyggingu fjölbreyttrar íþróttaaðstöðu með áherslu á holla hreyfingu, almenningsíþróttir og keppnis- og afreksíþróttir. Gert verði ráð fyrir nýju íþróttahúsi á núverandi íþróttasvæði.

### 3.2.3 ÞORPIN

- Gerð og framboð íbúðarlóða skal taka mið af sérkennum og einkennum hvers staðar eftir því sem kostur er. Þannig verði gefinn kostur á íbúðarbyggð með öðrum eiginleikum en byggðin á Dalvík hefur.
- Fjölbreytni verði í lóðaframboði á Árskógsströnd, þ.e. íbúðarlóðir, iðnaðarlóðir og búgarðalóðir.

#### Árskógssandur:

- Áhersla er lögð á íbúðarbyggð sem nýtur nálægðar við áhugaverð útivistarsvæði upp með Þorvaldsdalsá.
- Gert verði áfram ráð fyrir lóðum fyrir atvinnustarfsemi með ströndinni vestan núverandi byggðar.

#### Hauganes:

- Á Hauganesi verði gert ráð fyrir tiltölulega stórum íbúðarlóðum meðfram ströndinni.

#### Byggðin í Laugahlíð:

- Í Laugahlíð verði íbúðarþyrping sem nýtur eiginleika og nálægðar sveitarinnar. Þar verði gefinn kostur á að breyta lóðum fyrir frístundahús í lóðir fyrir íbúðarhús.

### 3.2.4 SVEITIN

- Stuðlað verði að eflingu sveitanna m.a. með bættum samgöngum og góðum fjarskiptum.
- Gert er ráð fyrir að hefðbundinn búskapur verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum annarra atvinnugreina sem henta slíkum svæðum.
- Nýbygging íbúðarhúsa utan búreksturs á núverandi lögbylum verði heimil í takmörkuðum mæli eftir ákveðnum reglum sem settar verði í aðalskipulagi.



Árskógssandur (Keld)



Hauganes (ÁÓ)





*Horft af Hvarfshnjúk norður yfir Dalvík (Keld)*



*Horft úr minni Þorvaldsdals yfir Árskógsströnd (Keld)*

- Stefnt er að því að gott landbúnaðarland verði áfram notað til búvöruframleiðslu. Ekki verði heimiluð þar önnur landnotkun sem kemur í veg fyrir þá nýtingu.
- Í aðalskipulagi verði settar viðmiðunarstærðir bygginga fyrir annan atvinnurekstur en landbúnað á bújörðum, sem rúmist innan skilgreindra landbúnaðarsvæða.
- Á opnum svæðum utan girðinga og ræktarlanda verða hefðbundnar landnytjar landbúnaðarins heimilar með þeim takmörkunum sem felast í ákvæðum um verndarsvæði þar sem það á við, t.d. um vatnsvernd. Slík svæði eru auk þess opin til almennrar útivistar. Mannvirkjagerð skal þar vera í lágmarki.

### 3.2.5 FRÍSTUNDABYGGÐ

- Taka skal tillit til náttúru og umhverfissjónarmiða við skipulag frístundabyggðar.
- Frístundabyggð skal aðgreina frá annarri byggð með skýrum hætti
- Þar sem aðstæður leyfa kemur til álita að afmarkaðar verði allt að þrjár lóðir fyrir stakstæð sumarhús á núverandi lögbýlum.

### 3.2.6 UMHVERFI

- Tekið skal mið af sjónarmiðum um sjálfbæra þróun samfélags og byggðar við skipulag og uppbyggingu sveitarfélagsins. Unnin verði framkvæmdaáætlun umhverfismála (Std. 21). Allar greinar atvinnulífsins skulu hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi og taka þátt í mótun og eftirfylgni framkvæmdaáætlunar umhverfismála (Std. 21).
- Lögð skal rík áhersla á náttúruvernd og tekið tillit til söguminja við nýtingu lands og landgæða.
- Sérstök áhersla skal lögð á að gera útivistarsvæði sveitarfélagsins aðgengileg og eftirsótt. Það skal gert m.a. með lagningu göngustíga og tengingu við stígakerfi þéttbýlisstaðanna þar sem þess er kostur. Fólkvangurinn í Böggvisstaðafjalli verði þróaður áfram sem útivistarsvæði sumar jafnt og vetur.
- Í aðalskipulagi skal gert ráð fyrir nýlagningu og endurbótum á göngu-, reið- og hjóla-stígakerfi í sveitarfélaginu, og með því stuðlað að aukinni útivist, hollri hreyfingu og vistvænum samgönguháttum.
- Fágæt náttúruvirkirbrigði í Dalvíkurbyggð verði sett undir hverfisvernd, og ákvæði skilgreind í aðalskipulagi.
- Aðgengi að friðlandi Svarfdæla og aðstaða útivistarfólks og náttúruskoðara þar skal skipulagt.
- Skógræktarsvæði verða ekki merkt sérstaklega í aðalskipulagi. Skógrækt, t.d. nytjaskógar, skjólskógar og útivistarskógar, verður heimil á landbúnaðarsvæðum að teknu tilliti til staðháttar og landkosta. Gæta skal sérstakrar varúðar gagnvart landi með sérkenni

eða eiginleika sem skógrækt gæti spillt s.s. verðmætum svæðum vegna náttúrufars, auðlinda, fornleifa og söguminja eða góðu landbúnaðarlandi sem hentar vel til búvöruframleiðslu. Gerð skal grein fyrir slíkum takmörkunum eftir því sem kostur er í aðalskipulagi.

- Í aðalskipulagi skulu settir skilmálar um skógræktaráætlanir. Slíkar áætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og þær lagðar fyrir sveitarstjórn til yfirferðar og samþykktar áður en framkvæmdir hefjast.
- Unnið verði að því að minnka umfang sorps til förgunar m.a. með flokkun og endurvinnslu. Í aðal- og deiliskipulagi skal gert ráð fyrir aðstöðu fyrir slíka vinnslu.

### 3.2.7 ATVINNULÍF

- Bæjarstjórn leggur áherslu á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf sem byggist m.a. á mannauði, gæðum lands og sjávar, aðdráttarafli náttúruferðar og menningarlífs. Stuðlað verði að nýsköpun sem m.a. byggist á hugviti og hátækni í sjávarútvegi og fullvinnslu sjávarafurða, landbúnaði, iðnaði, ferðaþjónustu og öðrum þjónustugreinum.
- Búið verði í haginn fyrir atvinnulífið með því að gera búsetumhverfi og yfirbragð miðbæjarins á Dalvík aðlaðandi, til viðbótar við að skipuleggja nýjar lóðir og athafnasvæði.
- Við skipulag og uppbyggingu þéttbýliskjarnanna skal leggja áherslu á fallett og fjölbreytt bæjarumhverfi sem bæði höfðar til metnaðarfullra fyrirtækja og íbúa.
- Unnið verður að því að efla Dalvíkurhöfn sem uppskipunarhöfn og ferjuhöfn. Gert verði áttak í umhverfismálum hafnarsvæða.
- Leggja skal áherslu á snyrtilegt umhverfi og góðan frágang athafnalóða og fyrirtækja.
- Setja skal skýr markmið í aðalskipulagi um nýtingu landbúnaðarlands til matvælaframleiðslu. Afmarkað verði sérstaklega það landbúnaðarland sem slík takmörkun á landnotkun á við.

### 3.2.8 FÉLAGS- OG FRÆDSLUMÁL

- Lögð skal áhersla á góð uppeldis- og menntunarskilyrði í sveitarfélaginu, góða aðstöðu fatlaðra og aldraðra og góð búsetuskilyrði í heilnæmu og fjölbreyttu umhverfi. Stuðlað skal að öflugu menningar- og félagslífi.
- Gert skal ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu íbúðarbygginga fyrir aldraða, bæði í tengslum við Dalbæ, og í almennri íbúðarbyggð.
- Stefnt er að því að nýbyggingar í sveitarfélaginu, íbúðarhúsnæði og opinberar byggingar, uppfylli kröfur um aðgengi fatlaðra með það að markmiði að minnka þörf fyrir sérhæft húsnæði.



Við Dalvíkurhöfn (ÁÓ)



Félagsheimilið í Árskógi (ÁÓ)





*Þorvaldsdalsá (Keld)*

### 3.2.9 SAMGÖNGUR OG TÆKNIMÁL

- Lögd skal áhersla á bættar samgöngur innan þéttbýlis og utan. Hugað skal sérstaklega að umferðaröryggi allra vegfarenda.
- Í aðalskipulagi skal gert ráð fyrir nýlagningu og endurbótum á samgöngukerfum. Áhersla skal lögd á reiðvegagerð í Svarfaðardal og Árskógströnd, sem tengist saman yfir Hámundarstaðarháls.
- Hugað skal sérstaklega að ferlimálum fatlaðra við skipulag og framkvæmdir m.a. við stígakerfi þéttbýlisins.
- Íbúar alls sveitarfélagsins skulu hafa aðgang að öflugum og öruggum fjarskiptum (sími, tölvusamband, sjónvarp/hljóðvarp).

### 3.2.10 VEITUR

- Tryggja skal þjónustu veitukerfa m.a. með vatnsverndarsvæðum og fráveitumálum verði þannig hagað að ekki verði hætt á umhverfismengun.
- Gera þarf framkvæmdaáætlun fyrir úrlausn fráveitumála á Árskógssandi og Hauganesi. Lokið verði við rotþróaðingu í dreifbýlinu.

## 4 LANDNOTKUN

### 4.1 ALMENN ATRIÐI

#### 4.1.1 MERKING OG AFMÖRKUN REITA

Landnotkunarreitir eru auðkenndir með litum í samræmi við skipulagsreglugerð en einnig með númeri og bókstaf. Reitir eru númeraðir innan ákveðinna svæða sem annars vegar fylgja gömlum sveitarfélagamörkum en hins vegar eðlilegri skiptingu innan þeirra. Númerin eru óháð landnotkun sem er auðkennd með bókstöfum. Verði landnotkun á tilteknum reit breytt breytist litur hans og bókstafsauðkenni en númer verður hið sama. Óbyggð svæði eru að jafnaði ekki merkt nema þar sem getið er um hugsanlega nýtingu þeirra síðar.

Meginregla við afmörkun landnotkunarreita er að fylgja eignamörkum, landfræðilegum mörkum eða miðlínunum aðliggjandi gatna, allt eftir því sem við á hverju sinni. Í þéttbýli mætast landnotkunarreitir í flestum tilvikum á miðlínunum gatna og sýnir samanlagt flatarmál reitanna því heildarflatarmál skipulagðra svæða (án óbyggðra svæða). Nýtingarhlutfall miðast við brúttóstærð reita (að miðlínu gatna).

### 4.2 ÞÉTTBÝLI

Dalvík er þungamiðja verslunar, þjónustu og atvinnulífs í sveitarfélaginu. Íbúðarbyggð og atvinnustarfsemi er auk þess í þorpunum á Ströndinni, Árskógssandi og Hauganesi. Vísir að íbúðarhverfi er einnig í Laugahlíð í Svarfaðardal.

#### 4.2.1 ÞÉTTBÝLISMÖRK

Dregin eru mörk þéttbýlis á Dalvík, Árskógssandi, Hauganesi og Laugahlíð. Aðalskipulag innan þéttbýlismarka er sýnt á þéttbýlisuppráttum.

Þéttbýli Dalvíkur er um 146 ha. Innan þess eru svæði sem ætluð eru til síðari nota en eru á þessu stigi skilgreind sem óbyggð svæði. Þéttbýlismörk Árskógssands eru dregin á sama hátt utan um svæði sem líklegt er að tekin verði undir byggð síðar.

### 4.3 ÍBÚÐARSVÆÐI

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lykta, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð. Opín svæði og leiksvæði í íbúðarhverfum eru ekki sýnd sérstaklega í aðalskipulagi en afmörkun þeirra skal ákveðin í deiliskipulagi.

#### STAÐGREININÚMER

<b>Dalvík</b>	100 – 199	Hafnarsvæði
	200 – 299	Norðurbær
	300 – 399	Miðbær
	400 – 499	Suðurbær
	500 – 599	Dreifbýli
<b>Svarfaðardalur</b>	600 – 699	Svarfaðardalur
<b>Árskógsströnd</b>	700 – 799	Þéttbýli
	800 – 899	Dreifbýli
<b>Svæði sem skarast</b>	900 – 999	

#### LANDNOTKUNARFLOKKAR

<b>I</b>	Íbúðarsvæði
<b>S</b>	Svæði fyrir þjónustustofnanir
<b>M</b>	Miðsvæði
<b>V</b>	Verslunar- og þjónustusvæði
<b>A</b>	Athafnasvæði
<b>I</b>	Iðnaðarsvæði
<b>H</b>	Hafnarsvæði
<b>N</b>	Efnistökusvæði
<b>R</b>	Sorpförgunarsvæði
<b>F</b>	Svæði fyrir frístundabyggð
<b>O</b>	Opín svæði til sérstakra nota
<b>Ó</b>	Óbyggð svæði
<b>L</b>	Landbúnaðarsvæði
<b>Nv</b>	Náttúruverndarsvæði
<b>Pv</b>	Þjóðminjaverndarsvæði
<b>Hv</b>	Hverfisverndarsvæði

#### 4.3.1 DALVÍK

Felld eru út íbúðarsvæði til framtíðarnota utan Brimnesár. Lögð er áhersla á vöxt byggðar til suðurs m.a. vegna góðra tengsla við skóla- og íþróttasvæði. Stærð nýrra íbúðarsvæða tekur mið af mannfjöldaspá í kafla 3.2. Eitthvert svigrúm gæti skapast fyrir nýja íbúðarbyggð í miðbæ með gerð deiliskipulags (sjá kafla 4.5) og vissri endurnýjun byggðarinnar. Einnig er gert ráð fyrir uppbyggingu á reit 111 og blandaðri byggð á reit 406 meðfram aðkomunni í bæinn úr suðri. Svæði 407 (óbyggt svæði) er ætlað framtíðaríbúðarbyggð, sem ekki er talin ástæða til að festa í aðalskipulagi á þessu stigi.

Með nýbyggingum og endurnýjun bygginga í eldri hverfum skal leitast við að bæta bæjarmynd og umhverfi þar sem þess er þörf, t.d. í miðbæ. Gert er ráð fyrir blöndun húsagerða og íbúðagerða í nýjum íbúðarhverfum og miðast þéttleiki byggðar við það, almennt á bilinu 10-15 íb/ha. Þéttleiki einstakra hverfa og reita verður ákvarðaður í deiliskipulagi.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
108-Íb	0,3	Við Grundargötu.	Gamalt og gróíð hverfi, fullbyggt.	Óbreytt.
109-Íb/A	0,7	Við Mýrargötu.	Iðnfyrirtæki og íbúðarhús.	Blanda íbúðarbyggðar og fyrirtækja, sem ekki hafa truflandi áhrif á umhverfið. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
111-Íb	1,5	Við Mýrargötu.	Á reitnum eru m.a. tvö gömul íbúðarhús.	Unnið verði deiliskipulag. Stefnt að því að á reitnum verði byggð hús sem taki mið af stærð, formi og hlutföllum gömlu húsanna á svæðinu. Svæðið kemur einnig til greina fyrir aðflutt, gömul hús.
112-Íb	0,4	Við Skíðabraut.	Fullbyggt	Óbreytt .
115-Íb	0,2	Reitur austan Gunnarsbrautar.	Tvö stök hús. Reiturinn liggur að hafnarsvæði.	Óbreytt.
201-Íb	11,6	Íbúðabyggð utan Lágar.	Reiturinn er sem næst fullbyggður.	Óbreytt. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
202-Íb	3,3	Ofan Böggvisbrautar utan kirkju.	Óskipulagt, óbyggt.	Sérbýlishús, blönduð byggð. Þéttleiki 10-15 íb/ha.
302-Íb	0,2	Sunnan Karlsrauðatorgs.	Stakt hús.	Óbreytt.
303-Íb	1,4	Við Dalbæ sunnan Lágar.	Samþykkt deiliskipulag og uppbygging í gangi.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
311-Íb	16,8	Suðurbærinn.	Fullbyggt hverfi.	Óbreytt.
312-Íb	5,5	Túnahverfi.	Samþykkt deiliskipulag og uppbygging í gangi.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
313-Íb	0,3	Austan Svarfaðarbr., vestan skóla.	Óskipulagt, óbyggt.	Stækkun á svæði 311. Þrjú einbýlishús eða fjögurra íbúða raðhús.
314-Íb	4,9	Hólahverfi.	Samþykkt deiliskipulag og uppbygging í gangi.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
403-Íb/V	0,3	Vegamót.	Stakt hús.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Blanda íbúðarbyggðar og verslunar og þjónustu.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
405-Íb	6,1	Ofan sundlaugar Dalvíkur.	Óskipulagt, óbyggt. Fyrsti áfangi framtíðarbyggðar.	Sérbýlishús, blönduð byggð. Þéttleiki 10-15 íb/ha. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Miðað er við að byggðin vaxi síðar yfir reit 407-Ó.
406-A/Íb/V	1,7	Við Ásgarð.	Óbyggt, óskipulagt. Svæðið verður andlit bæjarins gagnvart aðkomu úr suðri.	Blönduð byggð, almenn atvinnustarfsemi, verslun og þjónusta, íbúðir. Í deiliskipulagi verði tekið mið af mikilvægi svæðisins í bæjarmynd auk þess sem byggðin skýli íbúðarbyggð á reit 407 fyrir umferðarhávaða.

#### 4.3.2 LAUGAHLÍÐ

Laugahlíð er íbúðarbyggð í sveit, sem nýtur nálægðar við opið land. Gert er ráð fyrir möguleika á stækkun íbúðarþyrpingarinnar. Fallið er frá eldri áformum um frístundabyggð þar sem talið er óæskilegt að hafa slíka byggð í návígi við íbúðarbyggð. Ný byggingarsvæði eru bæði norðan og sunnan núverandi byggðar. Þéttleiki byggðar verður mun minni en á Dalvík. Nánari ákvæði um byggðina, þéttleika hennar og eiginleika skulu sett í deiliskipulagi.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
608-Íb	2,3	Íbúðabyggð í landi Tjarnar.	Ein lóð byggð, annars óbyggt land. Land í einkaeign.	Þéttleiki 4 - 5 íb/ha. Húsagerðir taki mið af núverandi byggð.
609-Íb	4,8	Núverandi íbúðabyggð í Laugahlíð.	Sex lóðir byggðar af tíu skv. deiliskipulagi.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
610-Íb	8,9	Stækkun íbúðabyggðar í Laugahlíð.	Innan reitsins er eitt íbúðarhús og eitt frístundarhús, annars er reiturinn óskipulagður.	Þéttleiki 4 - 5 íb/ha. Húsagerðir taki mið af núverandi byggð. Aðliggjandi svæði fyrir frístundahús fellt út.

#### 4.3.3 ÁRSKÓGSSANDUR

Á Árskógssandi eru og verða fyrst og fremst einbýlishús, parhús og raðhús. Felld eru út íbúðarsvæði til framtíðarnota en þess í stað skilgreindir nánar möguleikar á íbúðarbyggð meðfram Aðalbraut í fallettu umhverfi vestan Þorvaldsdalsár. Svæði 702, sem skilgreint er sem óbyggt svæði, er ætlað undir hugsanlega íbúðarbyggð í framtíðinni og verður ekki tekið til annarra nota.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
705-Íb	6,6	Árskógssandur: Núverandi íbúðabyggð.	Núverandi byggð er dreifð og margar lóðir óbyggðar við núverandi gatnakerfi.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Húsagerðir taki mið af núverandi byggð.
706-Íb	1,2	Árskógssandur: Norðan Aðalbrautar.	Tvö stök hús standa á reitnum, annars er reiturinn óskipulagður.	Sérbýlishús, blönduð byggð. Þéttleiki 8-12 íb/ha.
707-Íb	2,7	Árskógssandur: Sunnan Aðalbrautar.	Óbyggt land.	Sérbýlishús, blönduð byggð. Þéttleiki 8-12 íb/ha.

#### 4.3.4 HAUGANES

Samkvæmt fyrirbyggjandi skipulagi íbúðarbyggðar er möguleiki á um 30 íbúðarlóðum á Hauganesi. Fellt er út framtíðarbyggingsvæði í suðurhluta þorpsins. Þess í stað er svæði þar sunnan við, sem áður var skilgreint sem svæði fyrir iðnað og atvinnurekstur, breytt í íbúðarbyggð. Sú byggð nýtur nálægðar við hafið og myndar sveig í áttina að Selá en tengist jafnframt hafnarvæðinu á Hauganesi. Afmarkað er svæði fyrir stórar sjávarlóðir til norðurs frá þorpinu. U.þ.b. 50 m óbyggt opið svæði verður á milli nýrra íbúðarsvæða og strandar. Ákvæði um yfirbragð og eiginleika byggðar verða sett í deiliskipulagi. Vestan þorpsins er gert ráð fyrir búgarðabyggð á landbúnaðarlandi sbr. kafla 4.10.2.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
752-Íb	9,6	Hauganes: Núverandi íbúðabyggð.	Nokkrar lóðir óbyggðar við núverandi gatnakerfi og við nýjar götur vestan byggðar skv. gildandi skipulagi.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Hefðbundin einbýlishúsabyggð. Húsagerðir, stærðir og hlutföll taki mið af þeirri byggð sem fyrir er á svæðinu. 6-8 íb/ha.
753-Íb	3,8	Hauganes: Með ströndinni til suðurs.	Óbyggt land, ræktuð tún. Óskipulagt en skilgreint sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi 1991.	Einbýlishús. 6-8 íb/ha.
755-Íb	9,3	Hauganes: Sjávarlóðir norðan Hauganess.	Óbyggt land, ræktuð tún.	Stórar sjávarlóðir. Einbýlishús. 1-1,5 íb/ha.

#### 4.4 SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Flest stofnanasvæði eru á Dalvík. Utan þéttbýlis eru kirkjustaðirnir Upsir, Tjörn, Urðir, Vellir og Stærri-Árskógur, félagsheimilið Rimar að Húsabakka og í Árskógi eru grunnskóli, leikskóli og félagsheimili. Ekki er gert ráð fyrir nýjum svæðum fyrir þjónustustofnanir utan þéttbýlis.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
304-S	2,1	Dalbæjar-Krflakotsreitir.	Á reitnum er Dalbær, hjúkrunardeild og heimili aldraðra, og leikskólinn Krflakot.	Áframhaldandi uppbygging skv. deiliskipulagi.
305-S	0,7	Dalvíkurkirkja.	Dalvíkurkirkja.	Óbreytt.
307-S	0,5	Heilsugæslureitur.	Fullnýttur.	Óbreytt.
310-S	0,2	Leikskólinn Fagrihvammur.	Einbýlishús sem breytt hefur verið í leikskóla.	Óbreytt.
401-S	3,4	Dalvíkurskóli.	Á reitnum eru skólabyggingar, félagsheimili, íþróttahús og hótél.	Áframhaldandi uppbygging skv. deiliskipulagi.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
402-S/O	5,7	Íþróttasvæðið á Dalvík.	Tjaldsvæði, fótboltavöllur og æfingavöllur.	Stofnanasvæði með útivistargildi. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
404-S/O	4,9	Íþróttasvæði.	Á reitnum er Sundlaug og Íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar, að öðru leyti óbyggt svæði.	Stofnanasvæði með útivistargildi. Áframhaldandi uppbygging íþróttamannvirkja skv. deiliskipulagi.
602-S/O	-	Tjarnarkirkja.	Kirkja og kirkjugarður.	Óbreytt.
605-S/V	1,2	Húsabakki.	Félagsheimili, íbúðarhús og íþróttahúsið Rímar.	Unnið að framtíðarstarfsemi á Húsabakka (Náttúrufræðisetur).
607-S	0,3	Sundskáli Svarfdæla.	Sundlaug.	Óbreytt.
617-S	-	Urðakirkja.	Kirkja.	Óbreytt.
640-S	-	Vallakirkja.	Kirkja.	Óbreytt.
815-S	3	Árskógarskóli.	Grunnskóli, leikskóli og félagsheimili.	Óbreytt.
816-S	-	Stærri-Árskógskirkja.	Kirkja.	Óbreytt.

## 4.5 MIÐBÆR

Á miðsvæði/miðbæ er fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu, sem þjónar sveitarfélaginu öllu og grannsveitarfélögum, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og annarri atvinnustarfsemi, sem ekki hefur truflandi áhrif á umhverfi sitt. Enn fremur er gert ráð fyrir íbúðarbyggð, bæði venjulegum íbúðarhúsum og íbúðum á efri hæðum bygginga, sem hýsa aðra miðbæjarstarfsemi. Stefnt er að fjölbreyttri blöndu verslunar, þjónustu og íbúðarbyggðar, sem líkleg er til þess að móta eftirsóknarvert og áhugavert bæjarumhverfi.

Miðbær sveitarfélagsins er á Dalvík. Hafnarbraut skiptir svæðinu eftir endilöngu en auk þess er svæðinu austan hennar skipt í þrennt þar sem hluti þess hentar ekki til íbúðar m.a. vegna blandaðrar landnotkunar (hafnarsvæði – miðbær). Miðbænum er þannig skipt í fjóra reiti.

Unnið skal að endurbótum á bæjarmynd miðbæjarins með það að markmiði að bæta stöðu hans og eiginleika sem þungamiðju samgangna, verslunar, þjónustu og menningarlífs í sveitarfélaginu. Í deiliskipulagi miðbæjarins skal gera grein fyrir uppbyggingu hans og mótun bæjarmyndar m.a. með nýrri íbúðarbyggð. Nauðsynlegt kann að vera að fjarlægja byggingar, sem eru óviðeigandi í miðbæjarumhverfi og reisa í þeirra stað hús, sem móta ákveðna bæjarmynd með þeim eiginleikum, sem eftirsóknarverðir eru í miðbæ.



Ráðhúsið á Dalvík (ÁÓ)



Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
104-H/M	1	Blandað hafnar- og miðbæjarsvæði austan Hafnarbrautar.	Starfsemi tengd höfninni, verslanir, fiskvinnsla, viðgerðarþjónusta.	Blönduð landnotkun, hafnarsvæði/miðbær. Áframhaldandi uppbygging skv. deiliskipulagi. Ekki gert ráð fyrir íbúðarbyggð.
105-M	0,2	Miðbæjarsvæði austan Hafnarbrautar.	Skrifstofuhúsnæði, veitingahús.	Uppbygging á þjónustu við ferjuhöfn Grímseyjarferju skv. deiliskipulagi. Svæðið er mikilvægt sem tenging miðbæjar við höfnina. Íbúðir ekki heimilar.
106-M	0,6	Miðbær austan Hafnarbrautar og Skíðabrautar.	Íbúðarhús, samkomuhús og veitingahús.	Fjölbreytt miðbæjarstarfsemi og íbúðir. Unnið að uppbyggingu skv. deiliskipulagi.
306-M	4,6	Miðbær vestan Hafnarbrautar.	Meginhluti miðbæjarins, stofnanir, verslun, þjónusta og íbúðir.	Unnið að uppbyggingu skv. deiliskipulagi.

#### 4.6 VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á verslunar- og þjónustusvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi, sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Á svæðum fyrir verslun og þjónustu utan þéttbýlis getur t.d. verið ferðaþjónusta, hótél, ráðstefnusetur, umfangsmikil veitingaþjónusta og bensínstöðvar. Ákveðið svigrúm er fyrir sérhæfðar byggingar fyrir ferðaþjónustu á lögbylum án þess að afmarka þurfi svæði fyrir verslun og þjónustu á aðalskipulagi. Uppbygging nýrrar starfsemi á þessu sviði í sveitinni umfram 1.000 m<sup>2</sup> heildarflatarmál byggingar krefst breytingar á aðalskipulagi sbr. kafla 4.10.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
113-V	0,2	Olís-reiturinn	Bensínstöð.	Óbreytt.
403-Íb/V	0,3	Vegamót.	Stakt hús.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Blanda íbúðarbyggðar og verslunar og þjónustu.
406-A/Íb/V	1,7	Við Ásgarð	Óbyggt, óskipulagt. Svæðið verður andlit bæjarins gagnvart aðkomu úr suðri.	Blönduð byggð, almenn atvinnustarfsemi, verslun og þjónusta, íbúðir. Í deiliskipulagi verði tekið mið af mikilvægi svæðisins í bæjarmynd auk þess sem byggðin skýli íbúðarbyggð á reit 407 fyrir umferðarhávaða.
409-V	0,8	Hótél við Skíðabraut	Hótél	Hótél og ferðaþjónusta í nánum tengslum við aðliggjandi stofnanasvæði.
621-V		Ferðaþjónusta á Skeiði	Ferðaþjónusta (ekki á lögbyli).	Óbreytt.
704-V	0,3	Verslun á Sandinum	Eitt verslunarhús.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.

## 4.7 ATHAFNASVÆÐI

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum svo og verslunum með fyrirferðarmikinn varning, sem síður á heima í miðbæ eða á verslunar- og þjónustusvæðum. Ekki er gert ráð fyrir almennum íbúðum á athafnasvæðum en unnt er að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja s.s. fyrir húsverði. Á landbúnaðarsvæðum er visst svigrúm fyrir atvinnustarfsemi, sem annars er gert ráð fyrir á athafnasvæðum, án þess að skilgreina þurfi þar athafnasvæði sérstaklega sbr. kafla 4.10.

Á Dalvík og Árskógssandi eru athafnasvæði tengd höfninni og hafnarsvæðum. Gert er ráð fyrir blandaðri landnotkun meðfram Skíðabraut þar sem fjölbreytt starfsemi getur mótað aðkomuna að Dalvík.

Gert er ráð fyrir athafnasvæði í Ytra-Holti og á Hrísamóum í tengslum við iðnaðarsvæði þar. Einnig verður áframhaldandi uppbygging á athafnasvæði á Melbrún við Árskóg.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
102-A	1,1	Svæði austan Gunnarsbrautar.	Á svæðinu er fiskvinnsla, lögreglustöð, slökkvistöð og miðstöð hjálparaþvæða. Tveim lóðum óráðstafað.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi.
107-A	5	Við Sandskeið.	Á reitnum er þungavinnuvéla- og verkstæði, steypustöð og endurvinnslustöð sveitarfélagsins. Auk þess skúrar og skemmur sem eru í misgóðu ástandi og í mismikilli notkun.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi. Stefnt er að því að núverandi iðnaðarstarfsemi verði flutt á iðnaðarsvæði 649-I á Hrísamóum.
109-Íb/A	0,7	Við Mýrargötu.	Iðnfyrirtæki og íbúðarhús.	Blanda íbúðarbyggðar og fyrirtækja, sem ekki hafa truflandi áhrif á umhverfið. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
406-A/Íb/V	1,7	Við Ásgarð.	Óbyggt, óskipulagt. Svæðið verður andlit bæjarins gagnvart aðkomu úr suðri.	Blönduð byggð, almenn atvinnustarfsemi, verslun og þjónusta, íbúðir. Í deiliskipulagi verði tekið mið af mikilvægi svæðisins í bæjarmynd auk þess sem byggðin skyli íbúðarbyggð á reit 407 fyrir umferðarhávaða.
408-A	1,2	Á Böggvisstöðum.	Fyrirverandi refabú, nú nýtt sem trésmíða- og verkstæði og geymslupláss.	Óbreytt.
515-A	17,5	Í Ytra-Holti.	Á reitnum er kjúklingabú og bifreiðastöð.	Lóðir fyrir léttan iðnað sem getur verið í grennd við hesthús og kjúklingabú.
659-A	6,5	Á Hrísamóum.	Óskipulagt, óbyggt.	Svæði fyrir fyrirtæki og fyrirferðarmikla starfsemi, sem ekki rúmast inni í þéttbýli. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
703-A	6,7	Á Árskógssandi.	Á reitnum er bruggverksmiðja og skemmur.	Gert ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
812-A	8	Við Melbrún.	Á reitnum er bílaverkstæði, trésmíðaverkstæði útungunarstöð kjúklinga o.fl.	Gert ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun. Uppbygging skv. deiliskipulagi.



Hrísamóar (Keld)

## 4.8 IÐNAÐARSVÆÐI

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér s.s. verksmiðjum, tengivirkjum veitukerfa, veitustöðvum, skólpdælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olfur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

Iðnaðarsvæði í Dalvíkurbyggð eru tvenns konar. Annars vegar eru veitumannvirki, aðveitustöðvar fyrir raforku, dælustöðvar fráveitu og mannvirki hitaveitu en hins vegar iðnaðarsvæði fyrir atvinnufyrirtæki og sorpmóttökustöð. Á Dalvík er gert ráð fyrir einu iðnaðarsvæði, þ.e. fyrir plastverksmiðju nyrst í bænum. Tvö stór iðnaðarsvæði eru afmörkuð utan þéttbýlis, annað ofan Árskógssands, sem ætlað er sem viðbúnaður vegna hugsanlegrar stóriðju sbr. eldri áætlanir í svæðisskipulagi Eyjafjarðar en hins vegar svæði á Hrísamóum, sem skipulagt verður fyrir almenn iðnfyrirtæki og móttöku- og flokkunarstöð fyrir úrgang. Auk nýrra fyrirtækja, sem þar verður hægt að koma fyrir, gefst fyrirtækum og starfsemi, sem hefur neikvæð áhrif á umhverfi sitt og bæjarmynd í þéttbýlinu, kostur á að flytjast þangað.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
101-I	1,5	Sæplast-reitur.	Iðnaðarlóð, plastiðnaður.	Óbreytt.
114-I	3,8	Við Sandskeið.	Á reitnum er þungavinnuvélaverkstæði, steypustöð og gámasvæð sveitarfélagsins.	Vinna að endurnýjun samkvæmt deiliskipulagi.
645-I	1,4	Hitaveitan á Hamri.	Hitaveita.	Óbreytt.
647-I	0,2	Aðveitustöð á Höfðanum.	Aðveitustöð raforku.	Óbreytt.
649-I	31	Svæði á Hrísamóum.	Rýrir lyngmóar og áreyrar, óræktað land. Óskipulagt, óbyggt.	Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér. Svæðinu verði skýlt með trjágróðri.
805-I	107	Svæði ofan Árskógssands.	Lyngmóar og óræktað land. Óskipulagt, óbyggt.	Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér. Heimilt að brjóta landið til ræktunar og nýta til landbúnaðarframleiðslu á meðan ekki er þörf fyrir það undir iðnað.
810-I	10	Hitaveitan á Brimnesborgum.	Hitaveita.	Óbreytt.
823-I	-	Aðveitustöð við Stærri-Árskóg.	Aðveitustöð raforku.	Óbreytt.
D	-	Dælustöðvar fráveitu.	Merktar með hringtáknri á skipulagsupprætti.	Nýjar dælustöðvar á hafnarsvæði. Uppbygging skv. deiliskipulagi.

## 4.9 HAFNARSVÆÐI

Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir stjórn viðkomandi hafnarstjórnar. Þar tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almennt er ekki gert ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er í undantekningartilvikum unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdum starfsemi fyrirtækja s.s. fyrir húsverði.

Hafnarsvæði eru á Dalvík, Árskógssandi og Hauganesi. Ferjusamgöngur eru frá Árskógssandi til Hríseyjar og frá Dalvík til Grímseyjar. Hafnarsvæðin á Hauganesi og Árskógssandi eru fyrst og fremst fiskihafnir og ætlaðar atvinnufyrirtækjum tengdum sjávarútvegi og fiskvinnslu. Fjölbreytt starfsemi er á hafnarsvæðinu á Dalvík bæði tengd sjávarútvegi, vöruflutningum og farþegaskipum. Þar er hluti svæðisins skilgreindur sem blönduð landnotkun, hafnarsvæði og miðbær sbr. kafla 4.5. Á hafnarsvæðum er einnig gert ráð fyrir viðeigandi ferðaþjónustu og aðstöðu fyrir smábáta.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
103-H	10,8	Hafnarsvæðið á Dalvík.	Hafnsækin starfsemi. Ferjuhöfn.	Uppbygging m.a. v/ ferðaþjónustu samkvæmt deiliskipulagi.
104-H/M	1	Blandað hafnar- og miðbæjarsvæði austan Hafnarbrautar.	Starfsemi tengd höfninni, verslanir, fiskvinnsla, viðgerðarþjónusta.	Blönduð landnotkun, hafnarsvæði/miðbær. Áframhaldandi uppbygging skv. deiliskipulagi. Íbúðir ekki heimilar.
701-H	3,7	Hafnarsvæðið á Árskógssandi.	Hafnsækin starfsemi. Ferjuhöfn.	Uppbygging m.a. v/ ferðaþjónustu samkvæmt deiliskipulagi.
751-H	1,4	Hafnarsvæðið á Hauganesi.	Hafnsækin starfsemi.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi.

## 4.10 LANDBÚNAÐARSVÆÐI

Landbúnaðarlandi er skipt í tvo flokka. Annars vegar er mestallt land neðan 300 m hæðarlínu, merkt L1. Afmörkunin þess byggist ekki á greiningu á landnotkun eða staðháttum heldur er um að ræða einfalda viðmiðun. Hins vegar eru svæði, sem afmörkuð eru í grófum dráttum utan um það land sem að öllum líkindum getur talist gott landbúnaðarland sem hentar vel til búvöruframleiðslu (L2). Afmörkunin miðast fyrst og fremst við það land, sem brotið hefur verið til ræktunar en útlínur eru einfaldaðar og svæði sýnd að mestu sem samfelldir fletir. Á þeim svæðum gilda þrengri ákvæði um nýtingu og landnotkun en á L1. Gert er ráð fyrir að hefðbundinn búskapur verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum annarra atvinnugreina sem henta slíkum svæðum.

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir hefðbundnum búrekstri á lögbýlum en einnig annarri atvinnustarfsemi svo sem ferðaþjónustu innan vissra marka. Aðstaða fyrir aðra atvinnustarfsemi s.s. léttan iðnað, sem er innan þeirra marka, sem tilgreind eru síðar í þessum kafla, er ekki sýnd sérstaklega á aðalskipulagsupprætti. Ekki eru sett sérstök ákvæði um byggingar vegna búskapar í aðalskipulagi en vísað til 2. mgr. greinar 4.14.2 í skipulagsreglugerð um deiliskipulag á landbúnaðarsvæðum.



Við Dalvíkurhöfn (ÁÓ)

## Úr Jarðalögum nr. 819/2004

1. gr. Markmið.

„Markmið þessara laga er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.”

### 4.10.1 LANDBÚNAÐARSVÆÐI L1

Vegna grófrar afmörkunar landbúnaðarsvæða L1 eru innan þeirra stór opin svæði með ósnortnu landi. Á opnum svæðum utan girðinga og ræktarlanda verða hefðbundnar landnytjar landbúnaðarins heimilar með þeim takmörkunum sem felast í ákvæðum um verndarsvæði. Slík svæði eru auk þess opin til almennrar útivistar.

Nýrækt krefst ekki breytingar á aðalskipulagi en taka skal mið af verndarákvæðum vegna náttúrufars, minja og fornra samgönguleiða þar sem það á við.

### 4.10.2 LANDBÚNAÐARSVÆÐI L2

Um er að ræða svæði 508-L, 514-L, 613-L, 618-L, 627-L, 661-L, 802-L, 809-L og 825-L, samtals um 4.200 ha. Landbúnaðarsvæði L2 eru afmörkuð í grófum dráttum eftir núverandi ræktarlandi og mörk þeirra einfölduð. Innan þeirra kunna að vera einstök svæði og spildur, sem ekki henta til túnræktar eða akuryrkju t.d. vegna landslags og staðháttar.

Stefnt er að varðveislu þessara svæða til landbúnaðarnota og búvöruframleiðslu. Meginrelgan verður sú að þar verði ekki heimiluð landnotkun, sem kemur í veg fyrir slíka notkun til framtíðar. Skógrækt er æskileg á því landi sem ekki hentar til akuryrkju svo sem vegna bratta eða landgerðar. Ræktun skjólbelta er heimil og æskileg enda stuðlar hún að bættri nýtingu landbúnaðarlandsins.

Áform og umsóknir um breytta landnotkun á landbúnaðarsvæðum L2 þarf því að skoða í hverju tilviki m.a. með því að meta gæði þess lands, sem um ræðir hverju sinni, þörf fyrir breytta landnotkun og samhengi við aðra landnýtingu, þannig að ekki verði gengið gegn meginmarkmiðum um varðveislu góðs landbúnaðarlands með breytingum á landnotkun.

### 4.10.3 BÚGARÐABYGGÐ 821 L

Við Hauganes er gert ráð fyrir möguleika á smábýlum eða búgörðum í þyrpingu á rúmlega 50 ha. landbúnaðarsvæði. Markmiðið er að höfða til íbúa, sem óska eftir búsetukostum í sveitinni með möguleika á minni háttar skepnuhaldi og ræktun umfram það sem heimilt er á íbúðarsvæðum. Miðað er við að aðkoma að þessum landbúnaðarskikum verði frá núverandi vegi. Lega svæðisins miðast við að byggðin verði í nálægð við þéttbýli og njóti þannig hagræðis af þeirri þjónustu sem þar er veitt, svo og nálægð við skóla og leikskóla að Árskógi auk þess sem útsýnis yfir Eyjafjörð nýtur af svæðinu. Unnið verði deiliskipulag svæðisins þar sem skipulagsákvæði verða tilgreind nánar.

### 4.10.4 UMFANG ANNARRAR ATVINNUSTARFSEMI Á LANDBÚNAÐARSVÆÐUM

Á núverandi lögbylum verður heimilt að nýta byggingar og reisa byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað. Fyrst og fremst er átt við atvinnugreinar sem eru eðlileg viðbót við búreksturinn, hafa ekki neikvæð áhrif á umhverfi sitt og styðja við landbúnaðinn, sem áfram verður meginlandnotkun á svæðinu.

Heildarumfang bygginga fyrir aðra atvinnustarfsemi (þar með talda ferðaþjónustu) má vera allt að 1.000 m<sup>2</sup> án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Markmiðið er að auðvelda bændum að skjóta stoðum undir búrekstur sinn og tryggja áframhaldandi nýtingu jarðanna. Umfangsmikill rekstur sem krefst

stærri bygginga verður einungis heimilaður á svæðum sem skilgreind sérstaklega í aðalskipulagi t.d. sem athafnasvæði (dæmi: verkstæði) eða svæði fyrir verslun og þjónustu (dæmi: ferðaþjónusta, veitingarekstur, gístaðstaðir o.þ.h.). Almenn stærðarviðmiðun miðar að því að auðvelda minni háttar uppbyggingu og rekstur sem styður við hefðbundinn landbúnað og búskap á svæðinu. Ef lóðir fyrir slíkan atvinnurekstur eru skildar frá og verða óháðar viðkomandi bújörð eða lögbýli skal gera grein fyrir breyttri landnotkun í aðalskipulagi.

Undir þetta ákvæði fellur almenn ferðaþjónusta s.s. „ferðaþjónusta bænda“, gisting og greiðasala í tengslum við hana. Markmiðið er að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum fyrir almenna ferðaþjónustu með minni háttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Bygging allt að þriggja frístundahúsa í tengslum við slíka ferðaþjónustu er heimil þar sem aðstæður leyfa. Fleiri frístundahús verða einungis byggð á svæðum sem í aðalskipulagi eru skilgreind sem svæði fyrir frístundabyggð.

#### 4.10.5 ÍBÚÐARHÚS

Heimilt er að afmarka lóðir og reisa allt að þrjú íbúðarhús þar sem aðstæður leyfa á núverandi lögbýlum auk núverandi íbúðarhúsa sem tilheyra búrekstrinum. Ný íbúðarhús skulu, eftir því sem við verður komið, nýta sömu heimreið og lögbýlið, vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð og fylgja eftir því sem kostur er byggðarmynstri viðkomandi svæðis. Markmiðið er að ekki verði fjölgað tengingum við þjóðveg, að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt og að nýjum húsum verði komið fyrir í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar.

#### 4.10.6 SKÓGRÆKT

Skógræktarsvæði eru ekki skilgreind sérstaklega á skipulagsupprætti. Skipulagsáætlunin gerir bæði ráð fyrir skógrækt sem atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum og til skjóls, landbóta og útivistar. Þó skal miðað við að gott landbúnaðarland innan svæðis L2 verði áfram nýtt fyrir hefðbundinn landbúnað og matvælaframleiðslu. Einnig skal hugað að varðveislu lyngmóa m.t.t. berjalands og fuglalífs, sérstaklega á svæðum í eigu sveitarfélagsins. Á góðu landbúnaðarlandi, L2, er fyrst og fremst miðað við að stunda skógrækt og skjólbeltarækt til að skýla búpeningi og ræktun. Stefnt er að því að rækta ekki skóg á því landi sem best hentar til akuryrkju, enda slíkt land yfirleitt óhentugt til skógræktar.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000 skal tilkynna nýræktun skóga sem taka yfir 200 ha eða stærra svæði til Skipulagsstofnunar, sem ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna sbr. einnig 3. viðauka laganna. Sama gildir um nýræktun skóga á verndarsvæðum og ruðning á náttúrulegum birkiskógi. Þrátt fyrir að landbúnaðarland sé afmarkað á táknrænan hátt við 300 m hæð yfir sjávarmáli eru stór svæði ofan þeirra marka hefðbundið landbúnaðarland. Um þau gilda sömu heimildir og takmarkanir fyrir skógrækt og á skilgreindum landbúnaðarsvæðum. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000 er þó óheimilt að rækta erlendar tegundir í yfir 500 m hæð yfir sjávarmáli.



Skíðadalur (Keld)

### **27. gr. skipulags- og byggingarlaga, 11. mgr:**

Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

#### **Til skýringar á ákvæðum aðalskipulagins um skógrækt:**

Allar skógræktaráætlanir, aðrar en minni háttar áform s.s. ræktun heimilisgarða og minni skrudgarða, skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til yfirferðar. Ákvæðið er sett til þess að tryggja að skógrækt verði í samræmi við stefnu sveitarstjórnar í aðalskipulagi um skógrækt, náttúruvernd og minjavernd og þar með í samræmi við skipulagsáætlanir eins og áskilið er í skipulags- og byggingarlögum.

Til hægðarauka getur umsækjandi lagt fram fyrirspurn með frumdrögum áætlunar þannig að í upphafi verði metið hvort áætlunin stangist á við markmið sveitarstjórnar og þau ákvæði, sem sett eru í aðalskipulagi um skógrækt, náttúruvernd og minjavernd. Fullunnin áætlun verði síðan lögð fram til yfirferðar.

Skógræktaráætlanir eru ekki framkvæmdaleyfis skyldar en skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til yfirferðar til þess að tryggja að þær verði í samræmi við stefnu sveitarstjórnar um skógrækt, náttúruvernd og minjavernd. Þó þarf ekki að tilkynna minni háttar áform s.s. ræktun heimilisgarða og minni skrudgarða. Áður en farið er í framkvæmdir við skógræktaráætlun undir 200 ha skal leggja fyrir sveitarstjórn gögn um fornleifar og náttúruvinnur þannig að kennileitum í landslagi, jarðmyndunum og búsetuminnjum verði ekki spillt á því svæði sem áætlunin tekur til. Um skógrækt og landgræðslu á landbúnaðarsvæðum gildir að öðru leyti eftirfarandi:

- 1) Taka skal tillit til þekktra fornminja. Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 50 m. Tryggt verði eðlilegt aðgengi að slíkum minjum.
- 2) Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.
- 3) Ekki skal plantað í mýrlendi og þess gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða.
- 4) Þess skal gætt að skógur loki ekki megingönguleiðum (m.a. fornum leiðum milli byggða) og gönguleiðum meðfram strönd, ám og vötnum eða hindri aðgengi að þeim.

Skógrækt er háð takmörkunum á helgunarsvæðum flutningslína raforku sbr. kafla 6.2.4 svo og í grennd við aðrar raflínur.

Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004.

## **4.11 SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ**

Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskýli, þ.e. byggingar sem ekki eru ætlaðar til heilsársbúsetu, óháð eignaraðild eða rekstrarfyrirkomulagi. Svæði með þremur húsum eða færri eru ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti. Innan svæða fyrir frístundabyggð geta verið þjónustumiðstöðvar og smáverslanir tengdar viðkomandi svæði. Óheimilt verður að skrá lögheimili í frístundahúsum í sveitarfélaginu.

Í deiliskipulagi svæða fyrir frístundabyggð skal gera grein fyrir þéttleika byggðar, fjölda og stærð lóða og aðkomu að þeim. Ennfremur skal þar kveðið á um stærð og gerð húsa, efnisnotkun og litaval eftir því sem við á.

Frístundabyggð skal rísa sem mest á samfelldum svæðum. Við deiliskipulagingu skal leitast við að samnýta aðkeyrslu frá þjóðvegi, bílastæði, lagnir, rotþrær, göngustíga og útivistarsvæði. Gera þarf sérstaklega grein fyrir sorphirðu í deiliskipulagi hvers svæðis.

Að jafnaði skal gera ráð fyrir að um fjórðungur lands, sem skilgreint er sem frístundabyggð í aðalskipulagi, verði tekinn frá í deiliskipulagi sem opið svæði til almennrar útivistar í þágu frístundabyggðar á viðkomandi svæði. Í deiliskipulagi skal m.a. sýna gönguleiðir og merkja



útsýnisstaði og aðra staði, sem máli skipta fyrir almenna útivist eftir því sem við á, þannig að komist verði hjá því að lóðir loki leiðum eða svæðum sem hafa gildi fyrir almenning og viðkomandi svæði í heild. Við deiliskipulag frístundabyggðar skal enn fremur taka tillit til skráðra minjastaða, þar á meðal Sveitalangs. Meginregla verði sú að minjastaðir verði utan afmarkaðra lóða.

Þéttleiki frístundabyggðar verði að hámarki 1-2 hús á hektara. Stærð frístundalóða skal að jafnaði vera á bilinu 0,5 til 2,0 ha.

Að jafnaði skulu vera a.m.k. 20 m á milli byggingarreita og byggingarreitir a.m.k. 30 m frá mörkum lögbýla og mörkum landnotkunarreitum.

Á skipulagsupprætti og yfirlitstöflu eru sýnd núverandi svæði fyrir frístundabyggð með fjórum húsum eða fleiri svo og áformuð ný hverfi. Stærð svæða og fjöldi lóða á nýjum svæðum eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Heimilt er að afmarka lóðir og reisa allt að þrjú frístundahús þar sem aðstæður leyfa á núverandi lögbýlum á skipulagstímabilinu. Þau skulu, eftir því sem við verður komið, nýta sömu heimreið og lögbýlið, vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð og fylgja, eftir því sem kostur er og við á, byggðarmynstri viðkomandi svæðis. Fleiri frístundahús verða einungis byggð á svæðum sem í aðalskipulagi eru skilgreind sem svæði fyrir frístundabyggð.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
510-F	3,0	Í landi Upsa.	Óskipulagt, óbyggt.	Nýtt svæði. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
603-F	0,7	Í landi Tjarnar.	Óskipulagt, óbyggt. Svæði í tengslum við tjaldsvæði á Húsabakka.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
606-F	5,7	Syðri Grund	Óskipulagt, óbyggt.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
628-F	18,7	Þverá í Skíðadal.	Óskipulagt, óbyggt.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
629-F	5,1	Í Kóngstaðalandi.	Óskipulagt, 3 hús.	Fullbyggt.
633-F	83,6	Hjaltastaðir.	Óskipulagt, óbyggt.	Skógrækt og frístundahúsabyggð. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
634-F	28,4	Syðra-Hvarf.	Deiliskipulag.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
635-F	23,0	Ytra-Hvarf.	Deiliskipulag.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
637-F	9,2	Í landi Skeggstaða.	Deiliskipulag, 5 hús.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
646-F	21,7	Á Hamri.	Deiliskipulag, 9 hús. Svæðið er tvískipt.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
660-F	2,6	Í landi Skáldalækjar.	Óskipulagt, óbyggt.	Nýtt svæði. Almennir skilmálar. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
813-F	1,8	Norðan Árskógsskóla.	Óskipulagt, tvö eldri íbúðarhús.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
818-F	6,2	Í Stærri-Árskógi.	Deiliskipulag, 3 hús.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
822-F	5,3	Ytri-Vík.	Deiliskipulag, 6 hús.	Fullbyggt.

#### 4.11.1 FJALLASKÁLAR

Núverandi og fyrirhugaðir fjallaskálar og gangnamannaskálar eru merktir á skipulagsupprátt sem frístundabyggð. Heimilt verður án breytingar á aðalskipulagi að reisa nýja skála og neyðarskýli að höfðu samráði við Umhverfisstofnun og sveitarstjórn og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar vegna útgáfu byggingarleyfis.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
619-Fs	-	Fjallaskáli á Heljardalsheiði.	Gamall fjallaskáli.	Endurbygging eða endurnýjun.
630-Fs	-	Gangnamannahús á Krosshóli.	Gangnamannaskáli Stekkjarhús.	Óbreytt.
831-Fs	-	Gangnamannahús í Þorvaldsdal.	Óbyggður.	
519-Fs	-	Kofi á Böggvisstaðadal.	Gamall fjallakofi.	Óbreytt.
520-Fs	-	Fjallaskáli á Reykjaheiði	Óbyggður.	

#### 4.12 EFNISTÖKUSVÆÐI

Skv. bráðabirgðaákvæðum laga nr. 44/1999 m.s.br. um náttúruvernd gilda eftirfarandi ákvæði um efnistökusvæði:

*Eftir 1. júlí 2008 er efnistaka óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, á þeim svæðum þar sem efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við um efnistöku:*

- áætluð er stækkun efnistökusvæðis um 25.000 m<sup>2</sup> eða meira,*
- áætluð efnistaka eftir 1. júlí 2008 er 50.000 m<sup>3</sup> eða meiri,*
- áætluð er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökuastaða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði um 25.000 m<sup>2</sup> eða meira,*
- efnistakan fer fram á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eða á svæði sem fyrirhugað er að verði friðlýst samkvæmt náttúruverndaráætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.*

*Eftir 1. júlí 2012 skal afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 í samræmi við ákvæði VI. kafla laga þessara.*

Lög nr. 104/2006. Lög um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 44/1999.

Í aðalskipulagi er gerð grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er efnistaka s.s. malarnám, sandnám og grjótnám. Listinn byggist á gögnum frá Vegagerðinni. Öll efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og samþykkt heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra svo og ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og VI. kafla laga um náttúruvernd.

Ekki liggur fyrir framkvæmdaleyfi fyrir allar námur sem merktar eru á aðalskipulagsupprætti. Veitt hafa verið tímabundin framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í ám. Efnistökusvæði í árfarvegum geta að vissu marki talist endurnýjanleg auðlind. Við efnistöku úr árfarvegum skal þess gætt að hafa sem minnst áhrif á lífríki ána. Taka ber mið af væntanlegum rannsóknarniðurstöðum þar að lútandi við gerð áætlana um slíka efnistöku. Leita skal umsagnar Veiðimálastofnunar áður en áformað er að taka efni úr ám.

Námurétthöfum er skylt að vinna áætlanir um efnistökusvæði þar sem m.a. er gerð grein fyrir áætluðu efnismagni, vinnslutíma og frágangi að efnisnámi loknu og sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar fyrir notkun þeirra sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og laga nr. 44/1999, gr. 47 og 48 um náttúruvernd. Eftir 1. júlí 2008 varð óheimilt að nýta gamlar efnisnámur án framkvæmdaleyfis óháð stærð þeirra. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og Umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar og afla starfsleyfis hjá heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Gerð er krafa um góða umgengi, skipuleg vinnubrögð og snyrtilegan frágang að lokinni vinnslu.

Flatarmál umfangsmestu efnistökusvæðanna var metið eftir loftmyndum. Tvær námur teljast tilkynningarskyldar skv. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Námurnar voru opnaðar fyrir gildistöku laganna. Önnur þeirra er inni á friðlandi Svarfdæla. Áformað er að nýta námu við Hálsá

(651-N) undir akstursþróttasvæði og verður land mótað til þeirra nota að námuvinnslu lokinni. Gert er ráð fyrir að skjólbelti verði ræktað umhverfis svæðið.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
513-N	-	Ofan Hrafnstaða.	Setnáma.	Notað af bændum. Hálffrágengin.
517-N	-	Neðan Hringsholts.	Setnáma.	Í notkun, hálffrágengin.
614-N	-	Í árfarvegi við Bakka.	Setnáma.	Í notkun.
626-N	-	Í Dælishólum.	Setnáma.	Í notkun.
632-N	1,1	Í farvegi Skíðadalsár við Ytra-Hvarf	Setnáma.	Nýtt tímabundið til vegagerðar, síðan lokuð og frágengin
636-N	1,3	Norðan Ytra-Hvarfs.	Setnáma.	Notað af bændum. Ófrágengin.
639-N	-	Í börðum við Velli.	Setnáma.	Nýtt tímabundið til vegagerðar, síðan lokuð og frágengin.
643-N	-	Sökku.	Setnáma.	Notað af bændum, ófrágengin.
648-N	3/1/0,4	Hrísahöfði, norðan Hrísatjarnar.	Setnáma, innan friðlands Svarfdæla. 3 staðir. Alls um 4,4 ha.	Í notkun. Efnistöku lokið úr tveimur krúsanna og verið er að ganga frá .
651-N	4,7	Við Hálsá.	Setnáma.	Í notkun, ófrágengin.
652-N	1	Á Hálshöfða.	Bergnáma.	Í notkun.
804-N	-	Á Helluhöfða	Bergnáma.	Í notkun.
814-N	2,9	Ofan Árskógréttar.	Setnáma.	Í notkun, hálffrágengin.
832-N		Á sjávarkambi norðan Hauganess	Bergnáma.	Í notkun.

Um mat á umhverfisáhrifum efnistöku.

Samkvæmt 1. viðauka við lög nr.106/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal ávallt meta umhverfisáhrif eftirfarandi framkvæmda:

Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 150.000 m<sup>3</sup> eða meiri.

Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra.

Eftirfarandi efnistaka er tilkynningarskyld skv. 2. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum:

Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 50.000 m<sup>3</sup> eða meiri.

Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra. Efnistaka á verndarsvæðum.

Samkvæmt lögum nr. 57/98 er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi iðnaðarráðherra, hvort sem er á eignarlöndum eða þjóðlendum. Undanþága frá meginreglu á við jarðefni s.s. berg, grjót, mól, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mól og surtarbrand sem landeiganda er heimilt að rannsaka og hagnýta á eignarlandi án leyfis iðnaðarráðherra.

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 44/99 um náttúruvernd skal efnistökusvæði ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár og þarf því að sækja um framkvæmdaleyfi þegar áætlað er að hefja nýtingu að nýju. Náttúruvernd ríkisins getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, enda séu sérstakar ástæður fyrir tímabundinni stöðvum.

Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil minni háttar efnistöka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi skv. 37. gr. laga um náttúruvernd (sjá kafla 3.1.4.) eða svæði sem eru friðlýst eða njóta annarrar verndar skv. köflum 3.1, 3.2 og 3.3.

## 4.13 SORPFÖRGUN

Ekkert sorpförgunarsvæði er í Dalvíkurbyggð. Sveitarfélagið er aðili að Flokkun Eyjafjörður ehf. Sorp er nú urðað á Glerárdal skv. starfsleyfi til 1. júlí 2009. Um sorphirðu gildir m.a. samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000.

Dalvíkurbyggð hefur samþykkt svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í Eyjafirði, sem gildir fyrir tímabilið 2005-2020. Megintilgangur svæðisáætlunarinnar er að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu í Eyjafirði. Við gerð hennar var landsáætlun (UST apríl 2004) höfð til hliðsjónar og byggt á markmiðum hennar.

Dalvíkurbyggð er aðili að uppbyggingu jarðgerðarstöðvar Moltu ehf. í Eyjafjarðarsveit, sem mun vinna moltu úr lífrænum úrgangi sem til fellur í sveitarfélaginu.

Stefnt er að því að komið verði upp fullkomnum urðunarstað á Eyjafjarðarsvæðinu í stað urðunarsvæðis á Glerárdal. Einnig verði opnaðir 2-3 urðunarstaðir á Eyjafjarðarsvæðinu fyrir óvirkan úrgang s.s. steinsteypu, grjót, hreinan jarðveg og gler.

Í svæðisáætluninni eru sett fram mælanleg og tímasett markmið um sorpförgun á svæðinu. Stefnt að umfangsmikilli endurvinnslu og flokkun þannig að umfang úrgangsefna sem þarf að farga og urða verði sem minnst. Einnig er stefnt að fræðslu auk rannsóknar- og tilraunavinnu á þessu sviði. Áætlunin verður endurskoðuð á þriggja ára fresti.

## 4.14 OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með ákveðið útivistargildi þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrudgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, golfvellir, sleða- og skíðasvæði, siglingaáðstaða, hesthús og reiðvellir, rallybrautir og skotvellir svo og garðlönd og trjáræktarsvæði.

Útivistarskógar og lystigarðar, sem hafa sérstakt aðdráttarafl fyrir almenning og eru áfangastaðir ferðamanna, eru sýndir á aðalskipulagsupprætti sem opin svæði til sérstakra nota. Kirkjugarðar eru sýndir sérstaklega. Tjarnarkirkja stendur í kirkjugarði, sem þar með er merktur sem stofnanasvæði. Svæði fyrir skjólbelti utan um athafna- og iðnaðarsvæði í sveitinni eru sýnd sem opin svæði til sérstakra nota þótt þau að öllum líkindum ekki hafa almennt útivistargildi.

Gert er ráð fyrir landmótun, byggingum og öðrum nauðsynlegum mannvirkjum á sérhæfðum svæðum fyrir tómsunda- og íþróttaiðkun.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
301-O	0,8	Lágin.	Grænt svæði og manngerðar tjarnir.	Óbreytt.
308-O	2,1	Norðan Hólavegar.	Almennt útivistarsvæði m.a. með „smá“-golfvelli fyrir börn.	Óbreytt.
309-O	0,7	Kirkjugarður Dalvík.	Kirkjugarður, fyrirhugað stækkun til vesturs.	Unnið skv. deiliskipulagi.
402-O/S	5,7	Íþróttasvæðið á Dalvík.	Tjaldsvæði, fótboltavöllur og æfingavöllur.	Unnið skv. deiliskipulagi.
404-O/S	4,9	Íþróttasvæði.	Á reitnum er Sundlaug og Íþróttamiðstöð Dalvíkurbyggðar. Að öðru leyti óbyggt.	Áframhaldandi uppbygging íþróttamannvirkja skv. deiliskipulagi.
511-O/Nv	306	Böggvisstaðafjall.	Fólkvangur, skíðasvæði, útivistarsvæði.	Óbreytt.
512-O	0,2	Kirkjugarður að Upsum.	Kirkjugarður.	Óbreytt.
516-O	6,9	Hringsholt/ hesthúsasvæði.	Hesthús, reiðvöllur og tjaldsvæði.	Óbreytt.
518-O	0,7	Í Ytra-Holti.	Ungmennafélagsreitir, skógrækt.	Óbreytt.
602-S/O	0,1	Kirkjugarður á Tjörn.	Kirkjugarður og kirkja.	Óbreytt.
604-O	1,3	Húsabakki/ tjaldsvæði/ íþróttasvæði.	Íþróttasvæði og tjaldsvæði.	Óbreytt.
612-O	23,7	Golfsvæði Ytra-Garðshorni.	Golfvöllur. Svæði beggja vegna vegar.	Óbreytt.
616-O	0,1	Kirkjugarður Urðum.	Kirkjugarður.	Óbreytt.
625-O	11,8	Tungurétt og Flatatunga.	Skilarétt og útivistarsvæði.	Óbreytt.
641-O	0,1	Kirkjugarður Völlum.	Kirkjugarður.	Óbreytt.
642-O	9,1	Hánefstaðareitur.	Skógrækt og útivistarsvæði.	Óbreytt.
650-O	5,7	Akstursíþróttasvæði á Hrisamóum.	Akstursíþróttasvæði í núv. efnisnámu.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
658-O	18	Á Hrisamóum.	Skjólbelti utan um iðnaðar- og athafnasvæði.	Ræktun og frágangur sbr. deiliskipulag aðliggjandi svæða.
754-O	4,0	Útivistarsvæði á Hauganesi.	Útivistarsvæði og leiksvæði.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
803-O	61,7	Lækjarbakki / Helluhöfði.	Útivistarsvæði.	Óbreytt.
806-O	37,5	Bakkar Þorvaldsdalsár.	Útivistarsvæði.	Óbreytt.
811-O	13,6	Brimnesborgir.	Skógrækt og útivistarsvæði.	Óbreytt.
817-O	0,4	Kirkjugarður Stærri-Árskógi.	Kirkjugarður.	Óbreytt.
824-O	21	Við iðnaðarlóð á Árskógsströnd.	Skjólbelti utan um iðnaðarsvæði.	Ræktun og frágangur sbr. deiliskipulag svæðis 805-I.
829-O	3,4	Íþróttasvæði við Árskógarskóla.	Íþróttasvæði og tjaldsvæði.	Óbreytt.
830-O	5,9	Fyrirhugað hesthúsasvæði.	Hesthúsahverfi.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.

## 4.15 ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru. Þar er ekki gert ráð fyrir neinum mannvirkjum öðrum en vegslóðum, línulögnum (jarðstrengjum) og gangnamanna- og neyðarskýlum sbr. kafla 4.11. Skógrækt er þar heimil að teknu tilliti til þeirra takmarkana sem felast í náttúruvernd, minjavernd og vatnsvernd.

Fjalllendið ofan skilgreindra landbúnaðarsvæða er opið óbyggt svæði. Það verður eftir sem áður nýtt á hefðbundinn hátt sem óræktað landbúnaðarland til beitar með þeim takmörkunum sem við eiga.

Óbyggð svæði eru ekki merkt sérstaklega að frátöldum tveim svæðum, 407-Ó á Dalvík og 702-Ó á Árskógssandi, sem ætluð eru til framtíðarnota fyrir þéttbýli. Þar verður ekki heimilt að ráðstafa landi á þann hátt að hindri nýtingu landsins undir byggð síðar.

*Undir þennan flokk falla vatnsfletir vatna, fallvatna og sjávar. Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna núverandi og fyrirhugaða vatnsfleti vatna, fallvatna og sjávar.*



Norðurtjörn

## 4.16 VÖTN, ÁR OG SJÓR

Til vatnafars svæðisins telst bæði grunnvatn og yfirborðsvatn, s.s. votlendi, tjarnir, lindir, vötn, ár, lækir og sjór. Í tengslum við búsetu manna eru mikilvægustu hlutar vatnafarsins þau svæði, hrein og ómengað, sem nýtast til vatnstöku, og þar eru vatnsbólín sjálf mikilvægust og grenndarsvæði þeirra. Vatnafar hefur einnig áhrif á lífríki.

Meginvatnstökusvæði Vatnsveitu Dalvíkur er á Svarfaðardalsáreyrum. Einkaveitur á bújörðum eru með ýmsu móti en flestar bújarðir í miðsveit Svarfaðardals og á Árskógsströnd eru tengdar vatnsveitu sveitarfélagsins.

Verndarsvæði vatnsbólá Vatnsveitu Dalvíkur í Dalvíkurbyggð eru mjög víðfeðm. Þar er um að ræða meginhluta fram-Svarfaðardals og Skíðadals, Bæjarfjalls við Dalvík og stórs hluta Krossahnjúks eða Sólarfjalls ofan Brattavallahóla á Árskógsströnd. Nánar er fjallað um vatnsvernd í 5. kafla.



## 5 TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN

### 5.1 NÁTTÚRUVERNÐARSVÆÐI

Gerð er nánari grein fyrir náttúruverndarsvæðum í áfangaskýrslunni *Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar, takmörkun á landnotkun, apríl 2008*.

Eftirtalin svæði í Dalvíkurbyggð eru skilgreind sem náttúruverndarsvæði:

- a. *Friðland Svarfdæla. Friðland.*
- b. *Fólkvangur í Bökkvisstaðafjalli. Fólkvangur.*
- c. *Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Svæði á náttúruminjaskrá.*
- d. *Sauðakotsrípill á Ufsaströnd. Svæði á náttúruminjaskrá.*
- e. *Hólsrípill á Ufsaströnd. Svæði á náttúruminjaskrá.*

#### 5.1.1 FRIÐLAND 600 NV

Eitt svæði í Dalvíkurbyggð er friðlýst sem **friðland** skv. lögum um náttúruvernd:

- Votlendið beggja megin Svarfaðardalsár, frá bænum Jarðbrú til sjávar var lýst friðland 1972 og var friðlýsingin endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 443/1980. Svæðið er nefnt Friðland Svarfdæla. Stærð þess er 540 ha. Þetta er fyrsta votlendisfriðlandið sem stofnað var hér á landi. Nálægt 30 tegundir fugla eiga þar varpstað og a.m.k. 160 votlendisplöntur hafa verið greindar í friðlandinu.

Um Friðland Svarfdæla gilda sérstakar reglur sem birtar eru í viðauka í 12. kafla.

#### 5.1.2 FÓLKVANGUR 511-O/NV

Eitt svæði í Dalvíkurbyggð er friðað sem **fólkvangur** skv. lögum um náttúruvernd:

- Bökkvisstaðafjall, Dalvíkurbyggð. Fólkvangur stofnaður með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 432/1994. Stærð 260 ha. Svæðið er afgangur og friðað fyrir búfjárbætur. Vinsælt útivistarsvæði. Gjöfult berjaland að sumri og skíðaaðstaða að vetri.

Afmörkun og reglur um fólkvang í Bökkvisstaðafjalli voru birtar í auglýsingu um stofnun hans 29. júlí 1994. Á aðalskipulagsupprætti eru dregin upp mörk hans í samræmi við auglýsinguna með staðfæringu marka að byggð til samræmis við afmörkun aðliggjandi landnotkunarreita. Flatarmál fólkvangsins er um 306 ha (3 km<sup>2</sup>). Um fólkvanginn gilda auglýstar reglur með síðari breytingum. Reglurnar eru birtar í viðauka aðalskipulagsins. Um viðurlög vegna brota á þeim fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999, um náttúruvernd.

#### **Um svæði á náttúruminjaskrá:**

„Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hættu er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá, sbr. 67. gr. og 68. gr.” (38. gr.)

„Umhverfisstofnun skal gefa út heildstæða náttúruminjaskrá eigi sjaldnar en fimmta hvert ár og birta í Stjórnartíðindum. Birta má hvenær sem er ákvæðanir um ný svæði sem tekin eru á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og hlutaðeigandi náttúrustofur og náttúruverndarnefndir sjá um undirbúning og öflun gagna vegna viðbóta við náttúruminjaskrá og heildarútgáfu hennar.” (67. gr.)

„Í náttúruminjaskrá skulu vera sem gleggstar upplýsingar um:

- a. *friðlýstar náttúruminjar,*
- b. *náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun, sbr. 65. gr.,*
- c. *aðrar náttúruminjar, þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem rétt þykir að vernda.*

Í náttúruminjaskrá skal lýst sérkennum náttúruminja og þýðingu þeirra fyrir náttúru landsins. Umhverfisstofnun getur í reglugerð sett nánari fyrirmæli um skráningu náttúruminja.” (68. gr.)

„Um sölu jarðar sem öll eða að hluta er á náttúruminjaskrá fer eftir ákvæðum jarðalaga, nr. 65/1976,<sup>a</sup> en þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum” (69. gr.)

<sup>a</sup> Jarðalög, nr. 65/1976, eru fallin úr gildi og ný jarðalög nr. 81/2004 taka ekki á þessu ferli.

**b. Um verndun jarðmyndana og vistkerfa, vatna og votlendis:**  
Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri,
- e. sjávarfitjar og leirur.

Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar áður en veitt eru framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun ofantalinna jarðmyndana og vistkerfa. Skilgreining hverfisverndarsvæða tekur m.a. mið af 37. grein náttúruverndarlaga.

**Skilgreining hverfisverndarsvæða í skipulagsreglugerð, grein 4.22:**

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulags-áætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsaþyrpinga, náttúru-minja eða trjágróðurs sem æskilegt er að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

-

Gera skal grein fyrir hvaða þættir í umhverfi viðkomandi svæðis skulu njóta forgangs og tiltekinnar verndunar og hvaða réttindi, skyldur og kvaðir eru samfara hverfisvernd fyrir stjórnvöld og borgara varðandi landnotkun og framkvæmdir.

-

Öll svæði sem staðfest hverfisvernd gildir um samkvæmt aðalskipulagi skulu deiliskipulögð ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

### 5.1.3 SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Innan sveitarfélagsins eru þrjú svæði á náttúruminjaskrá.

- **Fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar.** – 423/501 – Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu. (1) Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan Þjóðvegur nr. 1 á Öxnadalshéiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s., mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. (2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.
- **Rípill á Upsaströnd<sup>15</sup>,** Dalvík. – 502 – (1) Rípill norðaustan við Sauðaneshnjúka. (2) Jökulurðir frá lokum ísaldar.
- **Rípill á Upsaströnd<sup>16</sup>,** Dalvík. – 503 – (1) Rípill austur af Hólshyrnu. (2) Jökulurðir frá lokum ísaldar.

Ekki er lítið á svæði á náttúruminjaskrá sem verndarsvæði í heild sinni en á þeim svæðum verði farið varlega í framkvæmdir, sbr. einnig reglur um hverfisverndarsvæði. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar ef hættu er á röskun náttúruminja við framkvæmdir sbr. 38. gr. náttúruverndarlaga. Ríplarnir eru skilgreindir sem hverfisverndarsvæði sbr. kafla 5.1.5 en auk þeirra eru nokkur hverfisverndarsvæði önnur innan þeirra marka sem dregin eru í náttúruminjaskrá um fjalllendið.

Gerð verði grein fyrir í deiliskipulagi viðkomandi svæðis, þar sem framkvæmd er fyrirhuguð, einstökum náttúruminjum sem teljast til jarðmyndana, vistkerfa, vatna og votlendis skv. 37. gr. náttúruverndarlaga, sem ekki er gerð grein fyrir í aðalskipulaginu. Leita verður umsagnar til Umhverfisstofnunar ef um er að ræða framkvæmdir sem geta raskað náttúruminjum skv. umræddri grein náttúruverndarlaga, eins og lögin kveða á um.

### 5.1.4 HVERFISVERND

Nokkur svæði og staðir sem hafa verndargildi vegna náttúrufars en eru ekki vernduð samkvæmt lögum um náttúruvernd eru afmörkuð sem hverfisverndarsvæði í samræmi við grein 4.22 í skipulagsreglugerð. Hér er bæði um að ræða svæði sem eru á náttúruminjaskrá og önnur svæði með verndargildi sem sérstaklega er tilgreint í aðalskipulaginu. Tilgangur setningar hverfisverndarákvæða er m.a. að stuðla að jafnvægi milli nýtingar og verndunar í anda sjálfbærrar þróunar ásamt því að sjá til þess að ákvarðanir, sem hafa í för með sér varanlega ráðstöfun lands eða breytingar á landnotkun fái faglega og formlega meðferð.

Afmörkun hverfisverndarsvæða er ekki ráðandi um grunnlandnotkun á hverju svæði en getur haft áhrif á hvaða svigrúm verður til landnotkunar á viðkomandi reit eða svæði og hvaða skilyrðum uppbygging verður háð. Um hvert hverfisverndarsvæði gilda því ákveðnar reglur, sem sveitarstjórn setur, sem kveða nánar á um verndun og skilyrði til uppbyggingar og framkvæmda. Sveitarstjórn tekur mið af

<sup>15</sup> Skráð sem Sauðakotsrípill í Náttúruminjaskrá.

<sup>16</sup> Skráð sem Hólssrípill í Náttúruminjaskrá.

ákvæðum hverfisverndar við mat á byggingareyfisumsóknum og við gerð deiliskipulags og mat á því. Sveitarstjórn er heimilt að endurskoða reglur um hverfisverndarsvæði við endurskoðun aðalskipulagsins eða breytingar á því.

Þau svæði í Dalvíkurbyggð, sem hverfisvernd nær til, samkvæmt þessu aðalskipulagi, eru að grunni til skilgreind sem landbúnaðarsvæði, svæði fyrir frístundabyggð, opin svæði til sérstakra nota og óbyggð svæði. Hverfisverndarákvæði á landbúnaðarsvæðum þurfa þess vegna, í sumum tilvikum, að kveða skýrar á um verndun og skilyrði um framkvæmdir en hverfisverndarákvæði sem taka til svæða í óbyggðum, þar sem almenn ákvæði skipulagsreglugerðar um framkvæmdir eru strangari. Ákvæði um neðangreind hverfisverndarsvæði endurspeglu þetta.

Megintilgangur hverfisverndar á öllum svæðunum, er að vernda náttúruminjar þ.e. einstök náttúruvætti, vistkerfi, landslagsheildir og vatnsauðlindir. Framfylgd hinna almennu hverfisverndarákvæða þarf að tryggja í deiliskipulagi og við mat á einstökum byggingar- og framkvæmdaleyfisumsóknum.

### 5.1.5 HVERFISVERNDARSVÆÐI

Ákvörðun og afmörkun hverfisverndarsvæða byggist á Náttúruminjalýsingu Eyjafjarðar sem Helgi Hallgrímsson þáverandi starfsmaður Náttúrugripasafnsins á Akureyri tók saman fyrir svæðisskipulag Eyjafjarðar 1984 - '85. Þar er náttúruminjum innan núverandi sveitarfélagsmarka Dalvíkurbyggðar lýst í 136 liðum og innan flestra liða er fjallað um fleiri en eitt fyrirbrigði. Þau atriði sem hér eru valin eru minjar sem hafa vísindalegt gildi eða fræðslugildi en hafa einnig oftast ekki fagurfræðilega þýðingu og landslagslega sérstöðu. Slíkar minjar hafa jafnan umtalsvert gildi fyrir ferðamenn og náttúruskoðara. Í skránni eru ekki eingöngu minjar sem eru í hættu eða kynnu að verða í hættu á næstu áratugum vegna manngerar athafnasemi, og þarf því að standa vörð um, heldur er einnig bent á ýmis athyglisverð fyrirbrigði og staði sem virðast sjálfvarin og ekki undirorpín sýnilegri ógn.


Hverfisverndarsvæðin eru talin upp í landfræðilegri röð frá norðri til suðurs en um lýsingar á þeim vísast til hinnar nákvæmu skrár Helga Hallgrímssonar frá 1985 og áfangaskýrslu aðalskipulagsins um takmörkun á landnotkun, mars 2008.

*Almenn ákvæði um hverfisverndarsvæði:*


*Taka skal sérstakt tillit til þess sem vernda á á hverju svæði áður en leyfi er gefið fyrir framkvæmdum sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða varanlega breytingu á svæðinu þannig að tryggt verði að verndarmarkmið náist. Á hverfisverndarsvæðum verða hefðbundnar landnytjar áfram heimilrar svo og gerð, viðhald og endurbætur nauðsynlegra mannvirkja vegna nýtingar landsins. Nánari hverfisverndarákvæði verða sett á skipulagstímabilinu.*

#### 501-Hv Verndarsvæði Vá-Múla

- a. Múlahorn, Gullhúfutöng (og útsýnisplan) á mörkum Dalvíkur og Ólafsfjarðar.
- b. Vogar og Vogagjá í Múlanum.
- c. Hálfánarhurð. Um er að ræða bergbrík mikla, sem hallast upp að klettaveggnum, úr rauðleitu bergi. „Hér myndi gengt í fjöllin” (Jón Helgason, Áfangar).



Hverfisverndarsvæði, yfirlit



Hverfisverndarsvæði á Upsaströnd

- d. Tófugjá, Mígindi, Mígindisfoss. Gróður er mjög ríkulegur og fjölbreyttur á þessu svæði.
- e. Ríplar, ytri og syðri, við Sauðakot. Um er að ræða mikla malarhryggi og ruðningsgarða, sem jökull hefur myndað í ísaldarlokin, er hann gekk niður af Torfdalnum.
- f. Ytrivík og Sauðanesbjörg.

Saman mynda þessi atriði verndarsvæði Vá-Múla. Þar er fjölbreytt landslag og jarðfræðiminjar margar og mismunandi, s.s. sjávarmyndanir, jökulmyndanir og berghlaup og gróður er víða ríkulegur og fjölbreyttur, dæmigerður útnesjagróður við Eyjafjörð. Sem útivistarsvæði er þetta land yfirleitt hentugt, en ekki hættulaust. Sem sumarhúsaland kemur það ekki til greina, m. a. vegna snjóflóðahættu, og æskilegt að beina mannvirkjum sem mest frá því. Nokkur eyðibýli og fleiri sögulegar minjar eru í Múlanum. Flatarmál um 2.000 ha.

Ákvæði:

*Verndun sérstakra landslagsgerða, jarðmyndana og stórbrotins landslags.*

*Tvær efnisnámur (503-N og 504-N) eru inni á svæðinu, sem ekki eru lengur í notkun. Gengið verði frá því raski sem efnistöknunni fylgdi þannig að falli sem best að því óraskaða umhverfi sem fyrir er.*

#### **505-Hv Verndarsvæði Hóls- og Karlsár**

- a. Bikhóll (eða Bygghóll). Verndun sérstakra landslagsgerða og sögulegra minja.
- b. Karlsárgil, Brunnárgil. Verndun sérstakra landslagsgerða.
- c. Rípill við Hól. Verndun sérstakra jarðmyndana og ísaldarminja.

Minjar 505-Hv a. b. og c. mynda samstæða heild og eru jarðsögulega af sama uppruna, þ.e. minjar um framskrið daljökuls frá ísaldarlokum, einhverjar hinar merkustu af því tagi í Eyjafirði og þótt víðar sé leitað. Er mikilvægt að þetta svæði verði friðlýst innan tíðar fyrir öllu jarðraski, og getur beitarfriðunin á Karlsá komið inn í þann ramma. Flatarmál um 360 ha.

Ákvæði:

*Verndun minja um framskrið daljökuls frá ísaldarlokum.*

#### **509-Hv Upsinn í Bæjarfjalli.**

Mikið og sérkennilegt berghlaup, sem fallið hefur úr SA-öxl Bæjarfjallsins. Um 60 ha.

Ákvæði:

*Verndun berghlaups vegna fjölbreytta landslagsmyndana.*

*Svæðið hefur mikið útivistargildi, einkum vegna nálægðar við þéttbýlið á Dalvík*

#### **611-Hv Verndarsvæði Nykurtjarnar og Steindyragils.**

- a. Nykurtjörn, Lómatjörn, Útburðarhraun, Hrafnabjörg og Grundargil. Í Grundargili hefur fundist geislasteintegundin erionít (ullarsteinn), sem mun vera óþekkt annarsstaðar af landinu.
- b. Steindyragil og Steindyráfossar. Í gilinu vaxa sigurskúfur, aronsvöndur o.fl. merkisplöntur.



Flatarmál um 540 ha.

Ákvæði:

*Verndun sérstakra landslagsgerða og jarðmyndana; stórbrotins landslags og fjölbreytts útivistarsvæðis.*

#### **615-Hv Urðirnar hjá Urðum.**

Hér um ræðir tvö skýr og fallega löguð berghlaup, mjög ólík að útliti. Berggangar eru áberandi og mynda stapa og dranga sem standa fram úr klettabeltunum. Um 96 ha.

Ákvæði:

*Verndun sérstakra landslagsgerða og jarðmyndana; stórbrotins landslags.*

#### **620-Hv Verndarsvæði Vatnsdals. Vatnsdalur, Vatnsdalshólar og Skeiðsvatn (II).**

Mínjar sem hér eru taldar, eru samliggjandi og taka yfir mikinn hluta Vatnsdals og svæðið fram af mynni hans. Er því eðlilegt að líta á dalinn sem sérstakt verndarsvæði, er hefur upp á að bjóða fjölbreytt og fagurt landslag, sem einnig er nokkuð vel aðgengilegt fyrir almenning og töluvert sótt af göngufólki. Rúmlega 300 ha.

Ákvæði:

*Verndun sérstakra landslagsgerða og jarðmyndana; stórbrotins landslags.*

#### **622-Hv a. Búrfellsjökull, b. Teigardalsjökull og jökulminjar við þá.**

Dálitlir botnjöklar. Um 500 ha.

Ákvæði:

*Verndun sérstakra landslagsgerða og jarðmyndana; stórbrotins landslags. Svæðið er vegna eðlis og staðsetningar að mestu sjálfvarið.*

#### **623-Hv Verndarsvæði Hvarfs og Tungna.**

Hvarfið myndar samfellt svæði með „Tungunum” og Dælishólum, sem eðlilegt er að líta á sem eitt verndarsvæði, ásamt með Stólnum (Kerlingunni). Rúmlega 800 ha.


Ákvæði:

*Verndun sérstakra landslagsgerða og jarðmyndana; stórbrotins landslags. Stóllinn er táknfjall og höfuðeinkenni Svarfaðardals.*


*Áframhaldandi uppbygging frístundabyggðar í Hvarfinu verður samkvæmt deiliskipulagi og þess kappkostað að byggðin falli vel að landslagi og náttúruferi svæðisins. Taka skal tillit til þess að frístundabyggðin er innan fjarsvæðis vatnsverndar.*

#### **638-Hv Verndarsvæði Hofsár, Hofsárgil og Goðafoss.**

- a. Hofsárgil. Hér er um að ræða nánast tvískipt gil og mun efri hlutinn vera að mestu grafinn í laus jarðlög en neðri hlutinn í fast berg. Fellur áin niður í gilið um þrengsli og myndar þar tvo fossa.



*Hverfisverndarsvæði í Svarfaðardal vestanverðum*



Hverfisverndarsvæði á Árskógsströnd

- b. Hofsskál og Hofshólar. Stórt og sérkennilegt berghlaup, sem hefur komið úr Hofsskál. Hofshólar eru einstök náttúrumyndun, sem mikilvægt er að vernda.

Flatarmál um 340 ha.

Ákvæði:

Verndun sérstakra landslagsgerða og jarðmyndana; stórbrotins landslags.

**653-Hv Garnir (Lokugörn) í Hámundastaðafjalli (II).**

Þetta er mikið og merkilegt giljakerfi, sem kallast Garnir. Öll eru gilin mynduð af jaðarvatni ísaldarjökla, sem legið hafa í dölunum og kallast slík gildrög jaðarrásir á máli jarðfræðinnar. Rúmlega 60 ha.

Ákvæði:

Verndun minja um framskið jökla og samspils vatns og íss við mótun lands frá ísaldarlokom.

**654-Hv Jökulminjar á Hámundastaðahálsi, Hálshöfði og Hálshorn (II).**

- a. Jökulminjar á Hámundastaðahálsi. Þykkur jökulruðningur og hólabyrpingar, einnig smátjörn í hvilft, líklega jökulkerja að uppruna. Allar þessar jökulminjar eru merkilegt rannsóknarefni í tengslum við jökulruðningshólana í mynni Hálsdals.
- b. Hálshöfði og Hálshorn. Höfði eða tangi í sjó fram, austan við Böggvisstaðasand og Dalsárós. Eru allhárir klettur þar framan í höfðanum og norðaustan í honum er laugavætla uppi í klettunum.

Flatarmál um 120 ha.

Ákvæði:

Verndun jökulminja s.s. jökulkerja frá lokum ísaldar sem eru merkilegt rannsóknarefni, í tengslum við jökulruðningshólana í mynni Hálsdals.

**800-Hv Volgra í Merkivík.**

Hér er um að ræða um 20°C heita uppsprettu alveg niður við sjávarmál í Merkivíkinni.

Ákvæði:

Verndun volgrar uppsprettu.

**801-Hv Steinninn Skjöldur.**

Á honum eru einkennilegar hringlaga dældir eða skálar.

Ákvæði:

Verndun sérstæðrar náttúruminjar.

**807-Hv Brúarhvamur, Svínakeldur við Þorvaldsdalsá.**

Vítt gil og hefst það um brúna og Þorvaldsárfoss. Tæplega 60 ha.



Ákvæði:

*Verndun sérstakra landslagsgerða jarðmyndanna og stórbrotins landslags og fjölbreyttra náttúruminja.*

Svæðið var skilgreint sem útivistarsvæði í aðalskipulagi Árskógshrepps 1998-2010

#### **819-Hv Verndarsvæði Þorvaldsdals.**

- a. Brattavallahólar. Mjög áberandi berghlaupshrugald.
- b. Hrafnagilshraun og Kúgilsvatn á Þorvaldsdal. Geysileg berghlaupsdyngja úr austurhlíð Þorvaldsdals, innan við framhlaupsdyngjuna, hefur á sínum tíma myndað stöðuvatn sem var við lýði fram á miðaldir Íslandssögunnar.
- c. Kotahólar. Allvíðlent hólastykki, sem nær út með Þorvaldsá að Stærra-Árskógsborgum. Hér er um að ræða malarásakerfi (eskera), sem líklega hefur myndast undir þunnum jökli eða í lóni fram við jökultungu úr Þorvaldsdal.

Þessar minjar gætu myndað Þorvaldsdalsfriðland en svæðið verður á þessu stigi ekki skilgreint sem slíkt. Fjöldi merkra náttúruminja er á Þorvaldsdal og fyrir utan mynni hans og er eðlilegt að líta á þær sem eitt verndarsvæði. Í dalnum er að finna fjölbreytt og sérkennilega fagurt landslag, sem mótast mjög af miklum berghlaupum, er stíflað hafa dalinn á nokkrum stöðum svo myndast hafa stöðuvötn, sem síðar hafa fyllt upp og mynda grundir og votlendi. Sum þessara berghlaupa eru tiltölulega ung og eitt þeirra aðeins fárra áratuga gamalt. Er ekki vitað um neinar hliðstæður þess í Eyjafirði og raunar ekki á Norðurlandi. Gróður er víða mikill og fagur í dalnum en hefur líklega hrakað nokkuð síðustu árin vegna mikillar beitar. Dalurinn er tilvalið útivistarland og gönguland á sumrum en snjóflóðahætta er þar á vetrum. Þar eru einnig merkar sögulegar minjar, sem eru tættur eyðibýla frá ýmsum tímum og munu vera merkilegt rannsóknarefni, enda sumar friðlýstar skv. þjóðminjalögum. Þorvaldsdalur er vænlegur til náttúrurannsókna af ýmsu tagi, einkum þó á sviði jarðfræði. Líklegt er að rækta megi skóg í utanverðum dalnum, einkum í landi Grundar, enda eru þar kjarraleifar, þær einu sem eftir eru á Árskógsströnd. Flatarmál rúmlega 1.100 ha.

Ákvæði:

*Verndun sérstakra landslagsgerða, jarðmyndana og búsetuminja; stórbrotins landslags og fjölbreyttra náttúruminja.*

#### **820-Hv Steinkotssteinn.**

Geysistórt grettistak á mounum austur af Stærra-Árskógi, rétt fyrir norðan gamla Hauganesveginn.

Ákvæði:

*Verndun sérstæðra náttúruminja.*

Nr	Hverfisverndarsvæði, yfirlit
501-Hv	Verndarsvæði Vá-Múla
505-Hv	Verndarsvæði Hóls- og Karlsár
509-Hv	Upsinn í Bæjarfjalli
611-Hv	Verndarsvæði Nykurtjarnar- og Steindyragils
615-Hv	Urðirnar hjá Urðum
620-Hv	Verndarsvæði Vatnsdals
622-Hv	Búrfellsjökull, Teigardalsjökull og jökulminjar við þá
623-Hv	Verndarsvæði Hvarfs og Tungna
638-Hv	Verndarsvæði Hofsár, Hofsárgil og Goðafoss
653-Hv	Garnir (Lokugörn) í Hámundastaðafjalli
654-Hv	Jökulminjar á Hámundastaðahálsi, Hálshöfði og Hálshorn
800-Hv	Volgra í Merkivík
801-Hv	Steinninn Skjöldur
819-Hv	Verndarsvæði Þorvaldsdals
807-Hv	Brúarhvatn, Svínakeldur við Þorvaldsdalsá
820-Hv	Steinkotssteinninn

## 5.2 ÞJÓÐMINJAVERNÐ

Gerð er nánari grein fyrir þjóðminjum og verndarsvæðum í skýrslum um aðalskráningu fornminja í Dalvíkurbyggð (Fornleifastofnun Íslands 1999-2004) og í áfangaskýrslunni *Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar, takmörkun á landnotkun, apríl 2008*. Minjaskrá og uppdráttur með staðsetningu skráðra minjastaða skal vera aðgengilegur almenningi á vefsíðu sveitarfélagsins.

### 5.2.1 ALMENN ÁKVÆÐI

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða með friðlýstum fornminjum, þekktum fornleifum eða friðuðum húsum samkvæmt þjóðminjalögum. Skytt er að skrá fornleifar áður en gengið er frá skipulagi sbr. gr. 3.2 í þjóðminjalögum. Fornleifaskráning tekur mið af nákvæmni viðkomandi skipulagsstigs. Frekari skráning fer eftir atvikum fram í tengslum við gerð deiliskipulags eða þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð.

Framkvæmdum skal beina frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara og getur stofnunin krafist þess að þeim sé frestað uns fornleifarannsókn hafi farið fram. Þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna.

*Almenn verndarákvæði um minjastaði:*

*Minjastaðir eru verndaðir í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga. Þess skal gætt við ræktun og framkvæmdir að ekki verði farið nær minjastöðum en 20 m. Haft skal samráð við Fornleifavernd ríkisins vegna lagfæringa og endurbóta á minjastöðum svo og vegna annarra framkvæmda í grennd við þá. Hefðbundnar nytjar eru áfram heimilar svo og viðhald og endurbætur mannvirkja sem fyrir eru. Skógrækt og mannvirkjagerð á og við minjasvæði skal haga þannig að ekki hafi neikvæð áhrif á minjastaði.*

### 5.2.2 HÚSAFRIDUN

Í Svarfaðardal eru fjögur hús sem hafa verið friðuð. Þau eru kirkjurnar á Völlum, Urðum og Tjörn ásamt Arngrímsstofu, (málarastofa Arngríms Gíslasonar málara) sem stendur við Gullbringu í landi Tjarnar.

Engin formleg húsakönnun hefur verið gerð í Dalvíkurbyggð. Engin hús hafa verið friðuð á Dalvík og engin hús þar falla undir ákvæði um friðun vegna aldurs.

### 5.2.3 SKRÁNING FORNLEIFA

Á árunum 1999 til 2003 fór fram aðalskráning fornleifa í sveitarfélaginu á vegum Fornleifastofnunar Íslands og var verkið unnið í fimm áföngum. Voru skráðir yfir 2.000 minjastaðir.

Fornleifastofnun Íslands vann á grunni fornleifaskráningarinnar sérstaka samantekt vegna aðalskipulagsins, *Merkar fornleifar í Dalvíkurbyggð* (Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Reykjavík 2006). Þar eru skilgreindir þeir minjastaðir, sem merktir eru inn á aðalskipulagsuppdrátt. Þrjú minjasvæði eru

*Um friðuð hús gilda ákvæði laga nr. 104, 2001 um húsfriðun. Sérstaklega eiga við greinar 9-15. Þar segir m.a. (hluti 9. gr.):*

- a. Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign án leyfis húsafriðunarnefndar.*
- b. Við endurbætur og viðhald friðaðra fasteigna skal leitað álits og samþykkis húsafriðunarnefndar. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðuð hús.*

---

- 6. gr.: Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918.*

#### Stefna

- Umhverfismál, náttúruvernd og tengsl við sögu og söguminjar skulu höfð að leiðarljósi við skipulag og uppbyggingu byggðar, atvinnulífs og ferðaþjónustu.

#### Undirmerkið

1. Stuðlað verði að verndun helstu menningarminja í sveitarfélaginu og jafnframt verði fólki gert kleift að njóta þessara verðmæta.
2. Að lagt verði mat á ástand og gildi þeirra fornleifa sem friðlýstar hafa verið samkvæmt lögum.
3. Hugað verði að varðveislugildi eldri húsa og annarra mannvirkja þ.m.t. samgöngumannvirkja í Dalvíkurbyggð. Allar byggingar byggðar fyrir 1918 ber að vernda þar til könnun á verndargildi þeirra verði lokið.

merkt inn á skipulagskort sem sérlega áhugaverð svæði, einnig fornt garðakerfi, sem gjarnan er nefnt Sveitarlangur, svo og kumlfundur á svæðinu. Auk þessara staða voru valdar 13 staðbundnar minjar sem þykja sérlega athygliverðar og gætu hentað til kynningar. Við val á merkmum minjastöðum var höfuðáhersla lögð á kynningargildi minjastaða. Slíkir staðir hafa að sjálfsgöðu mikið varðveislugildi en þurfa ekki endilega að vera þeir staðir þar sem rannsóknargildi er hvað hæst. Um lýsingar á áhugaverðum minjastöðum vísast til fornleifaskráningar í Dalvíkurbyggð 1999-2003.

Skrár yfir fornleifar, sögustaði (m.a. álagabletti), gamlar þjóðleiðir og götur koma í góðar þarfir við alla skipulags- og mannvirkjagerð, hvort sem verið er að leggja nýjan veg, byggja upp iðnfyrirtæki, reisa sumarbústað eða brjóta nýtt land til ræktunar. Þekking á tilvist fornminja og á þeirri sögu sem hver staður eða svæði hefur að geyma er ennfremur mikilvæg í því skyni að skapa svæðum aðdráttaraf sem áhugaverðir skoðunarstaðir og þar með til að efla uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu.

Kaflarnir sem fylgja hér á eftir eru unnir beint upp úr samantekt Fornleifastofnunar Íslands með beinum tilvitnunum en dregnir saman og styttnir mikið.

#### 5.2.4 FRIDUN SAMKVÆMT ÞJÓÐMINJALÖGUM

Allar þær minjar sem skráðar voru við fornleifaskráningu 1999-2003 njóta verndunar samkvæmt þjóðminjalögum og eru því jafngildar gagnvart ákvæðum laganna.

Í Dalvíkurbyggð eru 11 friðlýstar fornleifar sem er um 0,5% af öllum þekktum minjastöðum innan sveitarfélagsins. Þetta eru eftirfarandi staðir:

Heiti	Fornleif nr.	Hlutverk	Friðlýst ár	Ástand	Friðl. skilti	Einstakt minjagildi
Lögrétta (Grund)	EY-124:019	meintur þingstaður	1932	Horfið	nei	nei
Skáli	EY-140:007	víkingaaldaskáli	1932	Horfið	nei	nei
Kringla	EY-149:016	býli	1976	Sést	já	já
Tungukot syðra	EY-149:014	býli	1967	Sést	já	já
Akurgirðingar	EY-151:013	ræktun (skepnuhald)	1932	Horfið	nei	nei
Goðatóft	EY-170:013	hof	1932	Sést	nei	já
Lögrétta (Völlum)	EY-173:012	meintur þingstaður	1932	stök tóft	nei	nei
Dalbæjarrústir	EY-052:023-024	bæjarrústir	1984	Sést	já	já
Hærekshóll	EY-062:003	legstaður	1932	Sést	nei	nei
Hávarðarstaðir	EY-059:034	bæjarrústir	1972	Sést	já	já
Þórhallskot	EY-059:025	bæjarrústir	1972	Sést	nei	já

Aðeins fjórar minjar af ofangreindum lista eru merktar inn á aðalskipulagsupprátt. Ástæðan fyrir því er sú að ríflega þriðjungur þessara staða er nú horfinn af yfirborði og litlar sem engar fornleifafraðilegar vísendingar eru um hlutverk fimm þeirra.

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001, IV. kafla, segir m.a.:

9. grein: *Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á ... Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.*

10. grein: *Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. ....*

11. grein: *.....Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram.*

12. grein: *Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Fornleifavernd ríkisins viðvart. Ef fyrir-sjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal viðkomandi sveitarfélag eða framkvæmdaradili gera Fornleifavernd ríkisins viðvart með hæfilegum fyrirvara. Fornleifavernd ríkisins ákveður að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins [Umhverfisstofnun] hvort rannsóknar er þörf, hvort friðlýsa beri viðkomandi stað eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum.*

13. grein: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi framhalda og með hvaða skilmálum.*

14. grein: *Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.*



Botn Skíðadals (Keld)

- |       |  |
|-------|--|
| K1-2. | Kuml á Hámundarstaðahálsi (052:025 og 026)           |
| K3.   | Kuml í Stærri-Árskógi (059:023)                      |
| K4.   | Mögulegt kuml í Hellulandi (066:025)                 |
| K5.   | Kuml á Hrísum (100:008)                              |
| K6.   | Bátskuml í Böggvisstaðalandi (101:020)               |
| K7.   | Kumláteigur (m.a. bátskuml) í Brimneslandi (103:013) |
| K8.   | Kuml í landi Lækjarbakka (110:004)                   |
| K9.   | Kumláteigur í landi Ytra-Garðshorns (125:013)        |
| K10.  | Kuml í landi Dælis (150:024)                         |
| K11.  | Tvíkuml í landi Ytra-Hvarfs (165:022)                |
| K12.  | Kuml í landi Sökku (176:033)                         |
| K13.  | Tvö kuml í landi Kálfskinns (062:002)                |

### 5.2.5 MINJASVÆÐI

Þrjú minjasvæði eru merkt inn á skipulagskort sem sérlega áhugaverð svæði.

#### 655- Þv Háls og austanverður Hálsdalur

Hin miklu garðlög sem greina má víða í hlíðum í Svarfaðardals og Skíðadals greinast á þessum slóðum í fleiri garða og í raun er garðakerfi Dalvíkurbyggðar hvergi eins flókið eins og einmitt á þessum stað. Á Hálsinum eru einnig minjar um mikla hjáleigubýggð. Svæðið er óvenju auðugt af skemmtilegum minjum og gönguleið inn eftir dalnum er auðveld. Flatarmál um 460 ha.

Ákvæði:

Verndun búsetuminja og búsetulandslags.

#### 656- Þv Botn Skíðadals (Hverhóll, Krosshóll, Sveinsstaðir, Gljúfrárkot, Stafn og Holárkot).

Líkt og í Þorvaldsdal eru í botni Skíðadals vel varðveittar leifar bæja, útihúsa og túngarða og má þar greina flestar þær minjar sem búskapur fyrri tíðar skilur eftir sig. Þar sem nokkuð er um liðið síðan svæðið fór í eyði eru leifarnar óskemmdar að mestu. Svæðið er skemmtileg minjaheild og gefur góða mynd af búskaparháttum fyrri tíma. Flatarmál um 700 ha.

Ákvæði:

Verndun búsetuminja og búsetulandslags.

#### 827- Þv Þorvaldsdalur

Minjasvæði í Þorvaldsdal er að stórum hluta á svæði, sem skilgreint er sem hvefisverndarsvæði vegna sérstakra landslagsgerða, jarðmyndana og búsetuminja. Flatarmál þess er um 720 ha.

Í Þorvaldsdal eru óraskaðar flestar þær gerðir mannvirkja sem byggðar voru í tengslum við hefðbundinn búskap á 19. og 20. öld, og í raun um aldir. Á dalnum hafa þegar verið friðlýstar tvær tóftaþyrpingar en full ástæða er til að mæla með því að dalurinn í heild njóti friðhelgi og reynt verði að stuðla að því að ekki verði hreyft við því landslagi sem þar hefur áratugum saman verið í friði fyrir framkvæmdum og öðru því raski sem víðast hefur gjörbreytt búsetulandslagi. Ljóst er að dalurinn er minjaperla sem mikilvægt er að hlúa að. Hið víðáttumikla og samfellda minjasvæði gefur auk þess mikla möguleika á hvers kyns áframhaldandi fornleifarannsóknum, hvort sem er nákvæmari uppmælingum á rústasvæðum eða uppgreftri á völdum minjum. Tillögur hafa komið fram um að taka Þorvaldsdal á náttúruminjasrá og gæti þar farið vel saman náttúru- og fornleifavernd.

Ákvæði:

Verndun búsetuminja og búsetulandslags.

### 5.2.6 KUML

Í Dalvíkurbyggð hafa fundist 11-13 kuml/kumláteigar og í þeim a.m.k. 36 kuml. Meðal kumlanna í Dalvíkurbyggð eru tvö bátskuml. Jafnframt eru á svæðinu tveir af stærri kumláteigum landsins. Þar sem oft sjást engin merki þeirra á yfirborði er enn brýnna en ella að viðhafa sérstaka aðgát slíkum stöðum.

Ákvæði:

*Minjastaðir verndaðir í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga.*

### 5.2.7 FORNT GARÐAKERFI (SVEITARLANGUR)

Um er að ræða garðakerfi, sem virðist hafa náð um allt sveitarfélagið, að öllum líkindum e.k. vörslu- og landamerkjagardar. Líkur eru leiddar að því að garðarnir séu frá fyrstu tveim öldum byggðar í landinu. Garðlöggin eru víða 3-6 m á breidd en 0,4-0,8 m á hæð. Þau hafa sumstaðar horfið við ýmiskonar framkvæmdir tengdar búskap en einnig á köflum sokkið í mýrar eða einfaldlega hrunið og gróið saman við umhverfið. Garðakerfið má þó sjá víða í Svarfaðardal, Skíðadal og á Árskógsströnd. Garðakerfið, gerð þeirra og hlutverk, er fornvitnilegt rannsóknarefni en einnig hafa fundist forn garðakerfi í Suður-Þingeyjarsýslu. Garðakerfið er merkt inn á aðalskipulagsupprátt í samræmi við fyrirbyggjandi fornleifaskráningu til þess að stuðla að kynningu þess og varðveislu.

Ákvæði:

*Garðakerfið Sveitarlangur nýtur verndar í heild sinni. Stefnt skal að frekari rannsóknum.*

### 5.2.8 AÐRIR ÁHUGAVERÐIR MINJASTAÐIR

#### M 01. Karlsárnaust (108:009-011 og 015).

Byggingaleifar eftir naust, íshús og mögulega verbúð. Tóft Karlsárþúðar er uppi á bakkanum ofan við naustin

#### M 02. Uslarétt (165:034).

Vitað er um fimm Uslaréttir<sup>17</sup> í Svarfaðardal (138:004, 146:019, 148:009, 151:013 og 165:034) en þær þekkjast ekki utan dalsins. Af þeim fimm Uslaréttum sem þekktar eru í Dalvíkurbyggð eru tvær í ljómandi góðu ástandi. Það eru réttir í landi Klaufabrekknakots (138:004) og í landi Ytra-Hvarfs (165:034).

#### M 03. Selhóll

Athyglisverðar selrústir beint ofan við Dalvík (EY-101:019). Miklar stekkarleifar (101:011) eru einnig í landi Böggvisstaða, ofan bæjar. Auk þessara staða eru merktar Seltóftir á Upsadal, norðan Brimnesár.

#### M 04. Nafnlaust tóftasvæði (129:010-015) í landi Steindyra.

Á þessu svæði er Steindyrarétt (129:010) sem er ásamt Holtarétt (115:008) og Skeiðarétt (145:010) stæðilegasta skilarétt dalsins. Ofan við tóftasvæðið er sel Steindyra (129:009).

#### M 05. Fornleg tóft ofan við nýja kirkjugarðinn í landi Urða (133:012).

Forvitnileg tóft á hól sem nefndur er Bæjarhóll ofan við Urðir. Ekki er víst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt en þarna virðist komið íveru- eða útihús frá fyrri öldum. Tóftin hefur ótvírætt varðveislu- og rannsóknargildi.



*Þorvaldsdalur (Keld)*



*Gömul rétt við Steindyr (Keld)*

<sup>17</sup> Ekki er ljóst hvaða hlutverki „uslaréttir“ hafa gegnt en helst hallast menn að þeirri skýringu að þær hafi verið notaðar sem e.k. náttthagar, til að koma í veg fyrir að féð ylli „usla“ í túnum um nætur (Fornleifastofnun Íslands 2006: Merkar fornleifar í Dalvíkurbyggð. Samantekt vegna aðalskipulags).





*Sæluhús á Heljardalsheiði (Keld)*



*Böggvísstaðasandur (ÁÓ)*

**M 06. Meintar bæjarleifar í landi Þorsteinsstaða (142:023).**

Forvitnileg tóft á Þorsteinsstöðum. Heimamenn telja þetta vera eldra bæjarstæði Þorsteinsstaða. Minjastaðurinn hefur rannsóknar- og varðveislugildi.

**M 07. Vífilsstaðir (144:007)**

Vífilsstaðir í landi Kots hafa verið í eyði síðan á fyrri hluta 19. aldar. Þar gefur að líta heildstæðar bæjartóftir, útihús, túngarð og gerði. Svæðið í heild hefur varðveislu- og kynningargildi.

**M 08. Sæluhús á Heljardalsheiði (143:040)**

Rúst hússins eru nálægt sveitarfélagsmörkum. Hún er enn nokkuð stæðileg og hefur varðveislu- og kynningargildi.

**M 09. Tóft í hringlaga gerði í landi Hofs (170:013)**

Friðlýst. Tóftin er nefnd Goðatóft og er lítil og fornleg tóft í hringlaga gerði skammt norðan við bæ. Goðatóft hefur mikið minjagildi.

**M 10. Vallargarður og miklar tóftir innan hans í landi Hrísa (100:008) á merkjum við Hamar.**

Þar eru 8 tóftir innan mikils vallargarðs. Umfang tóftanna og útlit bendir helst til að þarna hafi verið býli á miðöldum eða jafnvel enn fyrr. Á svæðinu er einnig hóllinn Beinir í landi Hamars (179:013). Hinn haugurinn er Hausi eða Haushóll í landi Sökku. Þar fannst kuml. Á svæðinu hefur þegar verið byggður sumarbústaður og sett niður hjólhýsi en varast ætti frekara rask á svæðinu þar sem það hefur mikið rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi.

**M 11. Hálskot/Dalsbær (052:023-024)**

Rústir býlis/býla, sem m.a. hafa verið kallaðar Neðra-Hálskot (052:024) annars vegar og Efra-Hálskot (052:023) hins vegar, voru friðlýstar 1984 og er friðlýsingarskilti á efstu tóftinni (Efra-Hálskoti), skammt neðan við þjóðveg. Á umræddum stað er mikið garðlag sem afmarkar svæðið til norðvesturs og um 25 tóftir og gerði innan þess. Tóftirnar eru utan við Hámundarstaðaháls og á Ströndinni. Tóftirnar eru friðlýstar og er ljóst að þær hafa mikið verndunar-, rannsóknar- og kynningargildi.

**M 12. Naustavík í Hellulandi (066:009)**

Lítill vík um 1,3 km innan við íbúðarhúsið á Hellu. Í vikinni var, eins og nafnið gefur til kynna, naust en þar voru einnig sjóbúðir, beituhús (íshús) og aðrar byggingar sem tengjast sjósókn. Staðurinn hefur varðveislu- og kynningargildi.

**M 13. Gamlir bæir úr torfi og grjóti (t.d. Ytri-Hagabær 075:001 eða Kleif 056:001).**

Í Dalvíkurbyggð standa núorðið fáir bæir uppi sem byggðir eru að hluta eða alfarið úr torfi og grjóti og huga þarf að varðveislu þeirra fáu sem eftir standa. Hér verða nefndir tveir bæir sem báðir mega muna sinn fífil fegri en standa þó enn uppi að mestu.

Gamli Ytri-Hagi (075:001) fór í eyði 1964. Verðugt verkefni væri að byggja upp gamla bæinn eða að reyna a.m.k. að halda honum í sama horfi og koma í veg fyrir að hann hrynji eða honum verði rutt burt. Bærinn hefur varðveislu- og kynningargildi.



Gamli bærinn á Kleif (056:001), fór í eyði 1979, langsíðastur af bæjunum í Þorvaldsdal. Þak er byrjað að falla inn og ljóst er að húsin munu að talsverðu leyti hrynja saman á næstu áratugum nema eitthvað verði að gert. Vel mætti stuðla að uppbyggingu Kleifar í tengslum við frekari kynningu á Þorvaldsdal.

## 5.3 VATNSVERND

### 5.3.1 VERNDARSVÆÐI VEGNA STRANDMENGUNAR OG MENGUNAR Í ÁM OG VÖTNUM

Verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum eru svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999.

Í reglugerð 796/1999 er kveðið á um að langtímamarkmið fyrir vötn skuli koma fram á skipulagsuppráttum svæðis- og aðalskipulags og að sýna skuli flokkun þeirra á skýringaruppráttum við gerð deiliskipulags.

Grunnvatn og yfirborðsvatn, þar á meðal sjór við strendur, skal flokkað eftir forsendum 9. og 10. greinar reglugerðar um varnir gegn mengun vatns í eftirtalda flokka:

Flokkur A:	Ósnortið vatn
Flokkur B:	Lítið snortið vatn
Flokkur C:	Nokkuð snortið vatn
Flokkur D:	Verulega snortið vatn
Flokkur E:	Ófullnægjandi vatn

Í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns og skipulagsreglugerðar eru sett langtímamarkmið um ástand strandsvæða. Samkvæmt reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólþ var frestur til ársloka 2005 til að fullnægja ákvæðum um hreinsun og losun skólps en framkvæmdum í Dalvíkurbyggð var ekki lokið vorið 2008.

Sjór við strandlengju Dalvíkurbyggðar telst síður viðkvæmur viðtaki miðað við skilgreiningu reglugerðar um fráveitur og skólþ.

Um vatnasvæði gilda eftirtalin ákvæði til varnar mengun:

- Stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki A sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greinum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns með fyrirvara um þynningarsvæði þar sem kolpi er veitt til sjávar. Miðað verði við að þynningarsvæði nái ekki að strönd.
- Stefnt er að því að allar ár, lækir, vötn og tjarnir verði í flokki A, ósnortið vatn. Þessi svæði hafa öll verndargildi vegna fuglalífs og gróðurfars auk þess sem sum þeirra hafa ákveðið úti-vistargildi.
- Öll byggð í sveitinni skal nota viðurkenndar rotþrær með tveggja þrepa hreinsibúnaði.

Í III. kafla 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn segir.:

*„Umhverfis hvert vatnsból skal heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Brunnsvæði skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd skal, þar sem þörf krefur, krefjast þess að svæðið skuli girt gripa- og mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.*

*Vatnsveitur skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vatnsból spillist. Sama gildir um aðra staði s.s. ár eða lækir þar sem vatn er tekið til neyslu. Skylt er að tilkynna heilbrigðisnefnd tafarlaust ef vitað er um mengun á vatni í vatnsbólum eða dreifikerfi.*

*Um varnir gegn mengun vatnsbóla gildir að öðru leyti ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns” nr. 796-1999.*

Úr 10. gr. reglugerðar um varnir gegn mengun vatns 796/1999.

Flokkun vatns skal byggjast á eftirfarandi forsendum:

- A. engar eða litlar vísbendingar eru um áhrif frá mannlegri starfsemi á lífríki eða á efna- og eðlisfræðilegt umhverfi þess. Lífríki og efna- og eðlisfræðilegar breytur eru í samræmi við náttúrulegt ástand eða skilgreind bakgrunnsgildi.
- B. lítill og ekki skaðleg áhrif eru greinanleg á lífríki og efna- og eðlisfræðilegt umhverfi þess vegna mannlegrar starfsemi. Efna- og eðlisfræðilegar breytur víkja lítilllega frá skilgreindu bakgrunnsgildi, sbr. umhverfismörk í fylgiskjali með reglugerðinni.
- C. marktæk áhrif eru á lífríki og efna- og eðlisfræðilegt umhverfi þess vegna mannlegrar starfsemi. Lífríki víkur nokkuð frá þeirri gerð sem við mætti búast ef umhverfi væri óraskað. Efna- og eðlisfræðilegar breytur víkja nokkuð frá skilgreindu bakgrunnsgildi, sbr. umhverfismörk í fylgiskjali með reglugerðinni.
- D. veruleg og skaðleg áhrif á líffræðileg samfélög og efna- og eðlisfræðilegt umhverfi þeirra vegna mannlegrar starfsemi. Efna- og eðlisfræðilegar breytur víkja verulega frá skilgreindu bakgrunnsgildi, sbr. umhverfismörk í fylgiskjali með reglugerðinni.
- E. ófullnægjandi ástand vatns utan þynningarsvæða fyrir losun efna frá mengandi starfsemi.

- d. Stefnt er að því að sveitarstjórn (heilbrigðisnefnd), í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun, meti ástand vatnsvæða í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna.

### 5.3.2 VERNDARSVÆÐI VATNSBÓLA

Vatnsverndarsvæði eru afmörkuð í samræmi við ákvæði reglugerðar um neysluvatn (536/2001). Vatnsverndarsvæði eru flokkuð í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði.

Meginvatnsból og vatnsverndarsvæði í Dalvíkurbyggð eru þrjú: Á austurbakka Svarfaðardalsár syðst í landi Bakka og Hofsrárlots, í Upsanum utan og ofan við Dalvík og í Brattavallahólum á Árskógsströnd. Á uppdrætti eru sýnd brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði vatnsbólanna.

Um vatnsverndarsvæði gilda eftirtalin ákvæði:

- a. Allar framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum eru háðar leyfi heilbrigðisnefndar og lúta eftirliti heilbrigðiseftirlits.
- b. Engin byggð, hvorki íbúðarbyggð né frístundabyggð verði innan grannsvæða vatnsverndar.
- c. Umferð vélknúinna ökutækja skal takmörkuð á grannsvæðum vatnsbóla og skal afmörkun verndarsvæða merkt við nauðsynlegar akstursleiðir og gerð grein fyrir viðbúnaðaráætlun vegna hugsanlegra óhappa sem valdið gætu mengun grunnvatns.
- d. Öll skotveiði er óheimil innan grannsvæða vatnsbóla.

## 5.4 SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ

Í kafla 4.18 í skipulagsreglugerð er fjallað um svæði undir náttúruvá. Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða óveðrum. Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Jafnframt skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnarvirkjum. Í deiliskipulagi skal síðan útfæra þetta nánar, m.a. skilyrði um styrkingu og útfærslu mannvirkja.

Ofanflóð, þ.e.a.s. skriður, grjóthrun og snjóflóð, eru þónokkuð algeng í sveitarfélaginu. Þau falla í bröttum hlíðum fjalla og eru þau sérstaklega algeng í Svarfaðardal. Svæði norðan þéttbýlis á Dalvík er skilgreint sem snjóflóðahættusvæði og hefur verið tekið mið af því við endurskoðun aðalskipulags Dalvíkurbyggðar og horfið frá hugmyndum um vöxt Dalvíkur til norðurs. Snarpir jarðskjálftar geta orðið á skipulagssvæðinu, ofviðri og flóð.

Gerð er grein fyrir hættu á snjóflóðum, skriðum, jarðskjálftum og flóðum í 2. kafla. Ekki eru afmörkuð hættusvæði vegna náttúruvá í aðalskipulagi.


#### 5.4.1 OFANFLÓÐ

Hættusvæði vegna ofanflóða eru ekki afmörkuð sérstaklega á aðalskipulagsupprætti. Í aðalskipulaginu er ekki gert ráð fyrir nýrri byggð á svæðum, sem augljóslega eru hættusvæði miðað við fyrirliggjandi gögn. Hafa skal hliðsjón af skýrslu Veðurstofu Íslands, „Könnun á snjóflóðaaðstæðum í Svarfaðardal” við undirbúning framkvæmda og skipulag nýrrar byggðar utan þéttbýlis.

#### 5.4.2 JARÐSKJÁLFTAR

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í fimm hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina  $a_g = 0,4$  (0,4g) en það er 40% af þyngdarhröðuninni. Næsti áhættuflokkur hefur hönnunarhröðunina 0,3g. Síðan koma 0,2g, 0,15g og að lokum 0,1g. Við hönnun á mannvirkjum er því notast við fyrrnefnda hönnunarhröðun hvers svæðis.

Dalvíkurbyggð flokkast að hluta í hæsta áhættuflokk þar sem ber að miða við hönnunarhröðunina 0,4 g.<sup>18</sup> Skipting í hönnunarhraðasvæði er sýnd með markalínu á sveitarfélagsupprætti.



*Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði miðað við 500 ára meðal-endurkomutíma.*

*Heimild: Staðlaráð Íslands, Íslenskur staðall.*

<sup>18</sup> Staðlaráð Íslands, Íslenskur staðall

## 6 SAMGÖNGUR OG VEITUR

### 6.1 SAMGÖNGUR

#### 6.1.1 VEGAKERFI UTAN ÞÉTTBÝLIS

Vegagerðin styðst við flokkun þjóðvega í stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Auk þeirra eru sveitarfélagsvegir (gatnakerfi í þéttbýli), almennir stígar og einkavegir. Stofnvegir eru meginsamgönguleiðir milli þéttbýlisstaða og landsvæða. Tengivegir (tengibrautir innan þéttbýlis) tengja helstu áfangastaði við stofnveganetið. Saman mynda stofnvegir og tengivegir meginumferðarkerfi bæja og landsvæða og skulu þeir sýndir í aðalskipulagi. Í aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar eru einnig sýndir „aðrir vegir“ þar sem nauðsynlegt er talið að gera grein fyrir núverandi vegum óháð flokkun eða eignarhaldi.

Utan þéttbýlis eru landnotkunarreitir almennt afmarkaðir 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu tengivega og annarra vega. Stefnt er að því að ný byggð verði almennt ekki nær miðlínu tengivega í dreifbýli en 100 m og 50 m frá öðrum vegum sbr. ákvæði skipulagsreglugerðar (gr. 4.16.2). Frávik, þar sem aðstæður leyfa m.a. með tilliti til umferðaröryggis og hljóðvistar skulu, einungis heimilud í samráði við veghaldara.

Halda skal tengingum við stofnvegi í lágmarki. Ný hús á bújörðum nýti fyrst og fremst núverandi heimreiðar þannig að tengingum við þjóðveg verði ekki fjölgað.

Tveir kaflar af Skíðadalsvegi 807 er ekki lagðir bundnu slitlagi, en sú framkvæmd er á vegaaætlun 2007 til 2010 og áætlað að því ljúki fyrir 2010.

Ekki verður gert ráð fyrir neinum nýjum vegum eða slóðum utan þéttbýlis í aðalskipulaginu. Slóðagerð t.d. vegna landbúnaðar er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.

Í aðalskipulagi er skilgreind göngu- og reiðleið yfir Heljardalsheiði.

Í Múlanum er víða snjóflóðahætta. Þar verður oft mjög hált og getur gert slæm veður þó veður og færð í byggð sé góð.

Komið hafa fram áform um gerð nýrra jarðgangna milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Göngin myndu leysa af hólmi Múlagöngin, sem eru einbreið auk þess sem töluverð snjóflóðahætta er á þjóðveginum frá Karlsá og að gangamunna. Með tilkomu Héðinsfjarðarganga mun umferð til Siglufjarðar breytast og stór hluti hennar fara um Dalvíkurbyggð, Ólafsfjörð og Héðinsfjörð. Helsti farartálmi á þeirri leið verður vegurinn út Múlan og Múlagöngin. Í drögum að nýju aðalskipulagi Fjallabyggðar (mars 2009) er gert ráð fyrir nýjum jarðgöngum frá mynni Burstarbrekkudals til suðausturs í Karlsárdal norðan Dalvíkur, alls um 8,1 km. Með nýjum göngum á þessum slóðum styttest þjóðvegurinn milli staðanna um 4 km, sneitt yrði hjá snjóflóðahættusvæði og akstur milli staðanna yrði viðstöðulaus á tvíbreiðum vegi. Annar kostur á vegabótum á þessari leið er að gera ný einföld göng samsíða gömlu Múlagöngunum og verja veginn á snjóflóðahættusvæðum. Rík ástæða er til að vinna að bættum

Eftirtaldir vegir eru sýndir á sveitarfélagsupprætti:

Vegnr.	Vegheiti	Heiti upphafspunkts	Lengd	Vegfl.
82	Ólafsfjarðarvegur	Sveitarfélagsmörk við Rauðuvík	5,49	S
82	Ólafsfjarðarvegur	Hauganesvegur (809)	11,3 3	S
82	Ólafsfjarðarvegur	Dalvík, barnaskóli	1,25	S
82	Ólafsfjarðarvegur	Dalvík, Brimnesá	10,9 2	S
82	Ólafsfjarðarvegur	Gangamunni eystri	1,70	S
805	Svarfaðardalsvegur	Ólafsfjarðarvegur (82)	10,5 0	T
805	Svarfaðardalsvegur	Tunguvegur (806)	6,81	T
806	Tunguvegur	Svarfaðardalsvegur (805)	1,44	T
807	Skíðadalsvegur	Ólafsfjarðarvegur (82)	10,3 7	T
807	Skíðadalsvegur	Tunguvegur (806)	6,99	T
808	Árskógssandsvegur	Ólafsfjarðarvegur (82)	1,87	S
808	Árskógssandsvegur	Árskógssandur, Öldugata	0,25	S
809	Hauganesvegur	Ólafsfjarðarvegur (82)	1,93	T
809	Hauganesvegur	Hauganes, fyrsta gata	0,71	T
810	Sunnutún, Martröð	Ólafsfjarðarvegur (82)	0,14	T

Skýringar:

S Stofnvegur, stofnbraut

T Tengivegur, tengibraut

samgöngum á þessari leið en á þessu stigi liggur ekki fyrir hvar hagstæðast muni verða að leggja göngin og eru því ekki taldar forsendur til þess að merkja þau inn á aðalskipulagsupprátt Dalvíkurbyggðar nú. Stefnt er að því að það verði gert með formlegri breytingu á aðalskipulagi þegar áform, frumhönnun og umhverfismat áætlunarinnar liggur fyrir.

### 6.1.2 GATNAKERFI Í ÞÉTTBÝLI

Í þéttbýli eru einungis sýndar stofn- og tengibrautir á aðalskipulagsupprætti. Gatnakerfi þéttbýlisins er að öðru leyti sýnt sem hluti grunnkorts. Útfærsla þess svo og nákvæm lega vega sem sýndir eru sem „aðrir vegir“ verður skilgreind í deiliskipulagi.

Á þéttbýlisupprætti er sýndur Árskógssandsvegur nr. 808, sem er stofnbraut frá Þjóðvegi niður að höfn á Árskógssandi en hún er ferjuhöfn Hríseyjarferjunar. Einnig er sýndur tengivegur 809, Hauganesvegur, frá Ólafsfjarðarvegi nr. 82 að höfninni á Hauganesi, auk vegar sem flokkaður er sem „aðrir vegir“. Ólafsfjarðarvegur nr. 82 er stofnbraut sem liggur í gegnum Dalvík endilanga. Einnig er sýndur á þéttbýlisupprætti vegur nr. 810 (Sunnutún, Martröð) frá Ólafsfjarðarvegi/Hafnarbraut niður á hafnarsvæðið á Dalvík, sem er ferjuhöfn fyrir Grímseyjarferju.

### 6.1.3 UMFERÐARHÁVAÐI OG LOFTGÆÐI

Ekki liggur fyrir kortlagning hávaða samkvæmt ákvæðum reglugerðar um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir nr. 1000/2005. Umferð um Þjóðveg 82 sem liggur í gegnum þéttbýlið á Dalvík er nú undir viðmiðunarmörkum reglugerðarinnar um það umferðarmagn á vegum sem gefur tilefni til gerðar hávaðakorta fyrir nærliggjandi þéttbýli en verður eitthvað meiri eftir opnun Héðinsfjarðarganga. Umferð á Dalvík er ekki mikil og því líkur á að íbúðarbyggð sé þar undir viðmiðunargildum reglugerða um hljóðstig.

Ólafsfjarðarvegur nr. 82 er stofnbraut sem liggur í gegnum Dalvík endilanga og eru hraðatakmarkanir á honum miðaðar við 50 km/klst. Hljóðstig er háð umferðarhraða og gæti því verið ástæða til þess að lækka hámarksökuhraða í þéttbýlinu á Dalvík.

Loftgæði á einstökum svæðum í Dalvíkurbyggð hafa ekki verið rannsökuð og gefur umferðin þar væntanlega ekki tilefni til sérstakra aðgerða vegna loftmengunar og svifryks. Hins vegar er lyktarmengun frá atvinnustarfsemi á Dalvík sem berst með vindi og eru ríkjandi vindáttir þannig að hennar gætir í íbúðarbyggðinni. Ekki er talið sérstakt tilefni til aðgerða vegna lyktarmengunar.

### 6.1.4 STÍGAKERFI

#### GÖNGULEIÐIR

Á skipulagsupprætti eru sýndar megin gönguleiðir, þ.e. útivistarleiðir utan þéttbýlis og megin göngustígar í þéttbýli. Gönguleiðir, gamlar og nýjar, eru mikilvægar fyrir almenning og ferðaþjónustu á svæðinu. Samgönguleiðir með sögulegan bakgrunn (alfaraleiðir fyrir bílaöld) geta haft meira aðráttarafl fyrir stóran hóp ferðafólks og útivistarfólks en stíkaðar leiðir um óbyggðir. Slíkar leiðir verða því mikilvægari sem frístundabyggð vex í sveitarfélaginu. Ein fjölfarnasta og best þekkt gönguleiðin úr Dalvíkurbyggð er leiðin úr Svarfaðardal um Heljarldalsheiði yfir í Kolbeinsdal í Skagafirði. Önnur mjög fjölfarin leið úr Dalvíkurbyggð liggur úr Böggvisstaðadal um Reykjaheiði til



Af Heljardalsheiði (Keld)



Reykjaheiði (Keld)

Ólafsfjarðar. Báðar þessar leiðir eru varðaðar frá fornu fari. Aðrar leiðir sem sýndar eru á skipulagsupprætti eru taldar upp í lista aftast í þessum kafla. Gönguleiðirnar skulu vera aðgengilegar og opnar fyrir almenna umferð gangandi fólks.

#### STÍGAKERFI Í ÞÉTTBÝLI

Öruggt og aðlaðandi stígakerfi í þéttbýli er ein forsenda fjölbreytt mannlífs auk þess sem slíkt stígakerfi stuðlar að heilbrigði íbúa og vistvænum samgöngum. Leggja ber áherslu á öryggi allra vegfarenda m.a. með öruggum göngustígum og hjólaleiðum.

Í þéttbýli eru megin göngustígar sýndir á aðalskipulagsupprætti. Þeir eru að hluta jafnframt megin hjólaleiðir þar sem stefnt er að endurbótum og aðgerðum til þess að auðvelda hjólreiðar og gera þær öruggari en nú. Aðrar gönguleiðir eru gangstéttir meðfram húsagötum og öðrum götum sem ekki eru sýndar sérstaklega en mynda samfelld stígakerfi um allan bæinn og tengja saman hverfi og megin áfangastaði.

#### REIÐLEIÐIR

Á skipulagsupprætti eru sýndar helstu reiðleiðir. Þær fylgja að hluta til vegum og gömlum þjóðleiðum. Þessar leiðir eru mikið notaðar og unnið hefur verið að endurbótum á þeim. Þær eru allar mikilvægar fyrir vaxandi ferðaþjónustu á skipulagssvæðinu. Gera þarf grein fyrir nýjum megin reiðleiðum á aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir reiðleiðum meðfram þjóðvegum í byggð (innan veghelgunarsvæða) og eru þær sýndar á skipulagsupprætti.

	Heiti	km.	Útivistarleiðir utan þéttbýlis, sem sýndar eru á aðalskipulagsupprætti	H.y.s.
a.	Vá-Múli	7,0	Frá gangnamunna til gangnamunna um Vá-Múla með viðkomu á útsýnisplani á Gamla Múlavegi.	220 m
d.	Reykjaheiði	12,7	Dalvík – Böggvisstaðadalur – um Reykjaheiði – Heiðardalur. Gömul póstleið milli byggða, vörðud.	850 m
	Friðland Svarfdæla	4,2	Húsabakki – Tjarnartjörn – bakkar Svarfaðardalsár – Hánefstaðareitur.	20 m
e.	Nykurtjörn	4,5	Við Steindyr í Svarfaðardal – Þverárgil – Steindyrarafoss – Bakkabjörg – Nykurtjörn. Fjölfarin, stikuð gönguleið.	670 m
i.	Heljardalsheiði	12,5	Svarfaðardalur – Heljardalsheiði – Heljardalur – Kolbeinsdalur – Skagafjörður. Höfuð-samgönguæð milli Svarfaðardals og Skagafjarðar í gegnum aldir	730 m
j.	Vatnsdalur	19,1	Kot í Svarfaðardal – Vatnsdalur Fjölfarin, stikuð gönguleið að Skeiðsvatni.	1085 m
l.	Tungnahryggur	15,5	Skíðadalur – um Svarfdælaskarð – Steingrímsöxl – Tungnahryggsjökull – Tungnahryggur.	1220 m
p.	Þorvaldsdalur	22,2	Árskógsströnd – Þorvaldsdalur – Hörgárdalur. Gönguleið um forna eyðibyggd.	290 m



## 6.2 VEITUR

Í reglugerð um neysluvatn (536/2001) og reglugerð um varnir gegn mengun vatns (796/1999 með síðari breytingum (533/2001)) er gerð grein fyrir reglum sem gilda um vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði umhverfis þau. Um rotþrær gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólþ (798/1999) og reglugerðar um meðhöndlun seyr (799/1999).

Á skipulagsupprætti eru núverandi og fyrirhugaðar stofnlagnir veitukerfa sýndar. Við skipulag landnotkunar, t.d. vegna byggðar, skal taka mið af legu veitukerfa og hafa samráð við viðkomandi veitufyrirtæki ef líkur eru á að framkvæmdir eða fyrirhugð landnýting geti haft áhrif á legu eða útfærslu þeirra.

### 6.2.1 VATNSVEITA

Gerð er grein fyrir verndarsvæðum vatnsbóla og ákvæðum um þau í kafla 5.3.2. Meginvatnsból og vatnsverndarsvæði í Dalvíkurbyggð eru þrjú: Á austurbakka Svarfaðardalsár syðst í landi Bakka og Hofsaðarkots, í Upsanum utan og ofan við Dalvík og í Brattavallahólum á Árskógsströnd. Þessu er með ýmsu móti farið í einkaveitum á bújörðum, en þó eru flestar bújarðir í miðsveit Svarfaðardals og á Árskógsströnd tengdar vatnsveitu sveitarfélagsins. Á upprætti eru sýnd brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði vatnsbólanna. Stofnlagnir vatnsveitu eru sýndar á aðalskipulagsupprætti. Ekki er gerð grein fyrir einkaveitum í aðalskipulagi.


### 6.2.2 FRÁVEITA

Eitt fráveitukerfi er á Dalvík með einni útrás u.þ.b. 400 m út frá meðalstórstraumsfjöruborði. Skolþ er ekki hreinsað en mælingar sýna gott ástand sjávar undan strönd Dalvíkur. Unnið er samkvæmt þriggja ára áætlun um frekari uppbyggingu fráveitukerfis fyrir Árskógssand og Hauganes. Miðað skal við að saurgerlamengun í strandsjó við Dalvíkurbyggð verði áfram undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um fráveitur og skolþ (798/1999), þ.e. undir 100 saurkólígerlar pr. 100 ml þar sem sjór við strönd Dalvíkurbyggðar telst síður viðkvæmur viðtaki.

Á undanförunum árum hefur verið gert átak í því að húseigendur utan þéttbýlis komi fráveitumálum í fullnægjandi horf miðað við ákvæði reglugerðar um fráveitur og skolþ (798/1999). U.þ.b. ¾ íbúðarhúsa og frístundahúsa í dreifbýli eru nú (2008) með rotþró, sem uppfyllir kröfur reglugerða.

Í deiliskipulagi íbúðarbyggðar og frístundabyggðar í sveitinni svo og við undirbúning að byggingu stakra húsa skal gera grein fyrir fráveitumálum í samræmi við lög og reglugerðir og þess gætt að rotþró og síubeðum verði þannig fyrir komið að ekki valdi óþægindum eða skaða með lykt eða sigvatni. Á nýjum byggingarsvæðum skal leitast við að sameina fráveitu í stærri rotþrær, og samræma lausnir fyrir samfelld svæði frekar en stök hús. Einnig verði hugað að öðrum möguleikum á lausn fráveitumála.

Í gildi er samþykkt um losun rotþróa á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra nr. 671/2003. Einkafyrirtæki sér um þjónustu vegna rotþróa og förgun seyr skv. samningi og starfsleyfi.



Staurastæður á Hámundastaðahálsi (Keld)



*Hitaveitutankar á Hamri (ÁÓ)*

### 6.2.3 HITAVEITA

Tvö svæði eru virkjuð á starfssvæði Hitaveitu Dalvíkur, það er á Hamri í Svarfaðardal og á Brimnesborgum á Árskógsströnd. Nú hefur verið lögð hitaveitu um allt sveitarfélagið að undanskildum fram-Svarfaðardal og Skíðadal sem ekki tengjast veitukerfi Hitaveitunnar ennþá. Stofnlögn veitunnar er sýnd á aðalskipulagsupprætti. Heimilt verður að leggja nýjar stofnlagnir undir götum og stígum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Ekki er gerð grein fyrir dreifilögnum á aðalskipulagsupprætti.

### 6.2.4 RAFVEITA

Raforka kemur um 66 kV flutningslínu Landsnets í aðveitustöð á Hríshöfða við Dalvík (647-I). Þaðan er 33 kV loftlína í aðveitustöð við Stærri-Árskóg (823-I). Frá aðveitustöðvum er orku raforka flutt um 11 kV dreifikerfi Rarik til neytenda. Dreifikerfið er að hluta loftlínur en talsverður hluti þess hefur verið lagður í jörð. Vænta má að með tímanum (viðhald og endurnýjun) verði loftlínur dreifikerfisins lagðar í jörð og er miðað við að svo verði gert með nýjar raflínur.

Á skipulagsupprætti eru núverandi raflínur og -strengir (66 og 33 kV) sýndir miðað við stöðu 2008. Sýnt er helgunarsvæði 66 kV flutningslínu, sem er 25 m breitt. Innan þess eru vissar takmarkanir á landnotkun og fjarlægðamörk mannvirkja sbr. reglugerð 586/2004 og þá staðla, sem hún vísar til. Dreifikerfi, þ.e. lega 11 kV lína og strengja, annarra en strengja til Ólafsfjarðar, Hríseyjar og Grenivíkur, er ekki sýnt í aðalskipulagi. Dreifistöðvar rafveitu (spennistöðvar) eru ekki sýndar á aðalskipulagsupprætti. Þær eru sýndar í deiliskipulagi viðkomandi svæða.

### 6.2.5 FJARSKIPTI

Allt dreifikerfi Símans er komið í jörðu svo og ljósleiðarakerfið. Ljósleiðari var lagður um Heljardalsheiði niður Svarfaðardal og til Dalvíkur árið 1990. Í tengslum við lagningu hitaveitu frá Brimnesborgum að Hamri og þaðan um Svarfaðardal var lagður ljósleiðari um svæðið. Stefnt er að allir íbúar sveitarfélagsins eigi aðgang að háhraðatengingu fyrir 2010.

Lega núverandi ljósleiðara er sýnd á aðalskipulagsupprætti. Ekki eru sýndar aðrar fjarskiptalagnir á skipulagsupprætti. Staðsetning minni endurvarpsstöðva og fjarskiptabúnaðar verður ekki ákveðin í aðalskipulagi heldur skal uppsetning nýs búnaðar ákvörðuð í deiliskipulagi eða kynnt hagsmunaaðilum með grenndarkynningu. Lagning fjarskiptalagna í jörð meðfram vegum og stígum, verður heimil án breytingar á aðalskipulagi.

## 7 UMHVERFISÁHRIF

### 7.1 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM SKIPULAGSÁÆTLUNAR

Samkvæmt 3. grein laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 gilda ákvæði laganna um þær skipulagsáætlanir, sem marka stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þær áætlanir skulu vera undirbúnar og/eða samþykktar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra. Í 9. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er kveðið á um að í skipulagsáætlunum skuli „gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstaka markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmda á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma.” Þótt ekki sé gert ráð fyrir neinum framkvæmdum sem tilgreindar eru í viðaukum laga um mat á umhverfisáhrifum í aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar er áætlunin unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana (105/2006).

Einhverjar framkvæmdir gætu komið til álita innan sveitarfélagsins t.d. á iðnaðarsvæðum utan þéttbýlis eða að breyttu aðalskipulagi, sem væru matsskyldar skv. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (106/2000) eða tilkynningarskyldar skv. 2. viðauka sömu laga. Engar forsendur eru á þessu stigi til þess að gera nánari grein fyrir slíkum möguleikum enda verði farið með viðkomandi mál í samræmi við ákvæði laga.<sup>19</sup>

### 7.2 UMHVERFISSKÝRSLA

#### a) Helstu stefnumið og tengsl við aðrar áætlanir

##### Stefnumótun

Umhverfisráð hefur unnið tillögu til bæjarstjórnar um stefnu fyrir endurskoðun aðalskipulagsins. Stefnan byggist m.a. á íbúáþingi, sem haldið var 21. október 2006, svo og fjölmörgum fundum með bæjarfulltrúum og fulltrúum hagsmunaaðila og íbúa frá mars 2004 til maí 2007. Sjá áfangaskýrslu um stefnu bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar fyrir nýtt aðalskipulag, des. 2007. Meginviðfangsefni nýs aðalskipulags eru:

**Dalvík:** Endurskoðun og minni háttar breytingar á afmörkun landnotkunarreita, m.a. endurskoðun á afmörkun miðbæjar.

Breytt stefna um ný byggingarsvæði. Íbúðarbyggð þróist til suðurs en ekki til norðurs. Suðursvæðin liggja betur við skólum og íþróttamannvirkjum en auk þess takmarkaði starfsemi, sem nú er aflögð, áður byggð til suðurs. Íbúðarbyggð norðan Brimnesár er felld út.

<sup>19</sup> Sjá nánar viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

#### Matskyldar framkvæmdir skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum

Sem dæmi um framkvæmdir sem gætu komið til álita innan sveitarfélagsins að breyttu aðalskipulagi og væru matsskyldar skv. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000:

- 1 Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.
- 2 Loflínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri.
- 3 Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri.

Sem dæmi um framkvæmdir sem gætu komið til álita innan hreppsins að breyttu aðalskipulagi og væru tilkynningarskyldar skv. 2. viðauka reglugerðarinnar má nefna:

1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi:
  - a. Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.
  - b. Framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað.
  - c. Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.
3. Matvælaíðnaður:
  - a. Vinnsla á olíu og fitu úr jurtum og dýrum.
  - b. Þökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum 75 tonn á dag eða meira.
  - c. Framleiðsla á mjólkurvörum 200 tonn á dag eða meira.
  - d. Sláturhús.
  - e. Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur á verndarsvæðum; fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 500 tonn á sólarhring eða meiri.

Nokkrar breytingar á atvinnu- og iðnaðarsvæðum, m.a. til þess að bæta bæjarmynd og umhverfi.

**Porpin:** Landnotkunarreitir endurskoðaðir m.a. með það í huga að styrkja einkenni hvers staðar og bjóða upp á fjölbreytta búsetukosti í þéttbýli, t.d. sjávarlóðir nálægt höfn (Hauganes), lóðir upp með Þorvaldsdalsá (Árskógssandur), stórar íbúðarlóðir í sveit (Laugahlíð) auk smábýlalóða í þyrpingu nálægt þéttbýli (landbúnaðarsvæði við Hauganes).

**Sveitin:** Mótuð er sú stefna um nýtingu landbúnaðarlands að gott landbúnaðarland verði ekki tekið til annarra nota sem komi í veg fyrir nýtingu þess til búvöruframleiðslu.

Skilgreint verði svigrúm til nýtingar bújarða, bæði um aðra atvinnustarfsemi á bújörðum og heimildir til byggingar íbúðarhúsa og frístundahúsa.

**Umhverfi og náttúruvernd:** Lagðar eru fram umfangsmiklar tillögur um hverfisvernd til viðbótar þeim verndarsvæðum sem þegar hafa verið skilgreind í sveitarfélaginu. Þar er sérstaklega litið til söguminja og náttúrufrýrbrigða, sem m.a. falla undir ákvæði náttúruverndarlaga um sérstaka vernd. Sjá áfangaskýrslu um takmörkun á landnotkun, október 2007.

#### **Tengsl við aðrar áætlanir**

**Aðalskipulag Dalvíkur 1992 – 2012:** Nýtt aðalskipulag felur í sér endurskoðun á aðalskipulagi Dalvíkur.

**Aðalskipulag Árskógshrepps 1991 – 2011:** Nýtt aðalskipulag felur í sér endurskoðun á aðalskipulagi Árskógshrepps. Fyrir liggja drög að aðalskipulagi frá 1998 sem einnig eru höfð til hliðsjónar.

**Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018:** Svæðisskipulagið hefur verið fellt úr gildi en í því fólust ákvæði t.d. um náttúruvernd, vatnsvernd o.fl. sem tekin eru eftir því sem við á upp í nýtt aðalskipulag. Einnig voru þar skilgreindir landnotkunarreitir, t.d. iðnaðarsvæði, sem færð eru inn á aðalskipulag í samræmi við niðurstöðu mats á valkostum.

**Náttúruverndaráætlun:** Ekki er gert ráð fyrir nýjum viðfangsefnum innan sveitarfélagsins í náttúruverndaráætlun 2004-2008.

**Samgönguáætlun:** Í samgönguáætlun 2007-2010 er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum sem áhrif hafa á gerð eða útfærslu aðalskipulags Dalvíkurbyggðar.

**Aðliggjandi sveitarfélög:** Að Dalvíkurbyggð liggja Fjallabyggð að norðan, Sveitarfélagið Skagafjörður að vestan og Hörgárbyggð og Arnarneshreppur að sunnan. Hrísey er undan landi en hún er hluti sveitarfélagsins Akureyrarkaupstaðar. Sveitarfélagamörk er að langmestu leyti í óbyggðum. Mörk Arnarneshrepps og Dalvíkurbyggðar eru á óráttuðu landi milli Rauðvíkur (Dal.) og Fagraskógar (Arn.).

Sameiginleg skipulagsmál eru því einungis vegakerfi, lagnir (ljósleiðarar og raflínur), slóðar í óbyggðum og verndarákvæði. Hverfisverndarsvæði í Þorvaldsdal liggur að mörkum Hörgárbyggðar og

hverfisverndarsvæði í Múlanum mætir verndarsvæði í Fjallabyggð. Ekki er þörf á sérstakri samræmingu landnotkunarreita eða skipulagsákvæða við aðliggjandi sveitarfélög.

#### **b) Umfang og „núllkostur”**

Umfang aðalskipulagsins markast af sveitarfélagsmörkum.

Skipulagsáætlunin tekur mið af núverandi stöðu og líklegri framþróun, bæði miðað við sveitarfélagið eingöngu og landið allt. Ekki er gert ráð fyrir neinni meiri háttar uppbyggingu eða framkvæmdum sem hafa afgerandi áhrif á umhverfi og samfélag. Möguleiki er á uppbyggingu iðnaðarstarfsemi á stóru iðnaðarsvæði við Árskógssand þótt ekki séu uppi um það sérstök áform á þessu stigi.

Áhrif af því að áætlunin taki ekki gildi yrðu helst þau að ekki yrði fjallað um umsóknir um breytta landnotkun í sveitinni á grundvelli ákveðinnar stefnu um nýtingu landsins. Afleiðing þess gæti orðið sú að gengið yrði á landgæði landbúnaðarlandsins.

Verði ekki af samþykkt áætlunarinnar munu íbúar Dalvíkurbyggðar áfram búa við þröngan kost með athafna- og iðnaðarsvæði auk þess sem iðnfyrirtækjum, sem hafa truflandi áhrif á umhverfi sitt, yrði ekki gert kleift að flytja starfsemi sína úr þéttbýlinu.

#### **c) Umhverfispættir, sem orðið geta fyrir áhrifum við framkvæmd áætlunarinnar**

Áhrif af nýrri byggð eru þekkt, fyrirsjáanleg og oft á tíðum augljós. Nýrri byggð í sveitinni þarf að þjóna með fráveitukerfi eða rotþróm, sem uppfylla skilyrði viðkomandi reglugerðarákvæða. Önnur veitukerfi hafa sem næst engin áhrif á umhverfi sitt.

#### **d) Umhverfisvandamál, sérstaklega gagnvart svæðum með sérstakt náttúruverndargildi**

Ekki er um að ræða sérstök umhverfisvandamál í sveitarfélaginu. Landbúnaður og byggðin í sveitinni getur haft áhrif á vatnsgæði í lækjum, ám og votlendi (friðlandi Svarfdæla) með áburðargjöf og fráveitu. Með markvissum vinnubrögðum og áframhaldandi uppbyggingu og frágangi fráveitu í dreifbýlinu, sem uppfyllir ákvæði reglugerða, verður hæglega komist hjá áhrifum búskapar og búsetu á vatnafar.

#### **e) Umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda**

Ekki er talið að umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda eigi sérstaklega við einstaka þætti aðalskipulagsins. Stefna sveitarstjórnar um nýtingu góðs landbúnaðarlands til búvöruframleiðslu er í samræmi við meginmarkmið jarðalaga nr. 81/2004 og styður markmið stjórnvalda skv. stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi.<sup>20</sup>

Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar er á náttúruminjasrá svo og ríplarnir á Upsaströnd. Ríplarnir ásamt nokkrum svæðum í fjallendinu eru skilgreindir sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulaginu.

<sup>20</sup> Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2006-2009. Umhverfisráðuneytið.

Í Böggisstaðafjalli er fólkvangur afmarkaður vegna útivistargildis í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd. Fólkvangurinn er skilgreindur í aðalskipulaginu.

Í Svarfaðardal er afmarkað friðland við Svarfaðardalsá í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd. Friðlandið er afmarkað á sama hátt í aðalskipulagi.

#### **f) Líkleg umhverfisáhrif, valkostir**

Við vinnslu aðalskipulagstillögunnar voru bornir saman ólíkir stefnukostir um nýtingu landbúnaðarlands, þeir kostir sem helst komu til greina fyrir iðnaðar- og athafnasvæði utan þéttbýlis og þrír möguleikar á legu búgarðabyggðar í grennd við Hauganes. Kostirnir voru bornir saman með hliðsjón af líklegum umhverfisáhrifum.

#### **Stefna um nýtingu landbúnaðarlands**

Stefnumörkun fyrir gerð aðalskipulagsins er almennt orðuð og í samræmi við stefnu bæjarstjórnar í öðrum málaflokkum og almenn viðhorf og væntingar. Nýmæli felst einna helst í stefnu um nýtingu landbúnaðarlands og þótti ástæða til þess að greina áhrif af þeirri stefnumótun sérstaklega.

Bornir eru saman tveir stefnukostir; annars vegar að heimilt verði (eftir áhuga og ásókn landeigenda) að rækta skóg eða reisa byggð á góðu landbúnaðarlandi en hins vegar að gott landbúnaðarland verði varðveitt þannig að nýta megi það áfram til búvöruframleiðslu.

Samanburðurinn miðast einungis við núverandi ræktað land en ekki að nýtt land verði brotið undir landbúnað t.d. með framræslu votlendis. Þegar óraskað land er tekið til ræktunar viku náttúrulegur gróður fyrir sáðgrösom og búsvæði villtra dýra skerðast. Þegar nýtt land er brotið undir landbúnað með þurrkun og framræslu hefur það í för með sér aukna losun gróðurhúsalofttegunda. Einnig getur ræktun landbúnaðarlands haft áhrif á fornleifar eða jarðmyndanir og náttúruyfyrirbrigði, sem njóta sérstakrar verndar. Þetta eru neikvæð áhrif, sem ekki koma fram við varðveislu lands, sem þegar hefur verið tekið til ræktunar. Ræktun getur einnig haft áhrif á búsetulandslag, þ.e. það landslag eða yfirbragð byggðar, sem búseta mannsins, umsvif og ræktun hefur mótað um aldir.



Nýting landbúnaðarlands	Möguleikar á byggð og skógrækt á góðu landbúnaðarlandi	Gott landbúnaðarland varðveitt til búvöruframleiðslu
Orka og auðlindanotkun	- Gengið á land sem hentar til búvöruframleiðslu (auðlind). Dreifð byggð í sveit (ótengd búrekstri og landbúnaði) óhagkvæm gagnvart samgöngum og veitukerfum.	+ Landbúnaðarlandi viðhaldið sem auðlind. Byggð beint í hagkvæmari rekstrareiningar í þorpum og bæjum. Byggðin í sveitinni tengist fyrst og fremst búskap.
Andrúmsloft, losun gróðurhúsalofttegunda	- Dreifð byggð hefur í för með sér aukna umferð (lengri akstursvegalengdir). + Aukin skógrækt bindur koltvísýring.	0 Óbreytt notkun landbúnaðarlands, engin breyting á áhrifum.
Vatn, vatnsgæði, vatnsvernd	Ú Aukinni byggð fylgir skolp, sem veita þarf í fráveitukerfi eða rotþrær. - Skógrækt með barrtrjám sýrir jarðveg.	Ú Notkun tilbúins áburðar og húsdýraáburðar getur haft áhrif á lífríki vatna og spillt vatnsgæðum.
Náttúrufar, vistkerfi	+ Skógrækt getur bætt hag margra fuglategunda. Breytt nýting gæti gefið kost á endurheimt votlendis. - Skógrækt er talin skerða varplönd mófugla. Ú Ný byggð breytir umhverfi, sem þegar hefur verið raskað.	0 Óbreytt notkun landbúnaðarlands, engin breyting á áhrifum.
Hagrænir og félagslegir þættir	- Dreifð byggð í sveit (ótengd búrekstri og landbúnaði) óhagkvæm gagnvart samgöngum, veitukerfum og félagslegri þjónustu. + Fleiri nýtingarmöguleikar geta aukið möguleika á fjárhagslegum ávinningi landeigenda og haft jákvæð áhrif á vöxt og viðgang sveitarfélagsins.	+ Styður markmið laga og stefnu ríkisstjórnar um varðveislu landbúnaðarlands og möguleika á framleiðslu heilnæmra, öruggra matvæla úr hággæða hráefnum. Landið verður síður háð innflutningi matvæla og verðsveiflum á alþjóðamarkaði.
Náttúru- og menningarminjar, búsetulandslag	Ú Skógrækt getur haft áhrif á fornleifar eða jarðmyndanir, sem njóta sérstakrar verndar. Búsetulandslag getur breyst í grundvallaratriðum vegna nýrrar byggðar og skógræktar á núverandi. t.únum.	0 Óbreytt notkun landbúnaðarlands, engin breyting á áhrifum. Ú Búsetulandslagi sveitarinnar viðhaldið eða það styrkt.


- Neikvæð áhrif    + Jákvæð áhrif    Ú Áhrif háð útfærslu    0 Óveruleg áhrif/á ekki við    ? Óþekkt áhrif

## Niðurstaða

Með hliðsjón af samanburði þessara kosta er lagt til að í aðalskipulagi verði markmið um varðveislu góðs landbúnaðarlands. Það styður þá stefnu stjórnvalda, sem fram kemur í meginmarkmiði jarðalaga og stefnumótun um sjálfbært samfélag.

## Skipulagskostir fyrir athafna- og iðnaðarsvæði

Ekki var talin þörf á greiningu ólíkra skipulagskosta um meginrætti aðalskipulagsins við gerð skipulagstillögunnar. Til greina komu nokkrir kostir fyrir ný athafna- og iðnaðarsvæði utan þéttbýlis og voru þeir bornir saman, þ.e. annars vegar kostir á athafnasvæðum og hins vegar kostir á iðnaðarsvæðum. Iðnaðarsvæði eru ætluð fyrirtækjum, sem geta haft neikvæð áhrif á umhverfi sitt t.d. með mengun af einhverju tagi.



Athafnasvæði	408 A/Íb Blandað svæði við Ásgarð	515 A Ofan þjóðvegur í Ytra- Holti	Ómerkt Neðan þjóðvegur og austan Hrings-Holts	703 A Vestan þéttbýlis á Árskógssandi	812 A Neðan þjóðvegur við Melbrún
1. Orka og auðlindanotkun	+ Liggur vel við veitukerfum.	+ Liggur vel við veitukerfum. - U.þ.b. 3 ha. ræktaðs lands fara undir svæðið.	+ Liggur vel við veitukerfum.	+ Liggur vel við veitukerfum.	+ Liggur vel við veitukerfum. Óræktað land.
2. Andrúmsloft, losun gróðurhúsaloft-tegunda	Ú Háð starfsemi.	Ú Háð starfsemi.	Ú Háð starfsemi.	Ú Háð starfsemi.	Ú Háð starfsemi.
3. Vatn, vatnsgæði, vatnsvernd	Ú Háð starfsemi.	Ú Koma þarf í veg fyrir að fráveita af svæðinu spilli Holtsá.	Ú Koma þarf í veg fyrir að fráveita af svæðinu spilli Holtsá.	Ú	Ú Koma þarf í veg fyrir að fráveitur af svæðinu spilli Þorvaldsdalsá.
4. Náttúrufar, vistkerfi	0 Hefur ekki áhrif á mikilvæg varplönd eða uppeldissvæði fugla.	0 Lítil sem engin röskun á landslagi. Búsvæðum fugla lítil hættu búin.	0 Lítil sem engin röskun á landslagi.	0 Lítil sem engin röskun á landslagi.	0 Lítil sem engin röskun á landslagi.
5. Hagrænir og félagslegir þættir	+ Liggur vel við atvinnusókn.	+ Liggur vel við atvinnusókn úr Dalvík og Svarfaðardal.	+ Liggur vel við atvinnusókn. - Nærbeitarhólf hestamanna fara undir svæðið. Nálægt aðstöðu hestamanna.	+ Atvinnusókn frá Árskógsströnd og Hrísey. Fjöldi íbúðarhúsaloða í næsta nágrenni.	+ Góð staðsetning með tilliti til atvinnusóknar úr öllu héraðinu. Mikið framboð af íbúðarhúsaloðum í næsta nágrenni.
6. Heilsa og öryggi	0	- Lyktarmengun vegna núverandi kjúklingabús. Mjór vegur frá Árgerði.	- Lyktarmengun vegna núverandi kjúklingabús og hesthúsa. Mjór vegur frá Árgerði.	0	0
7. Náttúru- og menningarminjar	0 Engar náttúruminjar eða skráðir minjastaðir.	0 Engar náttúruminjar eða skráðir minjastaðir.	- Liggur nálægt friðlandi Svarfdæla.	- Sveitarlangur liggur yfir svæðið.	0 Engar náttúruminjar eða skráðir minjastaðir.
8. Sjónræn áhrif, búsetulandslag, bæjarmynd	Ú Mjög áberandi í ásýnd og aðkomu Dalvíkur. Hugsanleg blanda atvinnufyrirtækja og íbúðarbyggðar gæti bætt bæjarmyndina.	Ú Áberandi í ásýnd byggðarinnar í sveitinni. -	0 Síður áberandi í búsetulandslagi en byggð ofan vegar m.a. vegna hæðarlegu og nálægðar við stórar byggingar sem fyrir eru.	0 Liggur að hafnarsvæði Árskógssands – eðlileg viðbót við það.	0 Frekari byggð á svæðinu gæti bætt ásýnd þess.

- Neikvæð áhrif

+ Jákvæð áhrif

Ú Áhrif háð útfærslu

0 Óveruleg áhrif/á ekki við

? Óþekkt áhrif

<b>Íðnaðarsvæði</b>	<b>(ómerkt) Norðan Sæbóls</b>	<b>649 I Norðan Þjóðveggar á Hrísamóum</b>	<b>805 I Norð-austan Þjóðveggar á Árskógsströnd</b>
<b>1. Orka og auðlindanotkun</b>	<b>+</b> Nálægt höfn og þjónustukerfum Dalvíkur.	<b>+</b> Liggur vel við veitukerfum og samgöngum.	<b>+</b> Liggur vel við veitukerfum og samgöngum.
<b>2. Andrúmsloft, losun gróðurhúsalofttegunda</b>	<b>Ú</b> Háð starfsemi.	<b>Ú</b> Háð starfsemi.	<b>Ú</b> Háð starfsemi.
<b>3. Vatn, vatnsgæði, vatnsvernd</b>	<b>Ú</b> Háð starfsemi.	<b>Ú</b> Háð starfsemi. Koma þarf í veg fyrir að fráveita af svæðinu spilli Hálsá og friðlandi Svarfdæla.	<b>Ú</b> Háð starfsemi.
<b>4. Náttúrufar, vistkerfi</b>	<b>0</b> Hefur ekki áhrif á sérstæðar jarðmyndanir.	<b>0</b> Lítil sem engin röskun á landslagi. Malarnám er stundað á svæðinu. Óræktað land. Varplönd máva og mófugla skerðast.	<b>0</b> Lítil sem engin röskun á landslagi. Óræktaðir lyngmóar. Varplönd máva og mófugla skerðast.
<b>5. Hagrænir og félagslegir þættir</b>	<b>+</b> Liggur vel við atvinnusókn.	<b>+</b> Góð staðsetning með tilliti til atvinnusóknar úr öllu sveitarfélaginu. <b>-</b> Nálægð við frístundabyggð.	<b>+</b> Góð staðsetning með tilliti til atvinnusóknar úr öllu héraðinu. <b>-</b> Mikið framboð af íbúðarhúsaloðum í næsta nágrenni.
<b>6. Heilsa og öryggi</b>	<b>-</b> Skammt frá skilgreindu snjóflóða-hættusvæði. Gæti aukið þungaumferð í gegn um Dalvík. Hafgola á sumri stendur af svæðinu yfir Dalvík.	<b>Ú</b> Háð útfærslu. Flutningur starfsemi frá íbúðarbyggð sbr. lið 8. <b>+</b> Hugsanlega þörf á varnargörðum v/ flóða og aurburðar Hálsár. <b>-</b>	<b>Ú</b> Háð starfsemi. Svæðið ætlað einum stórum notanda.
<b>7. Náttúru- og menningarminjar</b>	<b>0</b>	<b>Ú</b> Skammt vestan við svæðið er þekktur kumlategur. <b>?</b>	<b>-</b> Sveitarlangur liggur þvert yfir reitinn.
<b>8. Sjónræn áhrif, búsetulandslag, bæjarmynd</b>	<b>-</b> Mjög áberandi í ásýnd og aðkomu Dalvíkur úr norðri.	<b>-</b> Byggð á svæðinu áberandi á opnu landi. Gefur kost á flutningi starfsemi, sem hefur neikvæð áhrif á umhverfið frá Dalvík. <b>+</b> Verður þar með í talsverðri fjarlægð frá íbúðarbyggð.	<b>-</b> Byggð á svæðinu áberandi á opnu landi. Í forgrunni í ásýnd Árskógssands.

- Neikvæð áhrif

+ Jákvæð áhrif

Ú Áhrif háð útfærslu

0 Óveruleg áhrif/á ekki við

? Óþekkt áhrif


## Niðurstaða

**Athafnasvæði:** Ókostir hugsanlegs athafnasvæðis neðan Þjóðvegjar austan Hrings-Holts vegna nálægðar við aðstöðu hestamanna þar og nálægðar við friðland Svarfdæla eru taldir það miklir að ekki er lagt til að gefinn verði kostur á uppbyggingu þar. Lagt er til að önnur athafnasvæði verði sett inn á aðalskipulagsupprátt. Athafnasvæði í Ytra-Holti þó háð annmörkum vegna nálægðar við kjúklingabú. Gæta þarf að fornminjum við skipulag athafnasvæðis á Árskógssandi.

**Iðnaðarsvæði:** Lagt er til að iðnaðarsvæði norðan Sæbóls (norðan Dalvíkur), sem er í gildandi aðalskipulagi, verði felld út úr skipulagi vegna nálægðar við snjóflóðahættusvæði. Iðnaðarsvæði á Árskógsströnd, sem ætlað er hugsanlegum stóriðnaði eða stóru fyrirtæki (þ.e. ekki skipt upp í minni einingar) og iðnaðarsvæði á Hrísamóum, sem bæði voru skilgreind í svæðisskipulagi Eyjafjarðar, verði hins vegar sett inn í aðalskipulag Dalvíkurbyggðar. Í aðalskipulagi verði gert ráð fyrir skógrækt eða skjólbeltum umhverfis svæðin til þess að skýla þeim og milda ásynnd þeirra. E.t.v. verður þörf fyrir varnargarða meðfram Hálsá sunnan iðnaðarsvæðisins á Hrísamóum. Gæta þarf vel að fornminjum og hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins við undirbúning skipulags og framkvæmda á svæðunum.

## Búgarðabyggð við Hauganes

Við Hauganes er gert ráð fyrir möguleika á smábýlum eða búgörðum í þyrpingu. Markmiðið er að höfða til íbúa, sem óska eftir búsetukostum í sveitinni með möguleika á minni háttar skepnuhaldi og ræktun umfram það sem heimilt er á íbúðarsvæðum. Bornir eru saman þrjú kostir a, b og c með tilliti til líklegra áhrifa á umhverfið og stefnu sveitarstjórnar. Svæðið verður skilgreint sem landbúnaðarland.



*Drög að aðalskipulagsupprætti í vinnslu vorið 2008. Sýndir eru þrjú kostir á búgarðabyggð við Hauganes. Breytingar voru gerðar síðar á legu reiðleiða og gönguleiða auk þess sem afmörkun svæðis 821-L(b) var breytt.*

Búgarðabyggð	821-L (a) Ofan Brimnesborga (32,7 ha)		821-L (b) Neðan Brimnesborga (29,2 ha)		821-L (c) Í landi Selár (27,4 ha)	
1. Orka og auðlindanotkun	+	Liggur vel við veitukerfum og samgöngum.	+	Liggur vel við veitukerfum og samgöngum.	+	Liggur vel við veitukerfum og samgöngum.
2. Andrúmsloft, losun gróðurhúsalofttegunda	+	Góð staðsetning m.t.t. annarrar byggðar.	-	Lyktarmengun tengd búfjárhaldi gæti borist yfir þéttbýlið á Hauganesi. Liggur að íbúðarlóðum norðan Hauganess.	-	Lyktarmengun tengd búfjárhaldi gæti borist yfir þéttbýlið á Hauganesi.
3. Vatn, vatnsgæði, vatnsvernd	Ú	Svæðið liggur meðfram Þorvaldsdalsá. Koma þarf í veg fyrir að fráveita af svæðinu spilli Þorvaldsdalsá og nálægum útivistarsvæðum.	Ú	Háð útfærslu.	Ú	Háð útfærslu.
4. Náttúrufar, vistkerfi	0	Hefur ekki áhrif á sérstæðar jarðmyndanir. Óræktaðir lyngmóar en ræktanlegt land.	0	Hefur ekki áhrif á sérstæðar jarðmyndanir. Lítil röskun á landslagi. Óræktað en ræktanlegt land.	0	Hefur ekki áhrif á sérstæðar jarðmyndanir. Ræktað land.
5. Hagrænir og félagslegir þættir	+	Góð staðsetning með tilliti til atvinnusóknar úr öllu sveitarfélaginu. Nálægt skóla og leikskóla.	+ -	Góð staðsetning með tilliti til atvinnusóknar úr öllu sveitarfélaginu. Nálægt skóla og leikskóla. Beitarhólf hestamanna á reitnum víkja.	+	Góð staðsetning með tilliti til atvinnusóknar úr öllu sveitarfélaginu. Nálægt skóla og leikskóla.
6. Heilsa og öryggi	Ú	Háð útfærslu.	Ú	Háð útfærslu.	Ú	Háð útfærslu.
7. Náttúru- og menningarminjar	0	Engar minjar á svæðinu svo vitað sé.	Ú	Sveitarlangur liggur í jaðri reitsins.	Ú	Á reitnum eru byggingar sem gætu fallið vel að skipulagningu og nýtingu svæðisins.
8. Sjónræn áhrif, búsetulandslag, bæjarmynd	+	Góð staðsetning m.t.t. annarrar byggðar. Óræktað land breytist í ræktarland.	+	Góð staðsetning m.t.t. annarrar byggðar. Óræktað land breytist í ræktarland.	+ Ú	Góð staðsetning m.t.t. annarrar byggðar. Byggð á svæðinu áberandi á opnu landi. Í forgrunni í ásýnd Hauganess.
9. Stefna sveitarstjórnar	0		0		-	Svæðið er allt á góðu landbúnaðarlandi. Stangast á við meginstefnu sveitarstjórnar um varðveislu ræktarlands. Verður áfram landbúnaðarland þótt tekið verði undan hefbundnum búskap.

- Neikvæð áhrif

+ Jákvæð áhrif

Ú Áhrif háð útfærslu

0 Óveruleg áhrif/á ekki við

? Óþekkt áhrif

#### Niðurstaða

Gert verði ráð fyrir búgarðabyggð á svæði 821-L(b), svæði neðan Brimnesborga. Svæðið verði stækkað og verði beggja vegna við heimreið að Brimnesi/Birnunesi og að landamerkjum að norðan. Svæði C er valið fram yfir svæði A vegna útsýnis til sjávar, sem gefur svæðinu eftirsóknarverða eiginleika. Tillit skal tekið til Sveitarlangss við skipulag svæðisins.



### **g) Mótvægisáðgerðir**

Ekki er talin þörf á viðbúnaði eða mótvægisáðgerðum vegna framfylgdar aðalskipulagsins. Áhrif af nýrri iðnaðarstarfsemi á iðnaðarsvæðum, sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum, verða metin þegar áform og áætlanir liggja fyrir og hugsanlegar mótvægisáðgerðir ákveðnar í framkvæmdamati.

Gert er ráð fyrir að milda sjónræn áhrif af nýjum iðnaðarsvæðum utan þéttbýlis með skógrækt og skjólbeltum.

### **h) Val skipulagskosta, vinnuáferð**

Gerð aðalskipulags Dalvíkurbyggðar hófst árið 2003 og hefur verið unnið að skipulaginu með hléum. Við gerð skipulagsdraga 2007-2008 var tekið mið af nýjum lögum um umhverfismat áætlana eftir því sem verkið gaf tilefni til. Ekki var þörf á að velja milli ólíkra skipulagskosta sem áttu við framkvæmdir eða verkefni, sem heyra undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Áðferð MÁU var hins vegar beitt við val á milli kosta á nýjum athafna- og iðnaðarsvæðum utan þéttbýlis og staðarval fyrir búgarðabyggð við Hauganes sbr. lið f). Einnig þótti ástæða til að meta á sama hátt þann þátt stefnu bæjarstjórnar fyrir aðalskipulagið, sem líklegastur var til að hafa áhrif á umhverfi og samfélag, þ.e. stefnu um nýtingu landbúnaðarlands. Áhrif annarra stefnumiða bæjarstjórnar teljast augljós og fyrirséð.


Samráð var haft við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur umhverfismats áætlunarinnar 10. janúar 2008 og barst svar 12. febrúar 2008.

Áhrifamat áætlunarinnar var undirbúið af skipulagsráðgjöfum. Umhverfisráð Dalvíkurbyggðar og starfsmenn Umhverfissviðs lögðu mat á þá þætti sem voru til skoðunar og mynduðu matsteymi. Matið byggðist því á fjölbreyttum sjónarmiðum fólks með ólíka menntun, bakgrunn og reynslu.

### **i) Vöktun**

Lögboðnir eftirlitsaðilar fylgjast með ákveðnum þáttum umhverfisins. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra fylgist með vatnsgæðum í ám og vötnum, vatnsbólum og fráveitumálum eftir ákveðinni áætlun. Heilbrigðiseftirlitið fylgist einnig með þeirri starfsemi, sem er starfsleyfisskyld og starfsemi, sem haft getur neikvæð áhrif á umhverfi sitt t.d. með lykt. Hafa ber samráð við Fornleifavernd ríkisins þannig að fylgst verði með framkvæmdum sem haft geta áhrif á skráða minjastaði. Lögregla fylgist með umferðarhraða á þeim vegum sem skilgreindir eru í aðalskipulaginu. Almannafræðingur fylgist með hættu á ofanflóðum.

Vöktun vegna rekstrar nýrra fyrirtækja og framkvæmda verður ákveðin í áhrifamati viðkomandi framkvæmdar eða rekstrar eftir því sem við á.



*Sólsetur í hafið (Keld)*

## 8 BREYTINGAR FRÁ GILDANDI SKIPULAGSÁÆTLUNUM

### 8.1 BREYTINGAR Á FRAMSETNINGU

- Framsetningu og litanotkun er breytt frá því sem áður var til samræmis við skipulagsreglugerð frá 1998.
- Allt land innan sveitarfélagsmarka er sýnt á sveitarfélagsuppdrætti. Í eldra aðalskipulagi var einungis sýnd landnotkun á Dalvík og hluta Árskógstrandar.
- Mælikvarði þéttbýlisuppdráttar verður 1:10.000 í stað 1:5.000.
- Þéttbýlismörk afmörkuð. Innan þeirra gilda þéttbýlisuppdrættir skipulagsins.
- Iðnaðarsvæði í eldra skipulagi eru skilgreind sem athafnasvæði, iðnaðarsvæði og hafnarsvæði í nýju aðalskipulagi til samræmis við nákvæmari flokkun í núgildandi skipulagsreglugerð en þeirri eldri.
- Afmörkun landnotkunarreita er einfölduð. Þar sem safngötur og húsagötur eru ekki sýndar á aðalskipulagi eru reitir sameinaðir í stærri heildir. Markalínur landnotkunarreita miðast að jafnaði við miðlínur aðliggjandi gatna.
- Innra fyrirkomulag reita (t.d. íbúðarhverfa) verður ekki sýnt í aðalskipulagi. Leikvellir og lítil, opin (græn) svæði innan íbúðarhverfa teljast hluti viðkomandi landnotkunarreits og verða einungis sýnd í deiliskipulagi. Breytt framsetning felur ekki í sér að opin svæði verði þar með byggingarsvæði.
- Svæði til síðari nota eru ekki sýnd á aðalskipulagsuppdrætti. Þó eru afmörkuð opin svæði, sem ætluð eru framtíðarbyggð á Dalvík og Árskógssandi.
- Stofnvegir, tengivegir eru skilgreindir á aðalskipulagi en hluti innra gatnakerfis í þéttbýli, safngötur og húsagötur, er ekki sýndur á skipulagsuppdráttum. Aðrir vegir en stofn- og tengivegir sem sjást á uppdáttum eru hluti grunnkorts.
- Veitumannvirki eru merkt sem iðnaðarsvæði í stað stofnanasvæða.
- Mörk allra landnotkunarreita yfirfarin og leiðrétt þar sem ástæða þótti til.

### 8.2 BREYTINGAR FRÁ AÐALSKIPULAGI DALVÍKUR 1992-2012

- Iðnaðarsvæði við Sæból fellt niður.

- Íbúðarsvæði, svæði fyrir alm. atvinnustarfsemi og blandað stofnanasvæði til síðari nota norðan Brimnesár fellt niður.
- Svæði fyrir almenna atvinnustarfsemi austan Gunnarsbrautar breytt í iðnaðarsvæði og syðsta hluta þess breytt í íbúðarsvæði.
- Afmörkun nýrrar íbúðarbyggðar í norðurhluta bæjarins (202Íb) breytt þannig að svæðið norðan kirkju og sunnan vegar til fjalls er fellt niður.
- Nyrsti hluti þjónustustofnanasvæðis við Dalbæ breytt í svæði fyrir íbúðabyggð (302Íb) til samræmis við núverandi stöðu.
- Opið svæði til sérstakra nota í Láginni (301O) stækkað til austurs að Hafnarbraut.
- Kirkjugarður stækkaður til vesturs og mörkum hans breytt.
- Afmörkun miðbæjarsvæðis endurskoðuð og breytt lítillega.
- Svæði austan Skíðabrautar og beggja vegna Grundargötu sem áður var skilgreint sem svæði fyrir alm. atvinnustarfsemi verður skilgreint sem íbúðarsvæði, iðnaðarsvæði og svæði fyrir blandaða starfsemi.
- Athafnasvæði við Sandskeið stýtt til austurs.
- Afmörkun fólkvangs í Böggisstaðafjalli yfirfarin og endurskoðuð. Fólkvangurinn var áður skráður 260 ha. en verður 306 ha.
- Stofnanasvæði við skóla skilgreint sem stofnanasvæði með útivistargildi (blönduð landnotkun, opið svæði til sérstakra nota og svæði fyrir þjónustustofnanir). Svæðið stækkað til vesturs.
- Íþróttavallarsvæði stækkað til suðurs og sameinað svæði við sundlaug og núverandi tjaldsvæði, og skilgreint sem stofnanasvæði með útivistargildi.
- Safnbraut, sem átti að liggja frá Ásgarði um nýja íbúðarbyggð í suðurhlutahluta bæjarins og tengjast inn á Böggisbraut, er ekki sýnd en verður skilgreind í deiliskipulagi svæðisins.
- Stígakerfi í þéttbýli er endurskoðað og sýnt á skipulagsupprætti.
- Nýju íbúðarsvæði sunnan núverandi byggðar breytt þannig að í stað íbúðarsvæðis og svæða til síðari nota sem var á aðalskipulagi og fellt er út kemur í fyrsta lagi íbúðarsvæði (405-Íb) sunnan Skógarhóla, og reitur fyrir blandaða landnotkun, við Ásgarð (406A-Íb/V). Afmarkað er óbyggt svæði, (407-Ó) sem ætlað er til síðari nota undir byggð.
- Athafnasvæði norðan heimreiðar að Böggisstöðum, minnkað (408-A).
- Lóð hótels við Skíðabraut skilgreind sem svæði fyrir verslun og þjónustu í stað stofnanasvæðis (409-V).

### **8.3 BREYTINGAR FRÁ AÐALSKIPULAGI ÁRSKÓGSHREPPS 1991-2011.**

- Afmörkun hafnarsvæða á Árskógssandi og Hauganesi endurskoðuð.
- Athafnasvæði á Árskógssandi stækkað.
- Nýtt íbúðarsvæði meðfram Aðalbraut á Árskógssandi (706Íb).
- Reitir fyrir iðnaðar- og atvinnurekstur, verslun og þjónustu og blandaða starfsemi við Melbrún sameinaðir í einn reit fyrir athafnasvæði og mörkum hans breytt lítillega.
- Mörk reita fyrir þjónustustofnanir og opið svæði til sérstakra nota við Árskógarskóla breytt og reitirnir stækkaðir nokkuð.
- Reitur á Brimnesborgum, opið svæði til sérstakra nota, minnkaður, færður til suðurs og mörk hans dregin upp á nýtt. Hlut svæðisins afmarkaður sem iðnaðarsvæði þar sem veitumannvirki og virkjunarsvæði hitaveitunar er.
- Settur inn nýr reitur fyrir búgarðabyggð austan Brimnesborga.
- Settur inn nýr reitur fyrir hesthúsahverfi sunnan Brimnesborga.
- Afmörkun íbúðarbyggðar á Hauganesi breytt og bætt við nýrri byggð til norðurs með ströndinni.
- Svæði beggja vegna Þorvaldsdalsár neðan Þjóðveggar skilgreint sem hverfisverndarsvæði.

### **8.4 BREYTINGAR FRÁ SVÆÐISSKIPULAGI EYJAFJARÐAR**

- Svæðisskipulag Eyjafjarðar var fellt út gildi 12. ágúst 2007. Stuðst er við greiningu á náttúrufari og verndartillögur svæðisskipulagsins. Stóriðnaðarsvæði sem gert var ráð fyrir í svæðisskipulaginu eru tekin upp í aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar en mörk þeirra aðlöguð staðháttum. Vatnsverndarsvæði svæðisskipulagsins eru tekin óbreytt inn í aðalskipulagið.

## 9 KYNNING, UMFJÖLLUN OG SAMÞYKKT

### 9.1 KYNNING OG AUGLÝSING

Íbúafing var haldið 21. október 2006. Alls mættu 120 manns og tóku virkan þátt í því. Helstu niðurstöður þingsins eru í ritinu *Dalvíkurbyggð – Fjölbreytileiki, styrkur til framtíðar* (Alta ehf. nóv. 2006).

Kynningarfundur um niðurstöður íbúafingsins var haldinn 8. nóvember 2006.

Kynningarfundur um drög að ákvæðum um landbúnaðarland og náttúruvernd var haldinn 1. apríl 2008.

Almennur kynningarfundur um drög að aðalskipulagi, stefnu og helstu áherslur, var haldinn 10. júní 2008.

Skipulagsgögn dagsett 17. september 2008 voru send umsagnaraðilum 17. október 2008. Í viðauka er yfirlit yfir þær umsagnir sem bárust og hvernig við þeim var brugðist við lokafrágang skipulagstillögunnar til auglýsingar.

Lýðræðisvika sveitarfélaga 18. okt. 2008. Starfsmenn umhverfissviðs og nefndarmenn í umhverfisráði kynntu drög að aðalskipulagi.

Samráðsfundur með landeigendum um reiðleiðir 18. febrúar 2009.

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti 17. febrúar 2009 að senda skipulagstillöguna til Skipulagstofnunar til yfirferðar og að hún yrði síðan auglýst í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga.

Skipulagstillagan var auglýst 6. apríl 2009 og var athugasemdafrestur til 20. maí 2009. Almennur kynningarfundur um tillöguna var haldinn 12. maí 2009.

15 athugasemdir bárust á auglýsingatíma auk athugasemda, sem fram komu á kynningarfundinum 12. maí. Einnig barst síðbúin umsögn Umhverfisstofnunar um skipulagstillöguna á auglýsingatímanum.

3. júní 2009 gekk Umhverfisráð frá tillögu um afgreiðslu athugasemda og breytingar á skipulagsgögnum. Bæjarráð fjallaði um athugasemdirnar á fundi sínum 25. júní og gerði nokkrar breytingar.

Efnisatriði athugasemda og afgreiðsla þeirra er í viðauka, kafla 12.4. Breytingar, sem gerðar voru við lokafrágang aðalskipulagsins gefa ekki tilefni til þess að auglýsa tillöguna að nýju þar sem þær eiga ekki við meginatriði stefnu eða skipulagsákvæða.

Umsagnaraðili	Umsögn dagsett
Hafnarstjórn Dalvíkurbyggðar	27.10.2008
Siglingastofnun	11.11.2008
Landbúnaðarráðuneyti	
Vegagerðin	Fundur 19.11.2008
Umhverfisstofnun	17.4.2009
Fornleifavernd ríkisins	
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	14.11.2008
Kirkjugarðaráð	14.11.2008
Arnarneshreppur	
Fjallabyggð	
Hörgárbyggð	21.11.2008
Sveitarfélagið Skagafjörður	19.11.2008
Akureyrarkaupstaður	31.10.2008
Veðurstofan	13.11.2008
Norðurorka	
Landsnet	24.11.2008
Síminn	
Skipulagsstofnun	10.11.2008
Tengir	
Norðurlandsskógar	24.11.2008
Skógrækt ríkisins	29.11.2008

## 9.2 SAMANTEKT SBR. J LIÐ 9. GR. LAGA UM UMhverfismat ÁæTLANA

Í 9. gr. laga um umhverfismat áætlana er kveðið á um að eftir afgreiðslu áætlunar skuli þeim, sem fengið hafa tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu til sérstakrar kynningar, kynnt eftirtalin gögn:

- a) Endanleg áætlun.
- b) Greinargerð um hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem bárust á kynningartíma við tillögu og umhverfisskýrslu og rökstuðningur fyrir endanlegri áætlun, í ljósi þeirra valkosta sem skoðaðir voru.
- c) Hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunar komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda.

Ofantalin atriði eru tilgreind skilmerkilega í greinargerð skipulagsins (kaflar 1-8) og sérstaklega í umhverfisskýrslu í 7. kafla og vísast til hennar um meginatriði skv. b)-lið.

### SAMANTEKT

Áætlunin felur ekki í sér framkvæmdir sem líklegar eru til að valda umtalsverðum neikvæðum umhverfisáhrifum. Aðalskipulagið hefur ekki áhrif á aðra áætlanagerð s.s. aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga eða landsáætlanir. Athafna- og iðnaðarsvæði utan þéttbýlis voru valin með samanburði ólíkra kosta. Stefna um nýtingu landbúnaðarlands styður markmið laga um varðveislu landbúnaðarlands og ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun. Ef skipulagsáætluninni verður ekki framfylgt gæti það haft neikvæð áhrif á aðstöðu fyrirtækja og bæjarmynd á Dalvík. Engin sérstök umhverfisvandamál eru talin vera fyrir hendi í sveitarfélaginu og ekki er talin þörf á sérstökum mótvægisáðgerðum eða vöktun umfram það eftirlit sem ýmsir eftirlitsaðilar hafa hvort sem er.

Athugasemdir, sem bárust á auglýsingatíma, gáfu tilefni til minni háttar breytinga og leiðréttinga á skipulagsgögnum. Ekki var um að ræða efnislegar breytingar sem snertu meginstefnu eða aðalatriði skipulagsins. Gerð er grein fyrir þessum breytingum og leiðréttingum í viðauka, kafla 12.4.





### 9.3 SAMÞYKKT

Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020, sem auglýst hefur verið skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og lá frammi til kynningar frá 6. apríl 2009 til 20. maí 2009, var samþykkt í bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar \_\_\_\_\_ 2009.

\_\_\_\_\_  
bæjarstjóri

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra \_\_\_\_\_ 2009

\_\_\_\_\_  
Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra \_\_\_\_\_ 2009

\_\_\_\_\_  
Skipulagsuppráttur, dagsettur 3. júní 2009 er hluti aðalskipulagsins.

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem kunna að falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 með síðari breytingum.



## 10 SKIPULAGSUPPDRÁTTUR

*Smækkaður skipulagsuppdráttur kemur í stað þessarar síðu.*



# 11 HEIMILDASKRÁ

Helstu heimildir, sem stuðst var við við gerð skipulagsins:

- Aðalskipulag Dalvíkur 1992-2012. Finnur Birgisson 1992.
  - Aðalskipulag Árskógshrepps 1991-2011. Skipulag ríkisins.
  - Drög að aðalskipulagi Árskógshrepps 1998-2010. Benedikt Björnsson 1998.
  - Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018.
  - Náttúruminjakort og náttúruminjaskrá úr svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1986-2006. Helgi Hallgrímsson.
  - Gögn frá Hagstofu Íslands.
  - Dalvíkurbyggð. Fjölbreytileiki, styrkur til framtíðar. Íbúðing 21. október 2006. Alta ehf. 2006
  - Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa. <http://www.ust.is/Natturuvernd/Natturuminjaskra/>
  - Náttúruverndaráætlun 2004-2008.
  - [www.vedur.is](http://www.vedur.is)
  - Fornleifaskráning í Eyjafirði. Unnið í fimm áföngum. Skýrslur nr. XII og XVI-XIX, Fornleifastofnun Íslands 1999-2004
  - Merkar fornleifar í Dalvíkurbyggð. Samantekt vegna aðalskipulags. Fornleifastofnun Íslands 2006.
  - Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020, Sorpeyðing Eyjafjarðar bs.
  - Brimnesborgir og Árskógssandur. Skógræktarskipulag. Skógræktarfélag Eyfirðinga 2003.
  - Græna netið á Dalvík, staða og framtíðarmöguleikar. Lilja Filippusdóttir, Landbúnaðarháskóli Íslands 2007.
  - Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2006-2009. Umhverfissráðuneytið, mars 2007.
  - Lög og reglugerðir.
  - Leiðbeiningarit Skipulagsstofnunar.
- Sjá einnig tilvísanir í neðanmálsgreinum.



## 12 VIÐAUKI

### 12.1 REGLUR UM FRIÐLAND SVARFDÆLA

Eftirfarandi reglur gilda um friðland Svarfdæla í samræmi við auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 443/1980. Breytingar á reglum þessum krefjast ekki breytingar á aðalskipulagi.

- Bannað er að breyta landslagi á svæðinu eða farvegi Svarfaðardalsár.
- Óheimilt er að gera nokkur mannvirki á svæðinu. Gildir þetta um hvers konar byggingar, skurði og vegi. Girðingar á friðlandinu má aðeins reisa með samþykki umsjónarnefndar friðlandsins. Skulu þær þannig gerðar, að þær hindri ekki umferð gangandi fólks um svæðið (hlið eða tröppur yfir girðinguna).
- Friðlandið má aðeins nýttja á sama hátt og tíðkast hefur, svo sem til slægna, beitar og veiði í ánni. Malarnám og sandnám verði heimilað áfram þar sem það nú fer fram, en verði háð eftirliti umsjónarnefndar friðlandsins.
- Bannað er að granda fuglum á friðlandinu. Eigi má heldur skemma hreiður þeirra eða taka egg úr þeim. Öllum, sem um landið fara, ber að varast að skerða gróður á því.
- Gangandi mönnum og ríðandi er heimil umferð um friðlandið, enda brjóti dvöl þeirra á engan hátt í bága við tilgang friðlýsingarinnar. Stefnt skal að því að marka gönguleiðir um svæðið. Umferð vélknúinna ökutækja um svæðið er því aðeins leyfð, að hún sé í tengslum við leyfilegar nýttjar landsins.
- Umsjón með friðlandinu er í höndum þriggja manna. Skulu náttúruverndarnefndir Eyjafjarðarsýslu og Dalvíkurkaupstaðar tilnefna einn mann hvor, en [Umhverfisstofnun] hinn þriðja, og er hann formaður.
- Til undanþágu frá reglum þessum að öðru leyti en getur í 2. og 3. gr. þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

## 12.2 REGLUR UM FÓLKVANG Í BÖGGVISSTAÐAFJALLI

Eftirfarandi reglur gilda um fólkvang í Böggvisstaðafjalli. Breytingar á reglum þessum krefjast ekki breytingar á aðalskipulagi.

- Gangandi fólk er frjálst umferð um svæðið enda virði það almennar umgengisreglur og varist að skerða gróður og valda óþarfa truflun á dýralífi.
- Meðferð skotvopna er óheimil á svæðinu.
- Notkun berjatína er bönnuð á svæðinu.
- Umferð ökutækja innan svæðisins er aðeins heimil á akvegum.
- Óheimilt er að beita búpeningi innan fólkvangsins enda verður svæðið innan fjárheldrar girðingar.
- Svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.
- Hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi Umhverfisstofnunar hverju sinni.
- Losun alls sorps og úrgangs er bönnuð innan fólkvangsins.
- Umhverfismálanefnd Dalvíkurbyggðar fer með stjórn og eftirlit fólkvangsins.
- Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar og Umhverfisstofnunar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

## 12.3 ATHUGASEMDIR UMSAGNARAÐILA

Umsagnaraðili	Dagsett	Athugasemdir - útdráttur	Afgreiðsla
Akureyrarkaupstaður	31.10.2008	Skipulagsnefnd telur að breyta þurfi fyrirsögn og bæta við umfjöllun um vægi ferjuhafnar og samgangna við Hrísey þar sem aðstaða og ferjulægi er stór hluti hafnarinnar á Árskógssandi. Nefndin telur einnig að tryggja þurfi aðkomu og aðstöðu íbúa Hríseyjar og ferðafólks á hafnarsvæðinu þannig að ekki verði árekstrar við aðra starfsemi sem nú þegar er á svæðinu.	„Ferjuhöfn“ og „m.a. v/ferðaþjónustu“ bætt í töflu í kafla 4.9. Ekki er ástæða til að breyta fyrirsögn. Aðstaða ferðafólks á hafnarsvæði er ekki viðfangsefni aðalskipulags.
Hafnarstjórn Dalvíkurbyggðar	27.10.2008	Bókun á fundi hafnarstjórnar. Engar athugasemdir.	
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	14.11.2008	<b>2.1.6:</b> Uppfæra þarf upplýsingar um stöðu fráveitna til sjávar. 400 m lögn til sjávar á Dalvík er komin. Nefna þarf stöðu mála á Árskógssandi. <b>4.12:</b> Koma á framfæri upplýsingum um að fyrir utan framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar þá þarf að afla starfsleyfa fyrir efnistöku hjá heilbrigðisnefnd. <b>5.3.1:</b> Raunhæft að stefna á umhverfisgæði A ( í stað B) á strandsvæðum, e.t.v. með fyrirvara um skilgreind þynningarsvæði þar sem skólpi er veitt til sjávar. Afla formlegs samþykkis Umhverfisstofnunar fyrir skilgreiningu á viðtaka sem er síður viðkvæmur	Lagfært í greinargerð.  Lagfært í greinargerð.  Umhverfisráð fellst á ábendinguna. Stefnt verði á að umhverfisgæði verði skv. flokki A. Breyting gerð á texta greinargerðar.
Hörgárbyggð	21.11.2008	Engar athugasemdir gerðar.	
Kirkjugarðaráð	14.11.2008	Engar athugasemdir gerðar	
Siglingastofnun	11.11.2008	Í skipulaginu verði getið um efnistökusvæði, sem nýta megi í framtíðinni til vinnslu efnis í brimvarnargarða og í sjóvarnir. Í 4.12 þurfa að koma fram efnistökusvæði sem hafa verið notuð af sveitarfélaginu og Siglingastofnun við öflun efnis í áðurnefnd mannvirki og að möguleikar séu á áframhaldandi notkun á námum í nýja skjólgarða, sem kunna að verða byggðir og til viðhalds á þeim sem fyrir eru.	Sett inn bergnáma norðan Hauganess.

Umsagnaraðili	Dagsetti	Athugasemdir - útdráttur	Afgreiðsla
Landsnet	24.11.2008	Landsnet leggur áherslu á að tryggður verði greiður aðgangur að möstrum og meðfram línunum vegna viðhalds og viðgerða. <b>4.10.6</b> Nýr texti: Taka skal tillit til helgunarsvæðis þeirra háspennulína, sem kunna að liggja um fyrirhuguð skógræktarsvæði. Næst háspennulínum miðist plöntun trjáa við fjarlægð fullvaxta trjáa frá háspennulínum, margfölduð með einum komma fimm (Hx1,5). <b>5. kafli:</b> Lagt til að ákvæði um helgunarsvæði í kafla um takmörkun á landnotkun. <b>6.2.4</b> Til bóta væri að skilja á milli umfjöllunar um dreifikerfi og flutningskerfi raforku. Áréttuð eru varúðarákvæði vegna framkvæmda innan helgunarsvæða.	Ekki viðfangsefni aðalskipulags  Bætt við texta um helgunarsvæði í greinargerð. Helgunarsvæði flutningslína afmörkuð á aðalskipulagsupprætti. Sett er inn setning um takmörkun á skógrækt innan helgunarsvæða í kafla 4.10.6.  Helgunarsvæði afmörkuð á aðalskipulagsupprætti. Ákvæði og vísun í reglugerð sett í kafla 6.2.4. Texti lagfærður.  Ekki viðfangsefni aðalskipulagsins.
Sveitarfélagið Skagafjörður	19.11.2008	Engar athugasemdir gerðar.	
Veðurstofan	13.11.2008	<b>2.1.4.</b> Veðurstofan sendir gögn og umfjöllun um veðurfar á svæðinu og bendir á að betra sé að hafa tölur en huglægt mat á veðurfari. Sendir einnig þrjár vindrósir fyrir allt árið, vetur og sumar. <b>5.4.1 og 5.4.2.</b> Ekki er gerð athugasemd við umfjöllun um ofanflóð og jarðskjálfta.	Kafli 2.1.4. hefur verið endurskoðaður með hliðsjón af ágætum upplýsingum.
Vegagerðin	Fundir 19.11.2008 og 20.11.2008	Tveir fundir um samgönguþátt skipulagsins og efnisnámur.	Svæði, sem eru fullnýtt, tekin í sérstaka töflu. Einnig eitt nýtt svæði. Sjá umsögn Skipulagsstofnunar og afgreiðslu.

Umsagnaraðili	Dagsetti	Athugasemdir - útdráttur	Afgreiðsla
Skipulagsstofnun	10.11.2008	<p><b>1</b> Stofnunin gerir athugasemd við þá túlkun, sem kemur fram í greinargerð að aðalskipulagstillagan falli ekki undir lög um umhverfismat áætlana og bendir á að hún marki stefnu um leyfisskyldar framkvæmdir. Vísað í lög og greinargerð, sem fylgdi frumvarpi til laganna, og færð rök fyrir túlkun stofnunarinnar.</p> <p>Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að texti í köflum 7.1 og 7.2 (liður h) verði lagfærður á þann veg að fram komi að umhverfisskýrsla sé unnin í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.</p> <p>Að öðru leyti telur stofnunin umhverfisskýrslu í kafla 7.2 ágætlega unna og uppfylla kröfur laga um efni umhverfisskýrslu sbr. í 6. gr. laga um umhverfismat áætlana.</p> <p><b>2</b> Stefna um efnistökusvæði.</p> <p>Tilgreind eru 18 efnistökusvæði þar af 7 sem eru ekki í notkun en ófrágengin og önnur sem eru ýmist í notkun eða ófrágengin/hálfrágengin. Stofnunin bendir á að í aðalskipulagi eigi að gera grein fyrir núverandi og fyrirhuguðum efnistökusvæðum, gera grein fyrir stærð þeirra eða fyrirhuguðu efnismagni og afmarka svæðin á skipulagsuppdrætti. Þetta á við svæði sem fyrirhugað er að nýta á skipulagstímabilinu en á öðrum svæðum sem stefnt er að loka og ganga frá á að sýna þá landnotkun sem fyrirhuguð er á skipulagstímabilinu.</p> <p><b>3</b> Bent er á að eftir 1. júlí 2008 sé öll efnistaka háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar sem fellur undir tilgreind skilyrði.</p> <p><b>4</b> Því komið á framfæri að Skógrækt ríkisins hafi óskað eftir því að fá allar aðalskipulagstillögur til umsagnar.</p>	<p><b>1</b> Teknar út setningar á bls. 61 og 71, liður h) (blaðsíðutal miðast við útgáfu dags. 17. sept.), sem valdið gætu ágreiningi og orðalag lagfært í kafla 7.1. Engin efnisleg breyting á greinargerð felst í orðalagsbreytingum.</p> <p><b>2</b> Farið var yfir efnistökusvæði með starfmönnum Vegagerðarinnar. Bætt inn einu svæði.</p> <p>Svæði sem eru fullnýtt en ófrágengin verða áfram á skipulagsuppdrætti en fjallað um þau sérstaklega í greinargerð. Ekki eru fyrir hendi forsendur til þess að tilgreina efnismagn.</p> <p>Efnistökusvæði eru á uppdrætti sýnd sem opnir reitir þannig að undirliggjandi landnotkun sést. Athugasemdin á ekki við.</p> <p><b>3</b> Texti lagfærður</p> <p><b>4</b> Tillagan send Skógrækt ríkisins að fenginni ábendingu.</p>

Umsagnaraðili	Dagsettt	Athugasemdir - útdráttur	Afgreiðsla
Norðurlandsskógar	24.11.2008	<p><b>Bls. 19</b> Gerð er athugasemd við að landeigendur þurfi að leggja fram skógræktaráætlun til samþykktar eða synjunar. Eðlilegra væri að leggja fram afmörkun og svfél. geri athugasemdir við það áður en nákvæm áætlun væri unnin.</p> <p><b>Bls. 29</b> Norðurlandsskógar telja hafið yfir allan vafa að skógrækt sé landbúnaður.</p> <p><b>Bls. 30</b> Norðurlandsskógar telja mikilvægt að loka ekki á skógrækt á landbúnaðarlandi L2 til skjóls og beitar á þeim svæðum sem ekki henta til akuryrkju vegna bratta eða áferðar. Flestir þátttakendur í Norðurlandsskógum eru með hluta af sínu skógræktarlandi innan L2.</p> <p><b>Bls. 31</b> Norðurlandsskógar telja fullkomlega úrelta hugsun felast í takmörkun á skógrækt á sömu svæðum og nýtt eru til búvöru-framleiðslu. Til viðbótar við skjólbelti gætu komið óregluleg skógarsvæði kringum besta akurlendið.</p> <p><b>Bls. 31</b> Ítrekun á að ekki verði krafist fullkominnar skógræktaráætlunar í upphafi. Vakin er athygli á því að í skipulaginu er eingöngu fjallað um leiðir til takmörkunar skógræktar en ekki hvatt til skógræktar.</p> <p><b>Bls. 37</b> Gerð athugasemd við að nytjaskógrækt skuli ekki heimil á óbyggðum svæðum.</p> <p><b>Einnig</b> gerð athugasemd að með því verði skógrækt Norðurlandsskóga ekki heimiluð ofan 300 m en miðað sé við 400 m í lögum um Norðurlandsskóga. Mælt er til þess að nytjaskógrækt verði heimil upp að 400 hæð innan óbyggðra svæða.</p> <p><b>Bent</b> er á að víða í heiminum sé talið mikilvægt að rækta eða viðhalda skógi umhverfis vatnsverndarsvæði til að takmarka flóð, hindra jarðvegseyðingu og viðhalda jöfnu rakastigi í jarðveginum og eiginleikum hans til að sía og hreinsa vatn.</p> <p><b>Breytingartillögur</b> Norðurlandsskóga miða að því að tryggja landeigendum Dalvíkurbyggðar sömu tækifæri til skógræktar og almenn gerist á Norðurlandi og takmarkanir á skógrækt verði ekki svo íþyngjandi að þær komi í veg fyrir skógræktarframkvæmdir í samstarfi við Norðurlandsskóga.</p>	<p>Skýringartexti settur í spássúramma í kafla 4.10.6 um að í upphafi megi leggja frumdrög fram sem fyrirspurn.</p> <p>Orðalag í kafla 4.10 lagfært.</p> <p>Orðalag um skógrækt á svæðum L2 lagfært.</p> <p>Sjá næsta lið á undan.</p> <p>Sjá fyrsta lið.</p> <p>Orðalag í inngangi kafla 4.10.6 lagfært.</p> <p>Orðalag í kafla 4.15 um óbyggð svæði lagfært. Gert ráð fyrir skógrækt upp að 400 m hæð yfir sjávarmáli.</p> <p>Gefur ekki tilefni til breytinga á skipulagsgögnum.</p>



Umsagnaraðili	Dagsettt	Athugasemdir - útdráttur	Afgreiðsla
Skógrækt ríkisins	29.11.2008	<p><b>Gerð</b> er athugasemd við kafla 3.6.2 um að skógræktaráætlanir skuli vera tilbúnar og lagðar fyrir sveitarstjórn til samþykktar áður en framkvæmdir hefjast. Þetta sé kostnaðarsamt og íþyngjandi fyrir landeiganda. Lagt til að nægilegt verið talið að landeigandi afmarki á korti svæði sem sýni fyrirhugað skógræktarland og kynni sveitarstjórn.</p> <p><b>Skógrækt</b> ríkisins leggur til að á landbúnaðarsvæðum L2 yfir 300 m hæð verði heimilt að stunda áætlunarbundna skógrækt.</p> <p><b>Vakin</b> er athygli á nokkrum þáttum skógræktar sem vert er að fjalla um í aðalskipulagi þegar horft er til framtíðar en ekki sé gerð tilraun til þess að draga þá fram í greinargerð aðalskipulagsins.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Skógrækt er atvinnuskapandi aukabúgrein í landbúnaði</li> <li>○ Skógrækt skapar skjól og dregur úr rykmengun</li> <li>○ Skógrækt bætir hljóðvist við umferðaræðar</li> <li>○ Skógrækt dregur úr neikvæðum áhrifum mannvirkja á umhverfi</li> <li>○ Skógrækt bætir aðstæður til útivistar</li> <li>○ Með skógrækt má stýra snjóalögum (gæti m.a nýst á skíðasvæðinu)</li> <li>○ Skógur skapar efnisauðlind til framtíðar</li> <li>○ Skógrækt bindur CO<sup>2</sup> (að meðaltali 4,5 tonn á ári á ha)</li> </ul>	<p>Sjá breytingar, sem gerðar voru með hliðsjón af umsögn Norðurlandsskóga.</p> <p>Sjá breytingar, sem gerðar voru með hliðsjón af umsögn Norðurlandsskóga.</p> <p>Ekki er talin ástæða til að hvetja til einnar atvinnustarfsemi umfram aðrar.</p>

## 12.4 ATHUGASEMDIR OG AFGREIÐSLA ÞEIRRA

**Bókun Umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar 3. júní 2009:**

**Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar. Kynning og afgreiðsla á athugasemdum við auglýst aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008 - 2020.**

Lagðar voru fram þær athugasemdir sem bárust við auglýst aðalskipulag og þær yfirfarnar. Alls bárust athugasemdir frá 15 aðilum auk athugasemda fundarmanna á kynningarfundum og umsögn umhverfisstofnunar. Afgreiðsla á þeim og bókanir fylgja fundargerð þessari sem fylgiskjal sem ber heitið „Afgreiðsla athugasemda við tillögu að aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008 – 2020, 3. júní 2009“.

Afgreiðsla athugasemda sem fram hafa komið við fyrirliggjandi tillögu að aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008 – 2020, fela í sér minnháttar breytingar og leiðréttingar á því og gefa þær ekki tilefni til endurauglýsingar á aðalskipulaginu. Umhverfisráð leggur til að bæjarstjórn samþykki svo breytt aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008 – 2020 og sendi Skipulagsstofnun það til yfirferðar sem sendir umhverfisráðherra það síðan til staðfestingar.

**Í eftirfarandi töflu er afgreiðsla umhverfisráðs 3. júní og bæjarráðs 25. júní 2009:**

Efni (útdráttur)	Bókun með breytingum bæjarráðs 25. júní 2009.
<p><b>1 Bréf dags. 2. maí 2009 frá Kristínu A. Símonardóttur og Bjarna Gunnarssyni, Vegamótum</b></p> <p>Vísað er í umsókn dags. 24. júní 2008 um lóð „sunnan við lóð Vegamóta að íþróttasvæði og austan lóðar að Þjóðvegi“ og afgreiðslu Umhverfisráðs 9. júlí 2008 sem vísaði erindinu til gerðar aðalskipulags.</p> <p>„Undirrituð vilja benda á að umrædd lóð sunnan Vegamóta er í tillögu um aðalskipulag ekki merkt í samræmi við samþykkt Umhverfisráðs.“</p>	<p>Uppdrætti og greinargerð breytt í samræmi við afgreiðslu umhverfisráðs um ferðaþjónustu á svæðinu. Svæði 403-Íb verður skilgreint sem blanda íbúðarbyggðar og verslunar og þjónustu.</p>
<p><b>2 Bréf dags. 16. maí 2009 með 14 undirskriftum íbúa ofan Böggvisbrautar, Helga Nielsdóttir o.fl</b></p> <p>Skorað er á bæjaryfirvöld að endurskoða skipulag lóða við Hringtún, þ.e. lóðir nr: 40, 42 og 44. Óskað er eftir því „að grasvöllur og grænt svæði fái að standa óáreitt og bærinn sjái um viðhald á honum á sumrin“. Svæðið er mikið notað af foreldrum og börnum úr báðum hverfum ofan Böggvisbrautar og bent er á að erfitt geti verið að komast að á gerfigrasvellingum við Dalvíkurskóla. Skipulagt leiksvæði gegnt umræddum lóðum virðist frekar vera sniðið að þörfum yngri barna.</p>	<p>Fyrirkomulag leiksvæða og íbúðarlóða er skilgreint í deiliskipulagi svæðisins. Breytingar á deiliskipulagi þess hafa ekki áhrif á afmörkun hverfisins í aðalskipulagi.</p> <p>Umhverfisráð telur ekki ástæðu til að breyta deiliskipulagi svæðisins þar sem gott aðgengi er að opnu landi hvarvetna ofan bæjarins.</p>

Efni (útdráttur)	Bókun
<p><b>3 Bréf dags. 18. maí 2009 frá Veðurstofu Íslands.</b></p> <p>Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020.</p>	<p>Bréfið gefur ekki tilefni til ályktunar.</p>
<p><b>4 Bréf dags. 18. maí 2009 frá Magnúsi Björnssyni f.h. Vegagerðarinnar á Akureyri.</b></p> <p>4a „Ekki er gert ráð fyrir nýjum göngum til Ólafsfjarðar á uppdrætti en slík göng eru á uppdrætti í tillögu að aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028. Skoða þarf hvort ekki þurfi að samræma uppdrættina þar sem skipulagssvæði eru samliggjandi.”</p> <p>4b „Á bls. 35 er ósamræmi í tímasetningu vegna framkvæmdaleyfis fyrir eldri námur. Í texta er ártalið 2007 en í kassa með tilvitnun í lögin er ártalið 2008.”</p> <p>4c Tafla bls 55: „Taka má út dálkinn með vegtegund þar sem búið er að breyta flokkuninni. Ekki er enn búið að flokka vegi í sveitarfélaginu miðað við nýja flokkun og eru þessar upplýsingar því gagnslausar eins og stendur. Eins má velja því fyrir sér hvort nokkur þörf sé á þessum upplýsingum í aðalskipulagi. Bæta má við skýringu á því hvað S og T merkja í vegflokkum í töflunni.”</p> <p>4d Bls 57 - Reiðleiðir: „Í texta stendur að gert sé ráð fyrir reiðleiðum meðfram þjóðvegum í byggð (innan veghelgunarsvæðis). Það mætti skýra betur hvað átt er við með þjóðvegum í byggð. Stefna Vegagerðarinnar er að hafa reiðvegi skilja á milli reiðvega og akvega þar sem það er mögulegt. Á það sérstaklega við umferðarmeiri vegi eins og stofnvegi. Ekki er gert ráð fyrir að reiðvegir séu innan öryggissvæðis vega og í nýjum vegstaðli sem verið er að vinna að er gert ráð fyrir að reiðvegir séu ekki innan vegsvæðis sem stangast á við texta aðalskipulagsins. Þetta er þó háð aðstæðum og umferð á vegum hverju sinni mikilvægi aðskilnaðar er mikilvægari eftir því sem umferð er meiri.”</p> <p>4e „Vegagerðin fagnar því að fram kemur í texta á bls. 55 að halda skuli tengingum við stofnvegi í lágmarki.”</p>	<p>Í kafla 6.1. er getið um hugsanleg ný göng milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur en einnig að „á þessu stigi liggur ekki fyrir hvar hagstæðast muni verða að leggja göngin og eru því ekki taldar forsendur til þess að merkja þau inn á aðalskipulagsuppdrátt Dalvíkurbyggðar nú. Stefnt er að því að það verði gert með formlegri breytingu á aðalskipulagi þegar áform, frumhönnun og umhverfismat áætlunarinnar liggur fyrir.” Með þessu er samræmis gætt eins og hægt er á þessu stigi málsins.</p> <p>Leiðrétt í greinargerð.</p> <p>Taka út dálk „Vegteg.” og bæta við skýringum við töflu.</p> <p>Landeigendur hafa almennt lagst gegn því að reiðleiðir yrðu lagðar í gegn um þeirra land. Til þess að uppfylla ákvæði í skipulagslögum um að gera grein fyrir legu reiðleiða er gert ráð fyrir þeim í veghelgunarsvæði þjóðvega utan þéttbýlis eins og tíðkast hefur undanfarna áratugi.</p>

Efni (útdráttur)	Bókun
<p><b>5 Bréf dags. 19. maí 2009 frá Arnfríði Friðriksdóttur.</b></p> <p>5a „Landeigandi gerir athugasemdir við og mótmælir að Háls og Hálsdalur (nær öll landareignin) verði merkt sem minjasvæði.” - - - „Stóraukin og skipulagslaus umferð um beitarland á Hálsdal veldur því að sauðfé stýggist í högum og leitar til byggða, mun valda ágangi á heimaland Hálsjarðarinnar og nágrennjarða.”</p> <p>5b Í greinargerð AS kemur fram að þekking á sögu og minjum sé mikilvæg í því skyni að auka aðdráttarafl svæða og efla uppbyggingu ferðapjónustu á svæðinu. „Landeigandi hefur ekki hugsað sér enn sem komið er að fara út í ferðapjónustu en telur það sína ákvörðun hvort hugað verði að slíku eða ekki.”</p> <p>5c „Merktri útivistarleið frá minnisvarða um séra Friðrik að Görnum er mótmælt, bæði vegna umferðar gangandi fólks og gæludýra. Hætta er á að hliðum verði ekki lokað og hætta er á gróðurskemmdum. Um er að ræða viðkvæman minningarreit fjölskyldunnar frá Hálsi, sem er óviðkomandi ferðafólki eða öðrum í Dalvíkurbyggð.”</p>	<p>Minjasvæðin þrjú sem skilgreind eru í aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar eru afmörkuð þar sem þéttleiki og fjöldi merkra minja er meiri en annars staðar. Minjarnar njóta friðunar óháð afmörkun í aðalskipulagi en með merkingu er leitast við að koma í veg fyrir að þeim verði spillt auk þess sem þekking og upplýsingar um þær geta gefið ákveðin sóknarfæri.</p> <p>Lagt er til að eftirfarandi setning í kafla 5.2.5 verði felld út: „Hún [gönguleið inn dalinn] býður upp á möguleika á fróðlegri kynningu á búskaparháttum fyrir tíma.”</p> <p>Þar sem ekki er um að ræða forna þjóðleið milli byggða er lagt til að umrædd leið verði felld út af skipulagsupprætti.</p>
<p><b>6 Bréf dags. 19. maí 2009 frá Friðrik Vilhelmssyni.</b></p> <p>Bréfitari gerir athugasemdir við tvö atriði (athugasemdir), sem fram komu á kynningarfundum um aðalskipulagið (12. maí s.l.).</p> <p>6a Byggja ætti samkvæmt boðuðu aðalskipulagi en ekki falla frá byggð á reit 202 íb vegna fuglalífs, eins og tillaga kom um á fundinum. Síst minna fuglalíf sé á svæði sunnan bæjarins, sem bent var á í staðinn.</p> <p>6b Einnig er mælt gegn þeirri hugmynd að færa kirkjugarðinn að Upsum. Kirkjugarðurinn er fyrst og fremst fyrir lifandi fólk og ætti að halda áfram að skipuleggja garðinn þar sem hann er í göngufæri við öll hverfi bæjarins. Ekki yrði ódýrara fyrir bæinn að hafa garðinn upp á Upsum.</p>	<p>Gefur ekki tilefni til ályktunar. Sjá lið 16.</p> <p>Gefur ekki tilefni til ályktunar. Sjá lið 16.</p>
<p><b>7 Bréf dags. 19. maí frá Helga Einarssyni, Brimnesbraut 19, Dalvík</b></p> <p>7a- Nokkrar ábendingar um misræmi í skipulagsgögnum og leiðréttingar. 7d:</p>	<p>Ábendingar og leiðréttingar eru teknar til greina.</p>

Efni (útdráttur)	Bókun
<p>7e Gerð er athugasemd við ákvæði um reit 405-Íb þar sem gert er ráð fyrir að þéttleiki verði mestur næst reit 406S (á að vera 404 OS) og minnkar til fjalls. Hætta verður á að hærri hús skyggi á útsýni frá lægri húsum ofar.</p> <p>7f Því er velt upp hvort framtíðarsjónarmið um svæði norðan Hólavegs, sem lýst er sem Golf-smávelli (308-O) með óbreyttum skipulagsákvæðum, eigi ekki að vera háleit, t.d. eins konar samkomusvæði án þess að raska þeim eiginleikum sem það hefur í dag.</p> <p>7g Því er velt upp „hvort að gera eigi ráð fyrir stækkun á kirkjugarðinum á Dalvík með tilheyrandi röskun á því ágæta landslagi sem myndi eyðileggjast. Hvort að það eigi ekki bara að stefna strax að framtíðargrefrunarsvæði Dalvíkurbúa verði að Upsum.”</p> <p>7h Vakin er athygli á að Bøggvistäðasandur er ekki nefndur í skipulaginu en hann er mjög vel nýtt útivistarsvæði. „Til þess að undirstrika vægi hans sem útivistarsvæði væri hægt að skilgreina hann sem opið svæði til sérstakra nota, en samkvæm kvæmt skipulagsreglugerð er það ekki nauðsynlegt.”</p> <p>7i „Ég hefði einnig gjarnan viljað sjá bæjarstjórn setja stefnu í að byggja ekki fleiri fjölbýlishús í sveitarfélaginu. Þá meina ég í þeim anda sem við þekkjum frá stærri bæjum og telja má allavega þrjú þannig á Dalvík. Það er vel mögulegt að leggja þá kröfu á hönnuði að hanna byggingar sem falla betur að minni bæjum en svona stór fjölbýlishús sem hafa því miður oft fleiri galla en kosti. Ein af þeim ótal rökum sem má færa fram með svona stefnu er að við höfum nóg af byggingarlandi til frambúðar.”</p>	<p>Fallist er á sjónarmið bréfitara að því marki að lýsing á nýtingu reitsins verður tekin út úr kafla 4.3.1. Ákvæði um þéttleika verða sett í deiliskipulagi svæðisins.</p> <p>Lýsing verði: Almennt útivistarsvæði m.a. með „smá“-golfvelli fyrir börn.</p> <p>Ekki verður vikið frá stefnu gildandi aðalskipulags um að kirkjugarður verði við Dalvíkurkirkju.</p> <p>Bøggvistäðasandur er hluti friðlands Svarfdæla og nýtur verndar sem slíkur. Gert er ráð fyrir göngustíg frá hafnarsvæði austur á Sand.</p> <p>Ekki þótti ástæða til að setja sérstaka stefnu um gerð og stærð húsa í aðalskipulaginu. Slík ákvæði verða sett við gerð deiliskipulags. Áhugi byggjenda hefur helst legið í umsóknum um raðhús og einbýlishús.</p>
<p><b>8 Bréf dags. 20 maí 2009 frá Hreini Pálssyni hrl. f.h. Ara Axels Jónssonar og Hólfríðar Þorleifsdóttur, Hindarlundi 9, Akureyri.</b></p> <p>Umbjóðendur bréfitara „eru umráðamenn spildu á Árskógssandi ca. 14.000 ferm sem sýnd er á aðalskipulagsupprættinum í 3 litum og nær yfir lóð undir Ægisgötu 19 (íbúðasvæði), lóð merkt nr. 704 á upprætti (þjónustusvæði) og loks í vestur frá þeirri lóð með sýndri punktalínu á svæði sem merkt er 703-A (athafnasvæði).</p> <p>Tillögunni er mótmælt að því leyti „sem framkvæmd aðalskipulagsins kann að skerða og/eða koma í veg fyrir alla eðlilega nýtingarmöguleika á þessu landsvæði þeirra.</p> <p>Ennfremur er gerður áskilnaður um rétt til bóta fyrir hvert það tjón sem samþykki og síðan framkvæmd aðalskipulagsins kann að valda umbjóðendum mínum.</p> <p>Varðandi framangreindar athugasemdir er vísað til laga nr. 73/1997, Skipulags- og byggingarlaga, einkum 18. gr. og 33. gr.”</p>	<p>Ekki verður séð að ákvæði nýs aðalskipulags hafi neikvæð áhrif á nýtingarmöguleika landsspildunnar, sem um ræðir þar sem landnotkun er óbreytt frá staðfestu aðalskipulagi Árskógshrepps 1991-2011 að öðru leyti en því að athafnasvæði sem áður var ætlað til síðari nota verður til afnota á skipulagstímabilinu.</p>

Efni (útdráttur)	Bókun
<p><b>9 Bréf dags. 20. maí 2009 frá Hreini Pálssyni hrl. f.h. Guðmundar Ólafssonar, Viðarholti, Dalvík.</b></p> <p>„Umbjóðandi minn er eigandi hússins Viðarholt, Árskógsströnd en þeirri eign fylgir 1.6 ha landspilda, sem er erfðafestuland, sem á aðalskipulagstillögunni er sýnt á uppdrættinum sem íbúðasvæði.</p> <p>Fyrir hönd þessa umbjóðanda míns er mótmælt greindri tillögu að því leyti sem framkvæmd aðalskipulagsins kann að skerða og/eða koma í veg fyrir alla eðlilega nýtingarmöguleika á þessu landsvæði hans.</p> <p>Ennfremur er gerður áskilnaður um rétt til bóta fyrir hvert það tjón sem samþykki og síðan framkvæmd aðalskipulagsins kann að valda umbjóðanda mínum.”</p>	<p>Ekki verður séð að ákvæði nýs aðalskipulags hafi neikvæð áhrif á nýtingarmöguleika landsspildunnar, sem um ræðir þar sem landnotkun er óbreytt frá staðfestu aðalskipulagi Árskógshrepps 1991-2011 að öðru leyti en því að svæði sem áður var ætlað til síðari nota verður að hluta til afnota á skipulagstímabilinu (706-Íb). Svæði 702-Ó er nú skilgreint sem opið svæði en ætlað til framtíðarnota undir íbúðarbyggð eins og í gildandi aðalskipulagi.</p>
<p><b>10 Bréf dags. 20. maí 2009 frá Hallgrími Indriðasyni f.h. Skógræktar ríkisins.</b></p> <p>10a Skógrækt ríkisins lítur þannig á að skógræktarframkvæmdir séu ekki framkvæmdaleyfis skyldar. Framkvæmdaleyfi er íþyngjandi og forgangsraðar þeim sveitarfélögum sem setja slíka kvöð í annað sæti.</p> <p>Vísað er í úrskurð Kærunefndar um skipulagsmál um Litlu-Fellsöxl.</p> <p>10b Bréfitari leggur þann skilning í 27. gr. skipulags- og byggingarlaga að aðeins þurfi að leita framkvæmdaleyfis ef skógræktar- og landgræðslufrámkvæmdir eru ekki í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum.</p>	<p>Í auglýstu aðalskipulagi eru ekki ákvæði um að skógrækt í Dalvíkurbyggð sé háð framkvæmdaleyfi. Athugasemdin gefur þó tilefni til orðalagsbreytingar á ákvæðum um skógrækt.</p> <p>Kafli 4.10.6, Breyttur texti, 1. setning 3. mgr.: Skógræktaráætlanir eru ekki framkvæmdaleyfis skyldar en skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til yfirferðar og samþykktar til þess að tryggja að þær verði í samræmi við stefnu sveitarstjórnar um skógrækt, náttúruvernd og minjavernd.</p> <p>Samsvarandi breyting verður gerð á skýringartexta á spássíu.</p> <p><b>Bæjarráð 25. 6.2009:</b></p> <p>Kafli 4.10.6. Breyttur texti, 1. setning 3. mgr.: Skógræktaráætlanir eru ekki framkvæmdaleyfis skyldar en skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til yfirferðar til að tryggja að þær séu í samræmi við stefnu sveitarstjórnar um skógrækt, náttúruvernd og minjavernd</p> <p>27. gr. skipulags- og byggingarlaga, 11. mgr.: Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.</p>



Efni (útdráttur)	Bókun
<p><b>11 Bréf dags. 20. maí 2009 frá Arngrími V. Baldurssyni.</b></p> <p>Bréfritara finnst hafa gætt mikillar tregðu í umhverfisráði Dalvíkurbyggðar í viðurkenningu á skógrækt.</p> <p>Hann bendir á að ekki sé lagaskylda til þess að leggja skógræktaráætlanir fyrir bæjarstjórn til samþykktar og sjaldgæft ef ekki einsdæmi að sveitarfélag hafi slík ákvæði í sínu aðalskipulagi. Ekkert finnst í lögum sem gefi tilefni til þessarar heftingar á athafnafrelsi fólks og þá sérstaklega landeigenda.</p> <p>Lagt er til að í staðinn fyrir að <i>skógræktaráætlanir skuli lagðar fram til samþykktar</i> komi að þær <i>skuli lagðar fram til kynningar</i>.</p>	<p>Sjá afgreiðslu 10. liðar.</p>
<p><b>12 Bréf dags. 19. maí 2009 frá Zophoníasi Jónmundssyni, Hrafnstöðum.</b></p> <p>Spurt er hvor ekki ætti að setja skálann á Böggvisstaðadal sem er fram við Kofa inn í kafla 4.11.1 um fjallaskála.</p>	<p>Skálinn færður inn á uppdrátt og í töflu í kafla 4.11.1.</p>
<p><b>13 Ódagsett bréf frá Þorsteini Hólmi Stefánssyni og Sævaldi J. Gunnarssyni f.h. Hestamannafélagsins Hringis.</b></p> <p>Óskað er eftir því að eftirfarandi breytingar á reiðvegakerfi verði færðar inn en með þeim telja þeir að betri tenging náist við reiðvegaskipulag áfram inn Eyjafjörð:</p> <p>13a „Gert verði ráð fyrir reiðvegi frá Hringsholti og niður að Árgerðisbrú neðan núverandi akvegum með afleggjara að Böggvisstöðum. Þetta mun hestamannafélagið útfæra í samstarfi við landeigendur.” Málið hefur verið rætt við landeiganda.</p> <p>13b „Gert verði ráð fyrir reiðvegi frá austanverðri Árgerðisbrú upp í Höfða að hitaveitulögn og með henni til suðurs að Þjóðvegi. Þar eftir fylgi hann Þjóðvegi skv. auglýstri tillögu að aðalskipulagi.”</p>	<p>Gert er ráð fyrir þessari reiðleið á skipulagsuppdrætti.</p> <p>Fallist er á tillögu bréfritara og viðkomandi reiðleiðum breytt á skipulagsuppdrætti.</p>

Efni (útdráttur)	Bókun
<p><b>14 Bréf dags. 19. maí 2009 frá Jóhanni Ólafssyni.</b></p> <p>Gerð er athugasemd við verndarsvæði Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar í landi Ytra-Hvarfs. Meðfylgjandi eru bréf sama efnis, sem send voru samvinnunefnd um svæðisskipulag Eyjafjarðar 2001.</p> <p>Ítrekað er að verndarsvæðið hafi verið sett án samráðs eða kynningar og vísað til 26. og 27 gr. vatnalaga frá 1923, sem í gildi voru þegar framkvæmdin átti sér stað.</p> <p>Bréfitari áskilur sér „allan lagalegan rétt varðandi hugsanlegar kvaðir, óhagræði og áhrif á verðmæti eigna verði verndarsvæðið staðfest í skipulagi án lagalegs undirbúnings.”</p>	<p>Með vísan til vatnalaga nr. 15/1923 og laga nr. 20/2006, er réttur sveitarfélags til þess að afmarka vatnsverndarsvæði ótvíræður. Bætur, sem landeigandi vill sækja vegna þeirra takmakana á landnýtingu, sem vatnsvernd hefur hugsanlega í för með sér, verður hann að fara með að lögformlegum leiðum.</p> <p>Að framansögðu er ekki ástæða til þess að breyta afmörkun vatnsverndarsvæða í aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar.</p> <p><b>Bæjarráð 25.6.2009:</b></p> <p>Við gerð aðalskipulags er skylt að fram komi hvar vatnsverndarsvæði eru. Það verndarsvæði sem um ræðir var til umfjöllunar hjá þar til bærnum yfirvöldum á árinu 1994 og var staðfest í svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998 - 2018. Með staðfestingu aðalskipulags fyrir Dalvíkurbyggð 2008 – 2020 er því ekki verið að taka nýjar ákvarðanir um vatnsverndarsvæði í Svarfaðardal.</p> <p>Fram hefur komið að verndarsvæðið hafi á sínum tíma verið sett án samráðs eða kynningar. Bæjarráð samþykkir að efna til samráðs við þá landeigendur sem eiga beinna hagsmuna að gæta vegna setningar verndarsvæðis sbr. 26. gr. og 27. gr. vatnalaga nr. 15/23.</p> <p>Sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs Dalvíkurbyggðar er falið að kalla til fundar með landeigendum svo fljótt sem verða má þar sem farið verði yfir stöðu málsins og framhald þess.</p>

Efni (útdráttur)	Bókun
<p><b>15 Ódagsett bréf frá Kjartani Gústafssyni, Birnunesi og Arnari Gústarfssyni, Brimnesi.</b></p> <p>15a Gerð er athugasemd við að land skuli takið undir frístundaíbúðarsvæði og búgarðabyggð norður af Selá. Um er að ræða ræktað land sem ábúendur Brimness og Birnunes hafa haft í fjölda ára. Vísað er í bréf Búnaðarsambands Eyjafjarðar um Selá og heyforða á jörðunum og áskorun Bændasamtakanna um að taka ekki ræktað land til annarra nota. Áformum um byggðina var mótmælt á kynningarfundum um aðalskipulagið en því ekki sinnt. Einnig er vísað í stefnu bæjarstjórnar um að gott landbúnaðarland verði notað til landbúnaðar.</p> <p>Spurt er hvort ekki sé betra að þetta þá byggð sem fyrir er en að bæta við fjórða þéttbýlinu.</p> <p>15b Spurt er hvort gert sé ráð fyrir verslun og þjónustu á Hauganesi og Árskógssandi.</p> <p>15c Harðlega er mótmælt iðnaðarsvæði við Fossbrún, sem nær norður í land Birnunes. Bréfritarar vilja hafa opið svæði til að geta komið sauðfé á afrétt eins og verið hefur frá fornu fari.</p>	<p>Ekki er um að ræða nein áform um frístundabyggð á svæðinu.</p> <p>Þrír kostir voru metnir þegar ákvörðun var tekin um legu svo nefndrar búgarðabyggðar við Hauganes. Í stað þess að hún yrði á núverandi túnnum við Selá eins og fyrstu hugmyndir sýndu, var henni valinn staður á óræktuðu landi norð-vestan Hauganes og var með því tekið mið af gagnrýni, sem fram kom á kynningarfundum um skipulagið. Ekki verður séð að byggðin muni skerða núverandi ræktarlönd eða nytjar.</p> <p>Byggðin er skilgreind sem landbúnaðarsvæði og verður hún ekki þéttbýli í þeim skilningi. Hún mun hins vegar njóta nálægðar við þorpinn og stofnanir sveitarfélagsins í Árskógi.</p> <p>Íbúðarsvæði 753-Íb á Hauganesi fer inn á tún Selár á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi Árskógshrepps 1991-2011. Minni háttar breyting er gerð á afmörkun svæðisins.</p> <p>Gert er ráð fyrir einu svæði fyrir verslun og þjónustu á Árskógssandi en engu á Hauganesi. Möguleikar eru á slíkum rekstri á íbúðarsvæðum staðanna sbr. eftirfarandi ákvæði skipulagsins um íbúðarsvæði:</p> <p>Þar [þ.e. á íbúðarsvæðum] má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.</p> <p>Athafnasvæði við Melbrún/Fossbrún (svæði 812-A) er óbreytt frá gildandi skipulagi Árskógshrepps 1991-2011.</p>

Efni (útdráttur)	Bókun
<p><b>16 Athugasemdir, sem fram komu á kynningarfundum um tillöguna 12. maí 2009.</b></p> <p>16a Lagt var til að í stað þess að byggja íbúðarbyggð á svæði 202-Íb yrði byggt til suðurs. Svæðið er helsta varpsvæði mófugla í grennd bæjarins sem mun hverfa með nýrri byggð.</p> <p>16b Gæta ber þess að byggingar neðan við bakkan (svæði 104 H-M og 105 M) verði ekki það háar að þær skerði útsýni yfir hafnarsvæðið, t.d. frá Ráðhúsinu séð.</p>	<p>Mófuglavarp er víðast hvar á óbyggðu landi umhverfis bæinn, t.d. í fólkvanginum í Böggvisstaðafjalli og utan Brimnesár þar sem fallið hefur verið frá frekari byggð. Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga. Sjá einnig lið 6.</p> <p>Byggingaskilmálar verða settir í deiliskipulagi, sem er í vinnslu. Um svæði 105-M segir m.a. í aðalskipulaginu: Svæðið er mikilvægt sem tenging miðbæjar við höfnina.</p>
<p><b>17 Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 17. apríl 2009</b></p> <p>17a Umhverfisstofnun tekur undir og bendir á hve mikilvægt er að gamlar skógarleifar, sem er að finna í Karlsárlandi norðan Dalvíkur og í Kóngsstaðahálsi í Skíðadal, skuli vera hverfisvernduð.</p> <p>17b Bent er á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000 er óheimilt að rækta erlendar tegundir í yfir 500 m hæð yfir sjávarmáli.</p> <p>17c Bent er á að leita þurfi umsagnar Veidimálastofnunar áður en áformað er að taka efni úr ám.</p> <p>Einnig er því komið á framfæri að varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki eru tilkynningarskyldar samkvæmt viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.</p> <p>17d Gerð er athugasemd við kaflaheitið „Takmörkun á landnotkun“.</p>	<p>Gefur ekki tilefni til ályktunar.</p> <p>Vísun í 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 verður sett inn í kafla 4.10.6.</p> <p>Bætt verði við 3. mgr. kafla 4.12 ákvæði um að leita þurfi umsagnar Veidimálastofnunar áður en áformað er að taka efni úr ám.</p> <p>Gefur ekki tilefni til ályktunar.</p>
<p><b>(18) Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, dags. 3.6.2009.</b></p> <p>„Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur kynnt sér tillögu að aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 og gerir ekki athugasemdir við tillöguna. Í tillögunni eru teknar inn ábendingar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra dags. 14.11.06.“</p>	<p>Bréfið barst eftir að athugasemdafresti lauk og lá ekki fyrir þegar Umhverfisráð fjallaði um þær athugasemdir, sem borist höfðu.</p>

Efni (útdráttur)	Bókun
<p><b>19 Bæjarráð 25.6.2009:</b>  <b>Rafbréf frá Siglingastofnun Íslands, dagsett 18. júní 2009, sem er síðbúin umsögn um aðalskipulagið.</b></p> <p>„Við yfirferð gagna á vefsíðu Dalvíkurbyggðar kom ekki fram neitt sem gefur tilefni til stórvæðilegra athugasemda af hálfu Siglingastofnunar.</p> <p>Það sem helst er staldrað við er að í kafla 2.1.6 segir að munur flóðs og fjöru sé aðeins um 1,2 m og því séu litlar líkur á að sjávarflóð valdi usla.</p> <p>Bent er á að munur stórstraums flóðs og fjöru við Dalvík er heldur meiri eða 1,36 m. En ölduhæð getur orðið talsverð. Hönnunarálda (100 ára veður) við Dalvík og Árskógssand er um 2,5 m, ársaldan er nærri 2 m. Landbrot hefur verið vandamál við byggðina á Dalvík og Árskógssandi og sjóvarnargarðar byggðir þar til varnar. Hafa þarf þetta í huga við skipulag nýrrar byggðar og forðast að byggja of nálægt ströndu í Dalvíkurbyggð.</p> <p>Þá þarf að merkja inn á skipulag sjóvarnargarða sem eru til staðar og eins fyrirhugaða.”</p>	<p>Bæjarráð samþykkir að gerðar verði breytingar á texta í samræmi við ofangreinda athugasemd sem og teiknaðar verði inn á kort þær sjóvarnir sem hafa verið gerðar.</p>
<p><b>20 Bæjarráð 25.6.2009: Bréf dags. 21. júní 2009 frá Ferðafélagi Svarfdæla.</b></p> <p>Tekið fyrir erindi frá Ferðafélagi Svarfdæla, bréf dagsett þann 21. júní 2009, þar sem Stefán Hallgrímsson sækir um fyrir hönd félagsins að staðsetja fjallaskála á Reykjaheiði í landi Dalvíkurbyggðar. Áformuð staðsetning er við upptök Brimnesár í botni Böggvisstaðadals, við svo nefnda Mosa. Skálinn er um 10 m<sup>2</sup> að stærð.</p>	<p>Bæjarráð samþykkir að ofangreindur fjallaskáli fari inn á skipulagsupprátt.</p>
<p><b>21 Bréf dags. 8. júní 2009 frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.</b></p> <p>„Ráðuneytinu hafa borist gögn og tillögu er varðar Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2008-2020. Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við erindið.”</p>	<p>Bréfið barst eftir að athugasemdafresti lauk og lá ekki fyrir þegar Umhverfissráð fjallaði um þær athugasemdir, sem borist höfðu.</p> <p>Bréfið gefur ekki tilefni til bóknar. Ekki bókað sérstaklega í bæjarráði.</p>

**Annað.**

Svæði 401-S: Umhverfiráð leggur til að lóð hótels á svæði 401-S verði skilgreind sem svæði fyrir verslun og þjónustu merkt 409-V. Lit verði breytt á skipulagsupprætti og umfjöllun um lóðina bætt við kafla 4.6. Skipulagsákvæði: Hótel og ferðaþjónusta í nánnum tengslum við aðliggjandi stofnanasvæði.

**Leiðrétting.**

Rangur litur var á auglýstum skipulagsupprætti á svæði 704-V á Árskógssandi. Sýndur var litur fyrir stofnanasvæði en merking og flokkun var rétt (svæði fyrir verslun og þjónustu) sem er í samræmi við gildandi aðalskipulag. Leiðrétt á skipulagsupprætti.

## 12.5 SJÓVARNARGARÐAR, SKÝRINGARUPPDRETTIR

